

Taktu PISA-prófið
menntun **32**



Meik-nöfn
Íslendinga
frægð **34**



Nýt þess að hjálpa öðrum
hvunnagshetja **30**



spottið **12**



FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

24. mars 2012
71. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt vörðunarskránni Capacent Gallup álf - september 2011



Siðblindir hákarlar

Próttarinn Halldór Gylfason
leikur í verkinu Hótel
Volkswagen eftir Jón Gnarr.
leiklist **24**

Unnið að umbótum

Hvernig gengur umbóta-
vinnan sem byggir á til-
lögum þingmannanefndar?
stjórnmál **26**

Leitin að drauma- prinsinum

Hver er munurinn
á ástarsögu og
skvísuþók?
bækur **36**



3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Brúðkaup | Fólk | Allt atvinna



STÓRSÝNING UNDIRBÚIN

Gunnhildur Eva Gunnarsdóttir og Karl Friðrik Hjaltason æfa hlutverk svarta svansins Odile og þjóns hans undir stjórn Láru Stefánsdóttur, skólastjóra Listdansskóla Íslands. Í tilefni sextugsafmælis skólans verður Svanavatnið í Svartaskógi flutt í Borgarleikhúsinu á mánudag. „Þetta er viðamikil og flott uppfærsla sem allir nemendur skólans taka þátt í,“ segir Lára. **Sjá síðu 28**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gjaldtakan verður tvíþætt

Innheimta veiðigjalds af útgerðinni mun skiptast í grunnjald og afkomutengt gjald, samkvæmt frumvarpi um stjórn fiskveiða. Aukinn þorskafl gengur ekki hlutfallslega allur til kvótaeigenda eins og áður.

SJÁVARÚTVEGUR Núverandi veiðigjald á útgerðarfyrirtæki er hugsað sem grunnjald í frumvarpi Steingrims J. Sigfússonar, sjávarútvegsráðherra, um stjórn fiskveiða en til viðbótar kemur afkomutengt gjald eða auðlindarenta. Afkomutengda gjaldið getur tekið riflega af tekjum útgerðar í góðari en verður ekkert þegar afkoman er slök. Í árferði eins og nú er gæti þessi tvískipta gjaldtaka gefið um 15 milljarða í ríkissjóð, töluvert meira en það sem

veiðigjaldið gefur af sér í dag.

Frumvarp Steingrims gerir ráð fyrir tvískiptu fiskveiðistjórnunarkerfi. Annars vegar er svokallað nýtingarleyfi sem ríkið gefur útgerð að uppfylltum vissum skilyrðum. Ekki er gerður samningur á milli útgerðar og ríkis eins og lengi hefur verið í umræðunni. Svo virðist sem þarna sé komið til móts við sjónarmið um þjóðareign á auðlindum; að ekki sé um eignarmyndun að ræða. Hinn hluti fiskveiðistjórnunar-

202 þúsund tonn af þorski fá útgerðir eins og áður. Kvóti umfram það skiptist á milli útgerða (60%) og leigupotts (40%).

kerfisins er opinn leigumarkaður með aflaheimildir, strandveiðar, byggðakvóta sem gefur mjög eftir í frumvarpinu og línuviltun.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun aukning aflaheimilda í þorski umfram 202 þúsund tonn skiptast á milli útgerða (60%) og leigupotts (40%). Öll viðskipti með aflaheimildir munu fara fram um kvótapijpi.

Enn er togast á um einstök atriði milli stjórnarflokkanna; hlutfall afla í leigupotti og hvernig farið verður með aflaheimildir í nýjum tegundum eins og makríl, svo dæmi séu nefnd.

- shá, kóp / sjá síðu 6

Kringlan

Ferming
-HVERGI MEIRA ÚRVAL!

Opið 10-18

VORHÁTÍÐ

Vindáshlið
Vatnaskógur
Hólavátn
Kaldársel Ölver

KFUM KFUM

Vorhátíð og skráning í dag kl. 12 www.kfum.is

Yfir 25 glæsilegir vinningar

Fermingar leikur

epli.is

Nánari upplýsingar á smaralind.is

Smáralind



Tómas, verður þetta ekki að vera alveg hárnákvæmt hjá rakaranum?

„Alveg hárrétt, annars förum við í hársaman.“

Tómas Hliðarsson vekur víða athygli fyrir þann nýstárlega síð að raka mynstur í hársitt.

Talið í kjöri til biskups:

Kosið aftur á milli Agnesar og Sigurðar

ÞJÓÐKIRKJAN Agnes M. Sigurðardóttir, sóknarprestur í Bolungarvík, og Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Nes-kirkju, fengu flest atkvæði í kjöri til biskups. Talið var í gær.

Par sem enginn fékk meira en helming atkvæða þarf að kjósa aftur á milli Agnesar og Sigurðar. Það verður gert í byrjun apríl.

Agnes varð efst í kjörinu með 131 atkvæði, Sigurður næstur með 120 atkvæði og á eftir þeim komu Sigríður Guðmarsdóttir með 76 atkvæði, Örn Bárður Jónsson með 49, Kristján Valur Ingólfsson með 37, Gunnar Sigurjónsson með 33, Þórhallur Heimisson með 27 atkvæði og síðastur varð Þórir Jökull Þorsteinsson með tvö atkvæði. Kjorsókn var 95 prósent.



AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR



SR. SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON

Vitinn á Breið á Akranesi:

Opna vitann fyrir almenning

FÓLK Vitinn á Breiðinni á Akranesi verður opin almenningi í dag. Tilraunir verða gerðar með opnun vitans fyrir ferðamenn á laugardögum á næstunni.

Hægt verður að fara upp í vitann og njóta útsýnisins.

Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni hafa borist hótanir:

Lífverðir gæta tveggja ráðherra

LÖGREGLUMÁL Lögreglumenn frá embætti Ríkislögreglustjóra fylgja nú ráðherrunum Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni hvert fótmál. Þá eru heimili þeirra vöktuð allan sólarhringinn.

Ástæðan er sú að ráðherrunum hafa borist hótanir, að því er fram kom í fréttum RÚV í gær.

Öryggisgæsla mun einnig hafa verið aukin í kringum Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, en henni fylgja þó ekki lögreglumenn.

Ekkert þeirra þriggja vildi tjá sig um málið við fjölmiðla í gær



ÖGMUNDUR JÓNASSON

umfram það að þau fylgdu fyrirmælum lögreglu í þessum efnun.

„Mér þætti betra að ræða þetta mál ekki við fjölmiðla, fjölskyldu minnar vegna og margra annarra,“ sagði Steingrímur á tröppum stjórnarráðshússins.

„Lögreglan hefur passað vel upp á mig, eins og hún vonandi gerir

upp á okkur öll,“ sagði Ögmundur Jónasson, sem er ráðherra lögreglu- og dómsmála, og kvaðst ekki vita hvort aðgerðirnar tengdust skipulögðum glæpagengjum.

„Dú verður bara að spyrja lögregluna,“ sagði Ögmundur.

„Lögreglan hefur fullkomlega með þetta að gera og við skiptum okkur ekkert af þessu máli. Við hlýðum því sem þeir segja í hvívetna.“ Ríkislögreglustjóri vildi hins vegar engar upplýsingar veita um málið og sagði það aldrei gert í málum sem þessum.

- sh

SP um stríðið í Sri Lanka:

Vilja sjá stríðs-glæparannsókn

GENF. AP Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna hvatti stjórnvöld í Sri Lanka í gær til að rannsaka að fullu meinta stríðsglæpi á meðan borgarastyrjöld stóð í landinu.

Stjórnarherinn og aðskilnaðarsinnar Tamiltígra bárust á bana-spjótum í 26 ár fram að fulln- aðarsigri stjórnvalda árið 2009. Rannsaka á glæpi hjá báðum hinna stríðandi fylkinga.

Stjórnvöld í Sri Lanka brugðust ókvæða við tilmælunum, sem þeir sögðu vera afskipti af innan- ríkismálum þeirra.

- þj

Lárus og Guðmundur tapa:

Upptökur af yfirheyrslum ekki afhentar

DÓMSMÁL Dómari hafnaði í gær kröfu Lárusar Welding og Guðmundar Hjaltasonar um að þeir fengju afhenta geisladiska með hljóð- og myndupptökum af skýrslum sem þeir gáfu hjá sérstökum saksóknara við rannsókn á tíu milljarða lánveitingu Glitnis til Milestone. Niðurstaðan verður kærð til Hæstaréttar.

Lárus, sem var forstjóri Glitnis, og Guðmundur, sem var yfir fyrirtækisviði hans, eru ákærðir fyrir umboðssvik við lánveitinguna.

Þeim hafði verið veittur frestur þar til í gær til að skila greinargerðum í málinu en það gerðu þeir þó ekki í gær. Búist er við að boðað verði til annars þinghalds fljótlega þar sem greinargerðunum verður skilað.

- sh

Úraræningi í varðhaldi:

Vísar mestri sök á bílstjóran

DÓMSMÁL Einn þriggja pólskra manna sem réðst inn í verslun úrsmíðsins Franks Michelsen á Laugavegi í október og rændi þaðan 49 úrum hefur játað verknaðinn. Hann situr nú í varðhaldi eftir að hafa verið handtekinn í Sviss og framseldur til Íslands.

Einn hefur þegar verið dæmdur í fimm ára fangelsi vegna málsins. Sá kom aldrei inn í verslunina heldur ók mönnum þremur og ætlaði að flytja úrin úr landi falin í bíl. Hann sagðist bara hafa hlýtt skipunum.

Sá framseldi hefur aðra sögu að segja. Hann vísar ábyrgð á skipulagningu ránsins að nær öllu leyti á bílstjóran.

Þriðji ræninginn er í haldi í Sviss vegna þarlendrar lögreglu- rannsóknar og þess fjórða er leit- að í Póllandi.

- sh

Regnhlífarlög sett um fjármálamarkað

Stöðugleikaráð skipað æðstu mönnum, með víðtækar heimildir til gagnaöflunar og inngrípa, er meðal hugmynda sem settar eru fram í nýrri skýrslu um framtíð íslensks fjármálakerfis. Von er á frumvörpum til lagabreytinga á haustþingi.

EFNAHAGSMÁL Frumvarp að eins konar regnhlífarlögum fyrir alla fjármálastarfsemi landsins verður lagt fram á þingi í haust, ef hugmyndir sem settar eru fram í nýrri skýrslu um framtíðarskipan fjármálakerfisins verða að veruleika.

Tilgangurinn með slíkri ramma- löggjöf væri að samþætta reglur um banka, verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóði og opinbera lána- sjóði á borð við Íbúðalánasjóð, og tryggja þannig að í grundvallar- atriðum gildi sambærilegar reglur um alla þá starfsemi, og jafnframt að kveða með skýrum hætti á um verkaskiptingu opinberra stofnana og hvar ábyrgðin liggur á eftirliti með stöðugleika fjármálakerfisins í heild sinni.

Hluti af slíkri löggjöf væri sérstakt stöðugleikaráð undir forystu efnahags- og viðskiptaráðherra. Fyrirmyndin að því yrði samráðs- hópur Seðlabankans um fjármála- stöðugleika, sem starfaði árin fyrir hrún, en stöðugleikaráðið hefði þó mun víðtækari heimildir til upplýs- ingaöflunar og inngrípa.

Hugmyndin sem sett er fram í skýrslunni er að í ráðinu sætu einn- ig fjármála- og velferðaráðherra, Seðlabankastjóri og forstjórar Fjármála- og Samkeppniseftirlits.

Árni Páll Árnason, þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, setti vinnu við skýrsluna af stað í fyrrahaust og núverandi ráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, kynnti hana til sögunnar í gær.

Á fundinum áréttaði Steingrímur að í skýrslunni væri ekki að finna beinar tillögur heldur fremur hugmyndir að leiðum sem hægt væri að fara til að koma í veg fyrir að sams konar ástand skapaðist



VIÐAMIKIL SAMANTEKT Í skýrslunni, sem er rúmar hundrað blaðsíður, er farið yfir orsakir þess ástands sem hér skapaðist fyrir hrún og í hrúninu, og hvaða leiðir eru færar til að koma í veg fyrir það.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pað verður ekki undan því vikist að taka þetta allt til endurskoðunar.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

aftur á íslenskum fjármálamarkaði og það sem leiddi til hrunsins 2008.

„Það verður ekki undan því vikist að taka þetta allt til endurskoðunar,“ sagði Steingrímur á fundinum í gær.

Steingrímur hefur þess vegna skipað sérfræðingahóp sem ætlað er að fara yfir skýrsluna og skila

tillögum um breytingar á lagaum- gjörð fjármálamarkaðarinnar fyrir haustið.

Í hópnum sitja Jón Sigurðsson, fyrrverandi stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, sem einnig hafði veg og vanda af skýrslugerð- inni, Gavin Bingham, fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá BIS-bank- anum í Basel, og Kaarlo Jännäri, fyrrverandi forstjóri finnska fjár- máláeftirlitsins.

Jafnframt kom fram í máli Stein- gríms að meðal þess sem yrði skoð- að sérstaklega væri aðskilnaður viðskipta- og fjárfestingarbanka- þjónustu, sem flest rök hnigu að, og staða innistæðutryggingakerfisins.

stigur@frettabladid.is

Lögreglustjóri og saksóknari vikja úr embætti í Flórída vegna dráps á unglingspilti: Obama vill láta rannsaka málið til hlítar

BANDARÍKIN „Ef ég ætti son, þá myndi hann líta út eins og Trayvon,“ sagði Barack Obama Bandaríkjafor- seti í gær. Þar með blandaði hann sér í umræðu um mikil hitamál í Bandaríkjunum, sem snýst um dráp á þeldökkum unglingspilti í bænum Sanford í Flórída í síðasta mánuði.

Trayvon Martin heitir sá og hafði skroppið út í sjoppu þegar hvítur maður skaut hann, að því er virð- ist að tilefnislausu.

Byssumaðurinn heitir George Zimmerman. Hann var á eftirlitsferð um hverfið á vegum nágrannagæslu þegar hann kom auga á Martin og hóf að elta hann, að sögn af því honum þótti hann grunsamlegur. Innan tíðar kom til átaka milli þeirra og þá dró Zimmerman upp byssu sína með fyrrgreindum afleiðingum.

Zimmermann sagðist hafa gert þetta í sjálfsvörn og lögreglan lét þá útskýringu duga, en almenningur brást ókvæða við og hefur efnt til ýmiss konar mót- mæla.

„Ég held að allir foreldrar í Bandaríkjunum ættu að geta skilið hvers vegna það skiptir öllu máli að við rannsökum allar hliðar þessa máls,“ segir Obama.

Tveir embættismenn í Sanford hafa nú vikið úr



BILL LEE Lögreglustjórinn í Sanford vikur úr embætti tíma- bundið meðan málið er rannsakað.

NORDICPHOTOS/AFP

embætti tímabundið meðan málið er til rannsóknar, þeir Bill Lee lögreglustjóri og Norman Wolfinger sak- sóknari.

„Ég geri þetta í von um að skapa einhvers konar kyrró í þessari borg, sem hefur verið í uppnámi í fleiri vikur,“ sagði Lee þegar hann tilkynnti um brott- hvarf sitt.

- gb

Opinn fundur í Evrópustofu:

Formennska Dana í ESB

Sendiherra Danmerkur, Søren Haslund, ræðir áherslur Dana í formennsku fyrir Evrópusambandið á opnum fundi í Evrópustofu, mánudaginn 26. mars kl. 17:00-18:00.

Auk þess mun sendiherrann deila persónulegrí reynslu sinni af þátttöku í öllum sjö formennskutiðum Dana í ESB.

Erindið fer fram á ensku.

Allir velkomnir!

Evrópustofa

Upplýsingamiðstöð ESB

Suðurgötu 10 | 101 Reykjavík | Sími 527 5700 | evropustofa.is


NÝTT UPPHAF!

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

FRAMLENGJUM
GILDISTÍMA
ÁVÍSUNARINNAR
TIL 1. APRÍL!

Í tilefni af sameiningu Húsasmiðjunnar og Bygma sendum við gjöf inn á öll íslensk heimili. Ávísun sem gildir í öllum verslunum **Húsasmiðjunnar og Blómavals** frá 21. mars til 1. apríl sem 3.000 króna innborgun ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira.



	Kr. 3.000,-
Greiðð gegn tækka þessum	<i>Handhafa</i>
Krónur:	<i>Þrjúþúsund 00/100</i>
	<i>Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira.</i>
Reykjavík,	<i>15. mars 2012 Húsasmiðjan og Blómaval</i>
<small>Ávísunin gildir sem 3.000 kr. innborgun í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals, frá miðvikudeginum 21. mars til sunnudagsins 25. mars 2012, ef keypt er fyrir 10.000 kr. eða meira. Ávísunin gildir eingöngu þegar verslað er með kreditkort eða í staðgreiðslu en ekki í reikningsviðskiptum.</small>	
<small>Téknr.</small>	<small>Fl. Banki-Hb</small>










Sameining Húsasmiðjunnar og Bygma markar nýtt upphaf á íslenskum byggingavörumarkaði. Bygma er danskt fjölskyldufyrirtæki sem er eitt stærsta byggingavörufyrirtæki Norðurlanda, með um 100 verslanir í Danmörku, Svíþjóð, Færeyjum og nú á Íslandi. Það eru spennandi tímar framundan í Húsasmiðjunni þar sem Íslendingar hafa fengið allt frá grunni að góðu heimili síðan 1956.



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

GENGIÐ 23.03.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
 Bandaríkjadalur	125,78	126,38
 Sterlingspund	199,50	200,46
 Evra	166,57	167,51
 Dönsk króna	22,399	22,531
 Norsk króna	21,811	21,939
 Sænsk króna	18,649	18,759
 Japanskt jen	1,5206	1,5294

SDR 193,94 195,10

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,2156

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Iðgjöldin duga ekki:

Úttekt gerð á eftirlaunasjóði

SVEITARSTJÓRNIR Stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðar ætlar að láta gera úttekt á orsökum þeirrar stöðu sem sjóðurinn er í. Það er gert í ljósi umræðu um ábyrgð stjórnarmanna á lífeyrisskuldbindingum vegna ESH.

Tryggingastærðfræðingur á að meta hver sé tilurð skuldbindingarinnar, skipt eftir tímabilum frá stofnun sjóðsins og hve stóran hluta hennar megi rekja til þeirrar staðreyndar að iðgjöld standi ekki undir réttindum og hve stóran hluta má rekja til ákvarðana sjóðsstjórnar á hverjum tíma. Þó ekki geti orðið um nákvæma útreikninga að ræða er mikilvægt að dregin verði upp heildarmynd af skuldbindingunum. Fulltrúar allra flokka í bæjarráði segjast fagna úttektinni. - gar

Sérstök keppni í Hlíðarfjalli: Slökkvilið etja kappi á skíðum

ÍPRÓTTIR Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar munu etja kappi í slöngusvígi í Hlíðarfjalli í dag. Slökkviliðsmennirnir munu renna sér niður brekkurnar í slökkviliðsbúningi og halda á brunaslöngu á milli sín.

Þá hefur færibandalyfta fyrir börn verið lengd úr 42 metrum í 63 metra. Á fimmtudag vígdu nemendur í Síðuskóla þessa lengri lyftu, en það var hópurinn Vinir Hlíðarfjalls sem styrkti lengingu lyftunnar. - þeb

LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var farið rangt með upphæð láns sem Seðlabanki Íslands veitti Kaupþingi 6. október 2008. Hið rétta er að lánið nam 500 milljónum evra.

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga vill fara varlega í yfirfærslu verkefna:

Stefnir í þriðja stjórnarsýslustigið

SVEITASTJÓRNARMÁL Aukið hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga í tengslum við yfirtöku verkefna frá ríkinu stefnir í að upp byggist þriðja stjórnarsýslustigið á Íslandi, sagði Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, á landsþingi sambandsins á föstudag.

Halldór benti á að við yfirfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga hafi verið miðað við að hvert þjónustusvæði væri með að lágmarki 8.000 íbúa. Aðeins sjö af 75 sveit-

HALLDÓR
HALLDÓRSSON

arfélögum uppfylli það skilyrði. Því hafi sveitarfélögin þurft að taka upp samstarf í þessum málaflokki. „Ef það sama mun verða reyndin þegar þjónusta við aldrað fólk, og hugsanlega heilsugæsla einnig, verður tekin yfir af sveitarfélögum má segja

að einhvers konar þriðja stjórnarsýslustig geti verið að myndast hér á landi.“ sagði Halldór í erindi sínu. Hann sagði mikilvægt að vanda til flutnings verkefna og ætla rúman tíma til þess.

„Við verðum að ræða þann lýðræðishalla sem mun eiga sér stað ef aukin verkefni og ábyrgð flytjast til byggðasamlaga eða landshlutasamtaka sem ekki bera beina ábyrgð gagnvart íbúnum þar sem þeir koma ekki að beinni kosningu í stjórnir slíkra samstarfsverkefna.“ - bj

Einar „Boom“ hringdi í DV:

Segist hættur í Hells Angels

LÖGREGLUMÁL Einar Marteinsson segist vera hættur í vélhólasmotókunum Hells Angels. Hann hefur verið leiðtogi samtakanna síðan þau voru formlega stofnuð hér á landi í fyrra.

DV greindi frá því í gær að Einar hafi hringt úr gæsluvarðhaldi á ritstjórn blaðsins og sagt: „Ég er hættur í Hells Angels. Ég ætla ekkert að ræða það frekar, en ég er hættur og þetta er staðfest.“ Hann hefur verið í haldi undanfarið vegna gruns um aðild að grófri líkamsárás í Hafnarfirði.

Perlan verði Náttúruperlan

Hæstbjóðendur vilja reisa 3.500 fermetra viðbyggingu við Perluna fyrir Náttúrugripasafnið. Gert er ráð fyrir 1.500 fermetra viðbyggingu undir heilsulind. Kaupréttur rennur út eftir viku og óvíst með framhald.

SKIPULAGSMÁL Hópur fjárfesta sem bauð hæst í Perluna í útboði Orkuveitunnar hefur óskað eftir afstöðu skipulagsráðs til tillögu sem felur í sér tvær viðbyggingar við húsið sem bera muni nafnið Náttúruperlan.

Tillagan gerir ráð fyrir að byggð verði nýbygging norðan megin við núverandi byggingu sem verði að hluta til neðanjarðar og muni hýsa Náttúrugripasafni Íslands og aðra tengda safnastarfsemi sem tengist íslenskri náttúru. Einnig gerir tillagan ráð fyrir að byggð verði nýbygging undir heilsulind vestan megin við núverandi byggingu í tengslum við útilaugar sem myndu umlykja núverandi byggingar,“ segir í erindi Freys Frostasonar arkitekts fyrir hönd Garðars K. Vilhjálmssonar, sem fer fyrir hæstbjóðendum.

Fram kemur að nýbyggingin undir Náttúrugripasafnið eigi að vera 3.500 fermetrar norðan megin við Perluna og viðbyggingin fyrir heilsulindina 1.500 fermetrar við Perluna vestanverða. Byggingarnar eiga að vera lágreiðar og falla sem best að landslaginu. Þá verði möguleiki að bæta 1.500 fermetrum við gólfhlötu Perlunnar sjálfar með þremur millilöftum.

„Samkvæmt tillögunni mun

núverandi hús Perlunnar nýtast sem aðkoma að heilsulind og náttúrugripasafni. Veitingaaðstaða mun einnig vera áfram á efri hæðum núverandi húss ásamt aðstöðu fyrir þjónustu og verslun fyrir ferðamenn 1. hæð,“ segir í erindinu.

Eins og kunnugt er voru Garðar og félagar hæstbjóðendur í söluútbóði Orkuveitunnar með 1.688,8 milljóna króna tilboði. Orkuveitan gaf þeim frest til 31. mars til að gera hagkvæmniathugun sem meðal annars felur í sér auknið byggingarmagn og breytta lóðarnýtingu við Perluna. Aðeins vika er þar til fresturinn rennur út. Skipulagsráð borgarinnar fundar í næstu viku og tekur þá væntanlega fyrirspurn Garðars fyrir. Alls óvíst er að hún fái jákvæðar undirtekið strax í fyrstu umferð.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, segir að engin beiðni hafi borist frá hæstbjóðanda um að fresturinn verði framlengdur. „Ég held að það sé ekkert útilokað en stjórn Orkuveitunnar mun væntanlega taka ákvörðun um framhaldið þegar fresturinn er úti. Þangað til er boltinn hjá hæstbjóðanda,“ svarar Eiríkur aðspurð hvort til greina komi að lengja frestinn.

gar@frettabladid.is



ÚR LOFTI Meðal breytinga sem óskað er eftir er bygging heilsulindar með laugum og stór viðbygging undir Náttúrugripasafni Íslands. MYNDIR/FREYR FROSTASON - THG ARKITEKTAR



„NÁTTÚRUPERLAN“ Hæstbjóðendur í útboði Orkuveitunnar segjast vilja styrkja stöðu Perlunnar sem viðkomustað ferðamanna. Auka á möguleikana í útivist í Öskjuhlíð.

Fyrnist 31. maí 2012.
Gildir til 30/4.

50% AFSLÁTTUR
2mg - 2.662 kr. - 5.324 kr.
4mg - 3.723 kr. - 7.446 kr.
210 STK. PAKKNINGAR

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

Ópið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14 APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN


VEDURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

YLUR Jú það er mars! Bjartviðri á N- og A-verðu landinu í dag og hiti að 15 stigum. Strekkningur SV-til í dag en nokkuð hlýtt. Hlýtt áfram næstu daga en dregur fyrir og má búast við úrkomu a.m.k. S- og V-til.

Á MORGUN
8-13 m/s V-til
annars hægari

MÁNUDAGUR
Vaxandi S-átt V-til.



HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	19°
Berlín	18°
Billund	14°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	21°
London	18°
Mallorca	18°
New York	15°
Orlando	29°
Ósló	14°
París	20°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	13°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

41

Nr. 41: Ný jafnréttisstefna

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU



Frá kynningu jafnréttisstefnu Landsbankans.
Þórdís Sif Sigurðardóttir lögfræðingur Fyrirtækjabanka.

Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.

Landsbankinn setur sér nýja jafnréttisstefnu

Ný og endurskoðuð jafnréttisstefna hefur tekið gildi í Landsbankanum. Stefnan byggist á þeirri grundvallarhugsun að konur og karlar séu metin á eigin verðleikum og hafi jafna möguleika og sömu réttindi í starfi. Jafnréttisstefnan er órofa hluti af starfsmannastefnu bankans.

Kynjahlutfall og launamunur kynjanna í stjórnunarstöðum

	Konur	Karlar	Laun kvenna sem hlutfall af launum karla
Framkvæmdastjórn	50%	50%	100%
Forstöðumenn	30%	70%	97%
Deildarstjórn	63%	37%	97%
Útibússtjórn	25%	75%	105%

Ný jafnréttisstefna

Megináherslur Landsbankans í jafnréttismálum eru í sex liðum og í stefnunni er aðgerðaáætlun um hvernig ná skal markmiðum hennar. Í stefnunni segir að karlar og konur eigi að hafa jafna möguleika til starfa og stjórnarsetu. Þá skuli stefnt að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna og tiltekin störf skuli ekki flokkast sem karla- eða kvennastörf.

Í stefnunni er kveðið á um að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og þau fái sömu kjör fyrir jafn verðmæt störf, að starfsmenn geti samræmt vinnu og einkalíf og að starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu. Loks segir í stefnunni að Landsbankinn líði hvorki einelti, fordóma né kynbundna eða kynferðislega áreitni.

Góð áhrif á reksturinn

Það er mat stjórnenda að jafnræði á vinnustaðnum hafi bein jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins. Með nýrri jafnréttisstefnu vill bankinn leggja áherslu á að forsenda fyrir framúrskarandi árangri og öflugri liðsheild á vinnustað sé að starfsfólk eigi jafna möguleika og sömu réttindi í starfi.





Er það þín tilfinning að dregið hafi úr einelti á Íslandi?

Já	30%
Nei	70%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú notað spjaldtölvu?

Segðu skoðun þína á Vísir.is.



PIP-púðar sem fjarlægðir voru úr konum á Landspítalanum háskólasjúkrahúsi voru komnir í mauk:

Konurnar hafa ekki allar efni á aðgerð

HEILBRIGÐISMÁL Ekki hafa allar þær konur sem eru með PIP-púða í brjóstum sínum efni á því að láta fjarlægja púðana á Landspítalanum. Þetta segir Saga Ýrr Jónsdóttir, lögfræðingur kvennanna.

Þrátt fyrir að ríkið komi til móts við konur sem vilja láta fjarlægja púðana úr brjóstum sínum, þurfa þær samt aður að greiða lágmarksgjald fyrir aðgerðina, sem er 30 þúsund krónur.


„Svo er maður hræddur um konurnar sem eru með púða en þora ekki að láta fjarlægja þá vegna þess að þær vilja ekki enda brjóstalausar. Þær hafa einfaldlega ekki efni á því að fá nýja púða,“ segir Saga. Eins og fram hefur komið verða

nýir púðar ekki settir í konurnar í sömu aðgerð, þó þær greiði sjálfar fyrir þá.


Búið er að fjarlægja PIP-púða úr ellefu konum á Landspítalanum og eru áætlaðar fleiri aðgerðir út næsta mánuð. Sumir púðarnir eru komnir í mauk og hafa aðgerðirnar reynst mun umfangsmeiri en búist var við í fyrstu, að sögn Sögu.

„Það eru mjög slæm tilvik,“ segir Saga. „En sem betur fer eru þeir ekki allir svona slæmir.“

Henni finnst líklegt að fleiri tugir kvenna muni fara í formlega lögsókn á hendur Jens Kjartanssyni lýtalækni, sem bæði flutti inn PIP-púðana og setti þá í konurnar, þegar aðgerðunum lýkur. - sv



PIP FJARLÆGÐUR Á LANDSPÍTALANUM Saga Ýrr lýsir sumum púðunum sem teknir voru úr brjóstum kvennanna á LSH eins og appelsínurarmelaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Á LÖBNU Góð afkoma útgerðanna mun skila auknum tekjum í ríkissjóð en núverandi veiðigjald mun kosta grunnþjónustu eins og hafrannsóknir og fleira. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Óljóst með makrílinn

Gjaldtaka á sjávarútveginn verður tvíþætt samkvæmt nýju frumvarpi um stjórn fiskveiða. Handhafar kvóta fá nýtingarleyfi, ekki samning við ríkið. Þorskafla umfram 202 þúsund tonn verður skipt milli útgerða og leigupotts.

SJÁVARÚTVEGUR Sátt er að nást um nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða en frumvarp Steingríms J. Sigfússonar, sjávarútvegsráðherra, var rætt og samþykkt í ríkisstjórn í gær. Enn er togast á um einstök atriði milli stjórnarflokkanna; hlutfall afla í leigupotti og hvernig farið verður með aflaheimildir í nýjum tegundum eins og makríl.

Frumvarp Steingríms gerir ráð fyrir tvískiptu fiskveiðistjórnunarkerfi. Annars vegar er svokallað nýtingarleyfi þar sem ríkið gefur útgerð að uppfylltum vissum skilyrðum. Breytingin er að ekki er um samning milli ríkis og útgerðar að ræða eins og löngum var rætt um. Á grundvelli leyfanna, sem verða til tuttugu ára en uppsegjanleg eftir fimm ár, fá núverandi handhafar aflaheimilda leyfi til veiða á þeim kvóta sem þeir þegar hafa. Þegar nýtingarleyfið er runnið út verð-

ur það framlengt um eitt ár í senn, eftir því sem næst verður komist.

Hinn hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins er opinn leigumarkaður með aflaheimildir, strandveiðar, byggðakvóti og línuvillun. Leigumarkaðurinn, eða leigupotturinn, verður í upphafi um 20 þúsund tonn. Í þennan pott munu 40% af þorskaflamarki umfram 202 þúsund tonn renna, sem er grundvallarbreyting á skiptingu aukinna aflaheimilda. Potturinn er í raun hugsaður fyrir þá sem vilja inn í greinina en vantar kvóta. Þessi afl er utan við fyrirnefnd kerfi eins og strandveiðar, byggðakvóta og fleira.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er framsal aflaheimilda takmarkað verulega, en þó ekki með öllu bannað. Hins vegar er skýrt að þegar aflaheimildir losna eða þegar heimildir í einstökum tegundum verða auknar þá verða þær

aflaheimildir ekki framseljanlegar. Öll viðskipti með aflaheimildir fara í gegnum kvótaping, sem yrði opinber markaður undir Fiskistofu.

Hvað varðar hámarksafhlutdeild útgerða í einstökum tegundum verður hún 12% í þorski en hærri í öðrum tegundum samkvæmt heimildum.

Útgerð getur fært til heimildir á milli skipa innan ársins sem nemur allt að 20% sinna heimilda. Þessi réttur er háður veiði þannig að ekki er hægt að hefja fiskveiðiár með því að færa til afla. Þetta útilokar að handhafi aflaheimilda geti fengið og ráðstafað kvóta án þess að setja skip nokkurn tímann á flot, eins og brögð hafa verið að.

Frumvarpið er nú til umfjöllunar innan þingflokka stjórnarflokkanna og verður þá lagt fram á Alþingi.

svavar@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

DAGUR & NÓTT



LÍNAN

Bæjarlind 16 - Kópavogur - Sími 553 7100 - www.linan.is
opið mánudaga til föstudaga 12 - 18 laugardaga 11 - 16

Moody's fjallar um fyrir fram endurgreiðslu á AGS-lánum og þrengingu hafta:

Bætir horfur um láns hæfi ríkissjóðs

EFNAHAGSMÁL Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's birti í gær uppfært mat á láns hæfi ríkissjóðs. Í matinu kemur fram að fyrir fram endurgreiðsla ríkissjóðs og Seðlabankans á lánum frá Alþjóðagjaldveyrissjóðnum (AGS) og Norðurlöndunum hafi haft jákvæð áhrif á láns hæfi ríkissjóðs þótt einkunn þess sé ekki breytt.

Ríkissjóður og Seðlabankinn tilkynntu þann 16. mars síðastliðinn að til stæði að endurgreiða alls 116 milljarða króna af lánum frá AGS og Norðurlöndunum. Nemur sú upphæð um 20% þeirra lána sem tekin voru hjá þessum aðilum.

Í umsögn Moody's segir að endurgreiðslan geri endurgreiðsluferil stjórnvalda auðveldari viðfangs. Þá sparist um 10 milljarðar króna sem annars hefðu farið í vaxtagreiðslur.

Þá fjallaði Moody's um þrengingu gjaldeyrishaftanna sem Alþingi samþykkti þann 12. mars síðastliðinn. Segir Moody's aðgerðina endurspeglar hversu flókið það sé að viðhalda gjaldeyrishöftum. Fyrirtækið telur hana þó hafa verið nauðsynlega og segir trúðverðuleika afnámsáætlunar stjórnvalda hafa



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ Moody's kemst að þeirri niðurstöðu að fyrir fram endurgreiðsla á hluta lána frá AGS og Norðurlöndunum spari stjórnvöldum 10 milljarða króna í vaxtagreiðslur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

aukist við hana. Loks segir í umsögn fyrirtækisins að losun haftanna sé ógrandi viðfangsefni sem sé enn skammt á veg komið. - mþl

TAX FREE

ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

fimmtudag til sunnudags



SKÓAÐU ÞIG UPP!

skór á alla fjölskylduna



Gino Venturi®

DreamTeam

bullboxer

ecco®

aze

STUDIO
London

FILANTO

SKOPPA & SKRITLA

VIKING
Guaranteed waterproof footwear

m kids

Ella
SHOES

Duffy



true

REYKJAVÍK VÖNDLÖK
FOR



Waterland



Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 25. mars 2012.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Dvítamín
dropar fyrir börn

Þú getur nálgast LIVOL D-vítamín bækling á næstu heilsugæslu.



SÁRT SAKNAÐ Mæðgur leggja blóm við barnaskóla í Toulouse, þar sem þrjú börn og einn kennari létu lífið fyrir í mánuðinum.

NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan efast um tengsl við al Kaída

Forsætisráðherra Frakklands kemur lögreglunni til varnar. Engar vísbendingar um að Merah hafi fengið skipanir frá al Kaída. Fjölskylda tilræðismannsins höfð í gæsluvarðhaldi. Grunur beinist meðal annars að bróður hans.

FRAKKLAND Franska lögreglan segist ekki hafa neina ástæðu til að halda að Mohammed Merah hafi verið í sambandi við hryðjuverkasmötökin al Kaída, hvað þá fengið skipanir frá þeim, jafnvel þótt hann hafi fullyrt það sjálfur.

Hinn 23 ára gamli Merah féll fyrir byssukúlu leyniskyttu á fimmtudag, þegar sérsvið lögreglunnar réðst inn í íbúð hans í Toulouse í Frakklandi eftir meira en þrjátíu tíma umsátur. Hann hafði myrt sjö manns, þar af þrjú börn, í samtals þremur skotárásum á rúmlega viku.

Rannsókn lögreglunnar beinist meðal annars að því hvort hann hafi verið einn að verki. Helst beinist athyglin að eldri bróður hans, Abdelkader, sem er 29 ára, og svo að Olivier Corel, sem jafnan er nefndur „hvíti emírinn“ og er grunaður um að hafa reynt að fá

unga múslima í Frakklandi til liðs við málstað hryðjuverkamanna.

Abdelkader er í haldi lögreglunnar ásamt kærustu sinni. Móðir þeirra bræðra er einnig í gæsluvarðhaldi. Þeir bræður eru franskir ríkisborgarar, ættaðir frá Alsír, en foreldrar þeirra skildu fyrir nærri tuttugu árum.

Lögreglan útilokar ekki að Abdelkader hafi verið vitorðsmaður eða jafnvel sá sem atti yngri bróðurnum út í ódæðin. Í bifreið hans fundust vopn og sprengiefni.

Að sögn franskra fjölmiðla neitar hans hins vegar allri aðild að morðunum og haft er eftir rannsóknarmönnum að hann sé engan veginn jafn líklegur eða fús til ofbeldisverka og yngri bróðirinn.

Báðir tilheyrdu bræðurnir hreyfingu salafista, sem er strangtrúarhreyfing súnni-múslima, með mikla útbreiðslu á Arabíuskaga og

víðar. Lögreglan hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa ekki áttað sig á því sem Merah var með í undirbúningi þrátt fyrir að hafa fylgst lauslega með bræðrunum árum saman.

„Það telst ekkert lögbrot í sjálfu sér að vera í salafistahreyfingu,“ sagði Francois Fillon, forsætisráðherra Frakklands, og tók fram að lögreglan hefði ekki fundið neinar beinar vísbendingar um að hætta stafaði af Merah: „Við höfum engan rétt til þess að fylgjast stöðugt með einhverjum sem hefur enn ekki framið neinn glæp.“

Rob Wainwright, yfirmaður Evrópulögreglunnar Europol, segir hins vegar ljóst að hvort sem Merah hafi verið í beinum tengslum við al Kaída eða ekki, þá hafi verk hans greinilega sótt innblástur til al Kaída.

gudsteinn@frettabladid.is



KYNNINGARFUNDIR FYRIR VÆNTANLEGA LÍFEYRISÞEGA

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sínum til kynningarfundar í Reykjavík og á Akureyri um upphaf lífeyristöku. Fundunum er ætlað að gefa svör við helstu spurningum sem vakna um lífeyrismál þegar starfslok nálgast.

Til umfjöllunar verða:

- Ákvæði samþykktar sjóðsins um lífeyristöku.
- Atriði sem mestu ráða um hvenær sjóðfélagar ákveða að hefja töku lífeyris.
- Tengsl lífeyris frá sjóðnum við lífeyri almannatrygginga.
- Aðrar hagnýtar upplýsingar sem tengjast þessum tímamótum.

Fundarstaðir og tími

REYKJAVÍK: 27. mars, kl. 17.00 í Borgartúni 30.

AKUREYRI: 11. apríl, kl. 16.00 að Skipagötu 14, 4. hæð.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á fundinn í Reykjavík eigi síðar en mánudaginn 26. mars, í síma 510 5000 eða með því að senda tölvupóst á mottaka@lifeyrir.is, með upplýsingum um nafn, kennitölu og símanúmer.

Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is



Okkur vantar hreint og beint fólk

ISS óskar eftir flokkstjórum og almennu starfsfólki í ræstingar

Flokkstjóra á heilbrigðisstofnun vinnutími 8-16

Flokkstjóra vinnutími 8-16

Flokkstjóra vinnutími 8-13

Almenna starfsmenn á hótél 50-100% vinnu
Almenna starfsmenn dagvinnna 60-100% vinnu
Almenna starfsmenn kvöldin 25-75% vinnu

Umsækjendur verða að vera íslenskumælandi.

Vinsamlegast athugið að skila þarf inn ljósriti af sakavottorði frá heimalandi með umsóknunum.

Umsókn er hægt að fylla út á heimasíðu ISS, www.iss.is eða á skrifstofu ISS að Austurhrauni 7, 210 Garðabæ.

Nánari upplýsingar gefur starfsmannstjóri, [sigga@iss.is](mailto:siggah@iss.is)



ISS lífandi fyrirtæki



Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

BYLGJAN 989

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10-12



HYUNDAI

NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.



ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI FRUMSÝÐUM i30 Á FJÓRUM STÖÐUM Í DAG



Hyundai i30

Verð frá 3.190 þús. kr.

Eyðsla frá 4,1l/100km í blönduðum akstri.

CO₂ útblástur frá 109 g/km.

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur í dag milli kl. 12-16

BL ehf.

Sævarhöfða 2

Reykjavík

Bílahúsið

Njarðarbraut 1

Reykjanesbæ

Bílasalan Bílás

Smiðjuvöllum 17

Akranesi

Bílasala Akureyrar

Freyjunesi 2

Akureyri



KYNNTU ÞÉR 5 ÁRA ÁBYRGÐINA

Sölumenn okkar hafa alltaf tíma til að setjast niður með þér yfir rjúkandi bolla. Littu inn í kaffi og fáðu allar upplýsingar um þau fríðindi sem fylgja Hyundai 5 ára ábyrgðinni.



PIPARTEWA - SIA

-15 kr.

af lítranum í 10. hvert skipti sem þú dælir 25 lítrum eða meira með ÓB-lyklinum!

Sæktu um ÓB-lykil núna á ob.is.

FRÁBÆR FJÓLSKYLDU-STEMNING
í skemmtigörðunum Liseberg, Legoland og Lalandia

Skemmtu þér í Skandinavíu!

Við ætlum að vera mikið á ferðinni um Skandinavíu í sumar og verðum meðal annars í **Billund** og **Gautaborg** þar sem öll fjölskyldan getur haft það huggulegt. Settu upp sparibrosið og bókaðu flug til Gautaborgar eða Billund á www.icelandexpress.is

Verð frá

16.700 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum

Iceland Express -lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

Hemmi Gunn **BYLGJAN** 25 ÁRA 989
— og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjögur þáttur alla sunnudaga klukkan 16. Njótid vel.

Verkefni um sendiherra samnings SP um réttindi fatlaðs fólks hefur gengið vel:

Kynna réttindi fatlaðra um land allt

FÓLK Sjó einstaklingar hafa frá síðasta sumri gegnt stöðu sendiherra samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hér á landi og hafa gert viðreis.

„Við erum að kynna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um allt land. Við erum búin að fara á verndaða vinnustaði og erum nú að fara í framhaldsskólana og víðar,“ segir Þorvarður Karl Þorvarðarson, einn sendiherranna í samtali við Fréttablaðið. Þorvarður bætir því við að

starfið hafi verið skemmtilegt og gaman væri að kynna sendiherraverkefnið víðar.

Meginmarkmið verkefnisins, sem er samstarfsverkefni Fjölmennar og Þroskahjálpar, er að fræða Íslendinga um réttindi fatlaðs fólks og freista þess að breyta ímynd fatlaðra einstaklinga.

Samningur SP kveður á um að fatlað fólk njóti allra almennra mannréttinda, hvort sem um er að ræða efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, borgaraleg eða stjórnmálaleg.



SENDIHERRA Þorvarður Karl Þorvarðarson er einn sjó sendiherra samnings SP um réttindi fatlaðra. Hann segir verkefnið afar skemmtilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fullyrtu að lánið til Kaupþings væri traust

Davíð Oddsson, fyrrverandi Seðlabankastjóri, fullyrti að veð Kaupþings fyrir 500 milljón evra láni 2008 væru traust. Þau voru ekki rannsökuð. Stjórnarformaður Kaupþings sagði lánið öruggt. Seðlabankinn segir nú hluta lánsins munu tapast.

FRÉTTASKÝRING

Hvernig var láni Seðlabanka Íslands til Kaupþings háttað?

Seðlabanki Íslands lánaði Kaupþingi 500 milljón evrur, um 80 milljarða króna, 6. október 2008. Mikill flýttir var við afgreiðslu lánsins en með því átti að reyna að bjarga lausafjárþurrð Kaupþings. Nær allur gjaldeyrisvaraförði Seðlabankans fór í lánið, en Kaupþing féll engu að síður nokkrum dögum síðar.

Kaupþing lagði hlutabréf sín í danska bankanum FIH sem veð, en lán Seðlabankans var veitt til fjögurra daga.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, fullyrti í samtali við Kastljós 6. október 2008, sama dag og lánið var veitt, að hann gæti kinnroðalaust fullyrt að lánið væri öruggt.

Hann gæti því vel réttlætt „það að við höfum fengið þessa fyrirgreiðslu þar sem þetta er mjög öruggt lán. Vegna þess að við stöndum mjög vel og Seðlabankinn er öruggur um að fá þessa peninga til baka.“

Davíð Oddsson, sem þá var formaður bankastjórnar Seðlabankans, sagðist í sama þætti engar áhyggjur hafa þótt lánið fengist ekki greitt, því þá myndi „Seðlabankinn eignast mjög góðan banka í Danmörku, FIH.“

Premur dögum eftir veitingu lánsins féll Kaupþing og Seðlabankinn víðurkennir nú að hluti lánsins muni tapast. Hann hefur upplýst að ekki hafi unnist tími til að kanna stöðu Seðlabankans gagnvart fullnustu á veðunum. Þá hafi verklagsreglum ekki verið fylgt varðandi afgreiðslu lánsins, en öll meðferð þess og ákvarðanatöku hafi verið hjá æðstu stjórn bankans.

Seðlabankinn seldi hlut sinn í FIH í september 2010, ekki síst þar sem raunveruleg hætta var á því að dönsk stjórnvöld myndu taka hann yfir. Kaupverðið var 109 milljarðar króna, en aðeins 41



KAUPÞING Verklagsreglum Seðlabanka Íslands var ekki fylgt þegar bankinn lánaði Kaupþingi 500 milljónir evra 6. október 2008. Bankinn segir líklegt að hann muni tapa hluta lánsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SIGURÐUR EINARSSON

DAVÍÐ ODDSSON

“Vegna þess að við stöndum mjög vel og Seðlabankinn er öruggur um að fá þessa peninga til baka.”

SIGURÐUR EINARSSON,
ÞÁVERANDI STJÓRNAR-
FORMAÐUR KAUPÞINGS.

milljarður af þeim var staðgreiddur. Hann lánaði nýjum eigendum afganginn, um 68 milljarða króna, til loka ársins 2014. Það seljandalán ber enga vexti.

Helgi Hjörvar, formaður efna-

hags- og viðskiptanefndar Alþingis, spurði Seðlabankann út í málið á dögum. Í svari bankans kemur fram að aðstæður þennan dag í október hafi verið með þeim hætti að ekki hafi gefist tími til að fylgja verklagsreglum eftir. Davíð Oddsson hafi hins vegar verið í samskiptum við Geir H. Haarde um málið og upptaka af símtali þeirra sé til í bankanum.

Þá kemur fram að talsverð óvissa ríki um heimturnar á seljendaláninu sem veitt var við sölu á FIH-bankanum „ekki síst í ljósi ástands á alþjóðlegum fjármálamármörkuðum og efnahagslífi Danmerkur. Það verður ekki fyrr en á árinu 2016 sem endanlega getur legið fyrir hvert verðmæti seljendalánsins verður. Miðað við núverandi stöðu eru líkur á að hluti þess muni tapast.“

Seðlabankinn hefur því fengið 41 af þeim u.þ.b. 80 milljörðum króna, eða helminginn, til baka. Óvíst er með heimtur á hinum helmingnum.

kolbeinn@frettabladid.is

Rannsókn á hrossum í Hvalfirði sýndi veikindi vegna efnaskiptaröskunar:

Veikindi ekki vegna mengunar

UMHVERFISMÁL Veikindi hrossa á bænum Kúludalsá í Hvalfirði eru ekki af völdum mengunar iðjuveranna á Grundartanga, er niðurstaða rannsókna Matvælastofnunar og Tilraunastöðvarinnar á Keldum. Veikindi hrossanna má rekja til efnaskiptaröskunar.

Matvælastofnun barst þann 19. maí 2011 erindi frá ábúanda á Kúludalsá í Hvalfirði með ósk um rannsókn á veikindum hrossa á bænum með tilliti til mengandi efna frá

útblæstri iðjuveranna á Grundartanga. Rannsóknin fólst í skoðun á hrossunum, rannsóknir á líffærum þriggja hrossa frá Kúludalsá, skoðun á líffærum, þ.m.t. tönnum, vefjaskoðun á líffærum og röntgen-skoðun á hófum og leggjum. Þá var flúor mælt í beinvef og þungmálmur í lifur.

Niðurstöður þessara rannsókna gefa engar vísbendingar um að hrossin hafi orðið fyrir eitrun af völdum flúors eða þungmálma.

Í tilkynningu Matvælastofnunar segir að veikindin megi rekja til efnaskiptaröskunar og krónískrar hófsperru af þeim sökum. Hross sem hafa verið feit frá unga aldri og einkum þau sem safna fitu staðbundið í makka eru líklegust til að fá þessa röskun.

Hófsperra er sársaukafullur sjúkdómur sem með tímanum kemur niður á holdafari hrossa. Erfitt er að lækna sjúkdóminn eftir að hann hefur þróast.

- shá



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

HVITA HUSIDISIA - 11-1713

Aðeins 4,4 lítrar á hundraðið

Örfáir Kia cee'd á frábæru verði

Kia cee'd er öruggur, rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll, einstaklega sparneytinn og umhverfismildur, sem skilar sér í hagstæðu verði og fríum grænum bílastæðum í Reykjavík.

Tryggðu þér Kia cee'd á frábæru verði - aðeins örfáir bílar í boði!

Verð 3.620.777 kr. **Sértilboð 3.390.777 kr.**



Kia cee'd EX, 1,6 l, dísil, beinskiptur
16" álfelgur, loftkæling, hraðastillir (Cruise Control),
leðurklætt stýri og gírstangarhnúður, bluetooth o.fl.
Einnig fáanlegur sjálfskiptur.

Allt að **75% fjármögnun**

Opið í dag kl. 12-16



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Þú finnur „Kia Motors Ísland“
á Facebook

www.kia.is

Hafa Íslendingar efni á þróunaraðstoð?

Númer 14 og 171

Fyrr í vikunni afhenti Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fyrir hönd Íslendinga nýjan spítala í Monkey Bay í Malaví. Spítalinn hefur verið meira en áratug í byggingu og hefur þegar breytt heilbrigðisástandi til hins betra í 125.000 manna héraði sem hann þjónar. Meðal annars hefur dregið talsvert úr mæðra- og ungbarnadauða.

Fréttin af afhendingu spítalans var varla komin í loftið þegar Guðmundur Franklín Jónsson, formaður stjórnmalaflokksins Hægri grænna, skrifaði á vef DV: „Við erum að loka heilsugæslustöðvum, elliheimilum og sjúkrahúsum um allt land. Læknar og hjúkrunarfólk flýr í stórum stíl, og á meðan erum við að reisa spítala í Malaví – Þvílíkt rugl, en mjög passandi að þetta sé í Monkey Bay og Össur ætti að halda sig þar.“

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Já, hversu apalegt ætli ástandið sé á heilbrigðiskerfinu í Malaví? Það er eitt fátækasta ríki heims, númer 171 af 187 á þróunarlista Sameinuðu þjóðanna. Lífslíkur eru 43 ár. Mæðradauði er þúsund konur á hverjar 100.000 fæðingar. Áttunda hvert barn deyur áður en það nær fimm ára aldri. Meðal dánarorsaka eru vannæring, malaría og niðurgangur sem orsakast af lélegu drykkjarvatni. Fjórðungur þjóðarinnar hefur ekki aðgang að hreinu vatni. Æpandi skortur er á heilbrigðisstarfsfólki, heilsugæslustöðvum og spítölum.

Í menntakerfinu er ástandið ekki mikið skár. Fimmta hvert barn fær aldrei að fara í skóla. Helmingur kvenna og fjórðungur karla kann ekki að lesa. Skólana og kennarana vantar. Sum þorp búa svo vel að hafa kennara en af því að enginn er skólinn er kennt undir tré.

Ísland hefur vissulega þurft að draga saman seglin í einu dýrasta heilbrigðiskerfi í heimi. Þjónustan er samt áfram með því bezta sem gerist. Hér deyr heldur enginn af því að hann hefur ekki aðgang að hreinu vatni. Mæðra- og ungbarnadauði þekktist varla. Við sem búum í landi númer fjórtán á áður nefndum þróunarlista höfum það svo margfalt betra en fólkið í Malaví að við höfum vel efni á að hjálpa því, þótt í litlu sé. Við þurfum ekki bara að glápa á nafn á sjálfum okkur.

Á vegum Þróunarsamvinnustofnunar hafa verið reistir spítalar og heilsugæslustöðvar í Malaví, skólar byggðir og brunnar grafnir. Allt er þetta í smáum stíl, en hefur engu að síður bætt lífsgæði hundruða þúsunda manna og bjargað ófáum mannlífum. Þakklætið fyrir þessa aðstoð er ósvikið.

Það er rétt, sem djúphugull leiðtogi Hægri grænna segir, að Ísland getur ekki bjargað heiminum. En við getum lagt okkar af mörkum í viðleitni ríku landanna til að hjálpa þeim fátæku. Þar stöndum við okkur raunar miklu verr en flest nágrannalönd okkar, sem leggja áfram sitt af mörkum til þróunaraðstoðar þrátt fyrir niðurskurð útgjalda heima fyrir.

Okkur ber ekki eingöngu siðferðileg skylda til að hjálpa fátækustu ríkjum heims til sjálfshjálpar. Það eru beinhardir hagsmunir þróaðra ríkja að draga úr fátækt í þriðja heiminum og stuðla þannig að friði og stöðugleika, hefta uppgang öfgahreyfinga og koma í veg fyrir flóttamannvandamál. Þróunarsamvinna er þess vegna ekkert rugl, þótt slíkur málflutningur henti stundum til atkvæðaveiða.

Okkur ber ekki eingöngu siðferðileg skylda til að hjálpa fátækustu ríkjum heims til sjálfshjálpar. Það eru beinhardir hagsmunir þróaðra ríkja að draga úr fátækt í þriðja heiminum og stuðla þannig að friði og stöðugleika, hefta uppgang öfgahreyfinga og koma í veg fyrir flóttamannvandamál. Þróunarsamvinna er þess vegna ekkert rugl, þótt slíkur málflutningur henti stundum til atkvæðaveiða.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLÉL: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Spænskunám og sumarbúðir í Zafra á Spáni fyrir 14-18 ára ungmenni
23. júní – 14. júlí

Söguferðir og MUNDO - alþjóðleg ráðgjöf, bjóða ungmönnum upp á menntandi sumarbúðir í Zafra í 3 vikur í sumar.

Hugmyndafræðin byggir á hinum sjö venjum harðduglegra unglunga eftir Sean Covey. Krakkarnir læra: frumkvæði, skipuleggi fram í tímann, forgangsraði, setji sig í spor annarra, finni góða lausn fyrir báða aðila, vinni vel í hópi og hugsi vel um sig.

Að dvöl lokinni eiga krakkarnir að geta bjargað sé á spænsku.

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, vararæðismaður Spánar og spænskukennari mun halda utan um krakkana á meðan á dvölinni stendur.

Spænskunám fyrir hádegis en síðdegis er skipulagt félagsstarf svo sem íþróttir, sundlaugaferðir og skoðunarferðir, þ.á.m. til Mérida, Sevilla og á ströndina.

Skilyrði fyrir þátttöku er að snerta enga vímuefni af hvaða tagi sem er.

MUNDO
www.mundo.is

Verð er 340.000 ISK - Innifalið eru flugferðir, gisting og fæði allan tímann.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Jónsdóttir Njarðvík í síma 6914646 eða í tölvupósti: margret@mundo.is



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Talað upp í vindinn

Formenn Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins notuðu nýafstaðna flokksráðsfundi til að lýsa yfir því að kosningabaráttan væri hafin þó að meir en ár lifi af kjörtímabilinu.

Forsætisráðherrann hóf baráttuna með því að kalla eftir þjóðarsátt um upptöku evru og inngöngu í Evrópusambandið. Enginn annar forsætisráðherra hefur jafn oft og á jafn skömmum tíma kallað eftir þjóðarsátt um öll möguleg mál. Að sama skapi hefur enginn staðið jafn lengi í sömu sporum og talað upp í vindinn.

Formaður Sjálfstæðisflokksins hóf baráttuna á hinn bóginn með afgerandi yfirlýsingu um að



ÞORSTEINN PÁLSSON

flokkurinn ætli að standa vörð um krónuna. Að hans mati á efnahagsstjórnin að byggjast á sveigjanleika hennar enda hafi það reynt vel nema þegar illa var stjórnað. Með þessu staðsetur Sjálfstæðisflokkurinn sig við hliðina á VG og núverandi efnahagsráðherra að því er tekur til peningamála.

Öfugmælin í þessu öllu eru þau að forsætisráðherrann kemur fram með ákall um þjóðarsátt gegn

stefnu samstarfsflokksins í peningamálu sem ræður þó för ríkisstjórnarinnar á því sviði og ber stjórnskipulega ábyrgð á málaflokknum. Varla er unnt að hugsa upp dæmi um meiri pólitíska sjálfheldu en þessa enda eru á þingum hans um þjóðarsátt; ekki samherjar í þingflokknum, ekki samstarfsflokkurinn, ekki hagsmunasamtök in og ekki stjórnarandstaðan.

Það athygliverða er að engin viðbrögð eru við þjóðarsáttarákallinu nú fremur en í fyrri tilvikum. Forsætisráðherra hlýtur að velta því fyrir sér hvers vegna enginn hefur nokkru sinni tekið mark á áköllum hans um þjóðarsátt; ekki samherjar í þingflokknum, ekki samstarfsflokkurinn, ekki hagsmunasamtök in og ekki stjórnarandstaðan.

Hugur þarf að fylgja máli

Eina rökræna skýringin er sú að hugur hafi aldrei fylgt máli. Ef svo hefði verið hefði forsætisráðherra sýnt þjóðinni fram á að það hefði pólitískar afleiðingar að hunska ákall um þjóðarsátt, því það er stórt orð Hákot. Þess í stað er ákallið orðið eins og kækur sem enginn tekur eftir lengur.

Að því er peningamálin varðar hefur tvískinnungurinn gagnvart inngöngu í Evrópusambandið og myntbandalagið komið fram með margvíslegu móti. Forsætisráðherra notaði til að mynda

þriggja ára afmæli ríkisstjórnarinnar til að senda þau skilaboð að þrátt fyrir ákvörðun Alþingis um aðildarumsókn væri ríkisstjórnin aðeins að skoða kosti og galla aðildar.

Aðild að Evrópska myntbandalaginu krefst samhæfðrar og aðhaldssamrar stefnu í ríkisfjármálum og peningámálum. Forsætisráðherra hefur á hinn bóginn verið helsti talsmaður þess að láta undan þrýstingi um aukin útgjöld. Á síðasta ári var ákveðið að slá á frest markmiðinu um jöfnuð í ríkisfjármálum sem upphaflega var

sett í efnahagsáætlun fyrri ríkisstjórnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Þá hefur flokkur forsætisráðherrans tekið virkan þátt í því með VG að halda fjármögnun á margvíslegum stórum opinberum framkvæmdum og viðfangsefnum utan við efnahagsreikning ríkissjóðs. Þó að þetta sé gert fyrir opnum tjöldum eru efnahagsleg áhrif slíkra bókhaldsbragða svipuð og menn þekkja frá Grikklandi. Þetta sýnir að ríkisstjórn forsætisráðherra er á leiðinni frá evrunni en ekki til hennar.

Enginn trúverðugleiki

Verðmætasköpun er önnur forsenda þess að unnt sé að taka upp evru. Forsætisráðherra hefur hins vegar staðið þétt með VG í að leggja steina í götu orkunýtingar. Mikilvægasta stefnumálið er síðan að draga úr þjóðhagslegri hagkvæmni í sjávarútvegi.

Á öllum þessum sviðum gengur forsætisráðherra þvert gegn þeim efnahagslegu markmiðum sem þjóðin þarf að nálgast eigi hún að geta uppfyllt þau skilyrði sem aðild að alþjóðlegu myntsamt-

starfi krefst. Frjálslyndari armi Samfylkingarinnar, sem vill laga efnahagsstefnuna að markmiðinu um Evrópusambandsaðild, hefur verið ýtt til hliðar. Forystumenn hans eru nú að mestu áhrifalausir.

Hugmyndin um þjóðarsátt er sannarlega góðra gjalda verð. Í öllum þróuðum ríkjum hefði ákall forsætisráðherra um þjóðarsátt í svo stóru máli snúið stjórnmalum-ræðunni við. Um annað hefði ekki verið talað. Hér ríkir grafarþögn. Hefði hugur fylgt máli hefðu málamiðlanir á sviði ríkisfjármála, orkumála og sjávarút-

vegsmála fylgt þjóðarsáttarákallinu. Þá hefði enginn getað skellt við skollaeeyrum.

Að þessu virtu er ljóst að forsætisráðherra ber pólitíska ábyrgð á þeirri erfiðu stöðu sem aðildarumsóknin er komin í. Nái frjálslyndari armur Samfylkingarinnar ekki vopnum sínum missir flokkurinn einfaldlega allan trúverðugleika sem forystuflokkur fyrir nýrri peningapólitík og Evrópusambandsaðild. Verkurinn er sá að ekki er ljóst hver gæti tekið við því kefli að kosningum loknum.

Álit samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins
á stjórnsýslumáli nr. 3/2010 (SAM10010038) 18. nóvember 2010
vegna reglna Reykjavíkurborgar við úthlutun sérstakra húsaleigubóta

Pann 12. ágúst 2010 barst samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu kvörtun frá Daníel Isebarn Ágústssyni fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands og Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins (hér eftir nefnd X) vegna fyrirkomulags Reykjavíkurborgar við úthlutun sérstakra húsaleigubóta.

[...]

Í málinu liggur fyrir að Reykjavíkurborg hefur sett sér reglur varðandi greiðslu sérstakra húsaleigubóta, þ.e. reglur um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík (hér eftir nefndar reglurnar). Í 3. mgr. 3. gr. þeirra segir:

„Sérstakar húsaleigubætur eru fjárfestingur til greiðslu húsaleigu á almennum markaði eða í félagslegu leiguhúsnæði, þjónustuíbúðum eða öðru húsnæði í eigu eða á forræði Félagsbústaða hf., umfram almennar húsaleigubætur.“

Á grundvelli framangreinds ákvæðis hefur Reykjavíkurborg hafnað því að greiða þeim einstaklingum sem leigja húsnæði í eigu félags- og líknarsamtaka sérstakar húsaleigubætur þar sem slíkar íbúðir uppfylli ekki það skilyrði að flokkast sem íbúðir á almennum markaði.

[...]

Telur ráðuneytið að sú mismunur sem Reykjavíkurborg hefur valið þ.e. að hafna beiðni frá öðrum einstaklingum en þeim sem leigja annað hvort hjá Félagsbústöðum hf. eða á almennum markaði, án þess að fram fari heildstætt mat á aðstæðum umsækjenda, sé ekki mismunur er byggist á málefnalegum sjónarmiðum. Ráðuneytið telur að sjónarmið að baki mismununninn sé ekki í samræmi við markmið laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og gangi auk þess beinlínis gegn þeim markmiðum og tilgangi sem sérstöku húsaleigubótunum var atlað að ná.

[...]

Því verður að telja að sú regla, sem fram kemur í 3. gr. reglnanna um að einungis þeir sem leigi hjá Félagsbústöðum hf. eða á almennum markaði geti átt rétt á sérstöku húsaleigubótum, sé til þess fallin að mismuna aðilum og sé í andstöðu við það grundvallarsjónarmið sem felst í jafnræðisreglu stjórnsýslunnar. Þá er einnig til þess að líta að jafnræðisreglan er sett til hagsbóta fyrir borgarana í samskiptum þeirra við handhafa hins opinbera valds, en markmið stjórnsýslu- laga er að tryggja réttaröryggi borgarana í þeim samskiptum. Er það mat ráðuneytisins að borginni hafi borið að miða reglur sínar við það að allir þeir sem uppfylli skilyrði 4. og 7. gr. reglnanna séu í sambærilegri stöðu hvað varðar möguleika til úthlutunar á sérstöku húsaleigubótum. Annað feli í sér brot gegn þeirri jafnræðisreglu sem stjórnvöldum ber að hafa í heiðri í störfum sínum.

Á grundvelli framangreinds beinir ráðuneytið þeim tilmælum til Reykjavíkurborgar að hún breyti reglum sínum um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í samræmi við framan-

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Ragnhildur Hjaltadóttir

Hjördís Stefánsdóttir

HVAÐ ÞARF REYKJAVÍKURBORG MÖRG ÁR TIL AÐ BREGÐAST VIÐ?

Í nóvember 2010 úrskurðaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið að reglur Reykjavíkurborgar um úthlutun sérstakra húsaleigubóta **brytu gegn jafnræðisreglu**. Ráðuneytið beindi þeim tilmælum til borgarinnar að breyta reglunum þannig að leigjendur í húsnæði á vegum Öryrkjabandalagsins stæðu jafnfætis öðrum þegar kemur að úthlutun bótanna.

Álit ráðuneytisins má lesa á slóðinni:
<http://www.obi.is/utgafa/urskurdir-og-alit/>

Enn bólar ekkert á viðbrögðum frá borginni. Enn fá umsækjendur um sérstakar húsaleigubætur neitun án þess að mál hvers og eins sé skoðað, á grundvelli reglna sem ráðuneytið segir stríða gegn góðri stjórnsýslu og tilgangi laganna.

Öryrkjabandalag Íslands kallar eftir skjóttum viðbrögðum frá stjórnendum Reykjavíkurborgar – annað er óásættanlegt.

Ekkert um okkur án okkar



Velgengi okkar skilar sér til allra landsmanna

Mannlíf og atvinnulíf tvinnast náið saman. Þegar rekstur fyrirtækis gengur vel má greina jákvæð áhrif þess með beinum og óbeinum hætti um samfélagið allt. Icelandair Group vegnaði vel á árinu 2011. Þar sem lífeyrissjóðir landsmanna eru á meðal stærstu hluthafa í Icelandair Group má fullyrða að góð afkoma félagsins skili sér til alls þorra landsmanna.

Kynntu þér starfsemi okkar og sögu í nýútkominni ársskýrslu Icelandair Group sem er aðgengileg á vefsvæði okkar, www.icelandairgroup.is.

Forystuafli í flug- og ferðapjónustu á Íslandi

- Icelandair Group átti stóran þátt í verulegri fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands árið 2011
- Frá árinu 2009 hefur stöðugildum hjá Icelandair Group fjölgað um ríflega 400
- Yfir háannatímamann 2012 munum við ráða um 1.000 starfsmenn
- Flugáætlun okkar á afmælisárinu verður sú umfangsmesta í sögu félagsins

Í ÞÁGU LANDSMANNA Í 75 ÁR



ICELANDAIR

ICELANDAIR
CARGO



Iceland Travel

IGS

FIÁRVAKUR

vita

Icelandair Hotels

LOFTLEIÐIR ICELANDIC

ICELANDAIR
GROUP



Forseti Íslands og ægivald fjármagnsins

Forsetaembættið

Dr. jur. Herdís Þorgeirsdóttir
lögmaður



Ólafur Ragnar Grímsson býður sig nú fram í embætti Forseta Íslands eftir sextán ára setu. Rætt er um að möguleg mótframboð kosti tugi ef ekki hundruð milljóna og séu því ekki á færi annarra en þeirra sem njóta stuðnings fjársterkra aðila.

Nýverið færði Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði, nokkur rök fyrir því í Ríkisútvarpinu að Ólafur Ragnar Grímsson yrði sjálfkjörinn fimmta kjörtímabilið. Vögu þar þyngst rökin um kostnað en fleiri ástæður voru nefndar sem hefðu fælingaráhrif á mögulega mótframbjóðendum.

„Ísland hrundi undan þunga eigin spillingar,“ sagði Svanur og benti á að hið pólitíska vald hefði lengi verið í höndum hagsmunaaðila og því „ekkert almannavald í landinu“. Hann kvað Ólaf Ragnar hafa notað 90 milljónir króna að núverandi til að ná kjöri 1996. Hugsanlegur mótframbjóðandi nú þyrfti, ef eitthvað væri, hærri fjárhæð vegna forskots sitjandi forseta. Að vísu gætu útgerðarfyrirtækin látið „réttan frambjóðanda“ fá digran sjód og þá væntanlega þann sem væri hlynntur áframhaldandi „sægreifavaldi á Íslandi“. En hann taldi ekki miklar líkur á að einhver færi í forsetaframboð í boði kvótakóna.

Í aðdraganda forsetakosninganna 1996 var ég með framsögu í Háskóla Íslands um lögmæti þess að peningaöfl réðu úrslitum í pólitík. Þar töldu sumir ólilegt að pólitísk framboð væru fjármögnuð af stórfyrirtækjum. Ég benti á hættuna sem af því hlytist fyrir lýðræðið og vísaði í þekkt dómsmál fyrir Hæstarétti Bandaríkjanna (Buckley gegn Valeo, 1976) þar sem tekist var á um það hvort fjármögnun frambóða væri liður í stjórnskrárvörðu tjáningsfrelsi eða ógn við jafnræði borgara í lýðræðisríki. Hæstiréttur Bandaríkjanna staðfesti þá lögmæti laga sem takmörk-

uðu framlög í kosningasjóði en taldi þó frambjóðendum heimilt að nota eins mikið eigið fé og þeir réðu yfir, slíkt væri liður í pólitísku tjáningsfrelsi. Þessi niðurstaða varð umdeild enda hefur rödd peningaafllanna í pólitík leitt til þeirra mótmæla nú, sem kenna sig við 99 prósentin er berjast gegn spillingu, græðgi peningaaflla og hnignun lýðræðisins.

Í lýðræðinu erum það við, almenningur sem ráðum. Völdin eiga að koma frá okkur og þau ber að nota í okkar þágu. Þetta er sá grundvöllur sem öll mannréttindi hvíla á og rætur eiga í stórmerkum hugmyndum 18. aldar; Sjálfstæðisfyrirlysingu Bandaríkjanna 1776, Mannréttindafyrirlysingu Frakka 1789 – og í kjölfar hörmunga síðari heimsstyrjaldar, Mannréttindafyrirlysingu Sameinuðu Þjóðanna 1948. Sérhver einstaklingur er jafnbörinn til virðingar og réttinda, er eigi verði

setinn muni sitja í tuttugu ár. Engu að síður er teflt fram þeim rökum að hefðin mæli gegn mótframboði við sitjandi forseta. Af hverju helgast sú hefð? Það hlýtur að vera hefð spillingarinnar því lýðræðishefðin gerir kröfu um mótframboð, um andstöðu, um breytingar.

Í þriðja lagi voru þau rök nefnd að fjölmiðlum bæri ekki skylda til að kynna frambjóðendum. Það er rangt. Fjölmiðlum ber skylda til að miðla áfram til almennings öllum þeim upplýsingum sem almenningur varða, eins og Mannréttindadómstóll Evrópu hefur margtírekað. Fjölmiðill sem ekki miðlar slíkum upplýsingum er ekki að axla þá ábyrgð sem tjánings- og upplýsingafrelsið gerir kröfu um og er fylgifiskur þeirrar verndar sem fjölmiðlar njóta.

Í fjórða lagi var þeirri ástæðu teflt fram sem hrella myndi mögulegan mótframbjóðanda að

„Í lýðræðinu erum það við, almenningur, sem ráðum. Völdin eiga að koma frá okkur og þau ber að nota í okkar þágu.“

af honum tekin og slíkt er undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.

Í Mannréttindafyrirlysinguinni segir að hverjum manni sé heimilt að taka þátt í stjórn lands síns, beinlínis eða með því að kjósa til þess fulltrúa í frjálsum kosningum. Sú fagra draumsýn um betri veröld sem þarna birtist hefur síðar verið skrumskæld. Einstaklingur má sín lítils nú gegn ægivaldi fjármagnsins. Nú vaða valdhafar víða fram í skjóli peningaaflla; rússneskir oligarkar sem urðu auðjöfrar í einkavæðingarferli á rústum kommúnismans standa að baki Pútín. Í Bandaríkjunum býður sig enginn fram til forseta sem ekki hefur gifurlega fjármuni á bak við sig.

Og hér á Íslandi, eftir eitt mesta efnahagshrun allra tíma, kyngjum við því að enginn eigi erindi í framboð nema að hafa tryggt sér öfluga fjárhagslega bakhjarla.

Á nýja Íslandi blasir við að for-

hann yrði „úthrópaður“ af stuðningsmönnum forsetans – sem Evrópusambandsins. Þjóðin ákveður endanlega hvort Ísland verður aðili að Evrópusambandinu en ekki sá sem skipar embætti Forseta Íslands. Þar ræður mestu að hæfileikamanneskja skipi þann sess, svo að ég vitni í stjórnskipunarrit Ólafs Jóhannessonar, en hvorki einarður andstæðingur né talsmaður Evrópusambandsaðildar. Forseti Íslands er þjóðhöfðingi og sameiningartákn þjóðarinnar en ekki fulltrúi sérhagsmuna eða sérstaks hóps innan hennar. Forsetinn er talsmaður þjóðarinnar; tákngervingur hennar, vona hennar og styrks.

Óháð því hvað fólki finnst um mögulega frambjóðendum eða forsetaembættið yfir höfuð er aðeins einn sigur í stöðunni og það er sigur fólksins í landinu en ekki peningaaflla, sem rústa meginreglu lýðræðisins um jöfn tækifæri.

Öflugur stuðningur við atvinnuleitendur

Atvinnumál

Guðbjartur Hannesson
velferðarráðgjafi



Þegar allir leggjast á eitt er árangurinn vis var yfirskrift greinar í Fréttablaðinu 14. mars þar sem ég sagði frá átaksverkefnum sem ráðist hefur verið í til að sporna við atvinnuleysi og alvarlegum afleiðingum þess. Áhersla hefur verið lögð á fjölbreytt framboð verkefna og viðfangsefna þannig að atvinnuleitendur geti fundið eitthvað áhugavert við sitt hæfi sem styrkir stöðu þeirra og eykur líkur á starfi þegar aðstæður á vinnumarkaði lagast.

Átakið Ungt fólk til athafna hófst í ársbyrjun 2010. Í árslok 2011 höfðu um 5.000 ungmenni tekið þátt í átakinu og af þeim hópi voru um 3.000 farin af atvinnuleysisráðgjafum. Verkefnið ÞOR – Þekking og reynsla er ætlað fólki á aldrinum 30–70 ára og hófst í ágúst 2010. Um síðustu áramót höfðu 7.500 tekið þátt í verkefninu og var hátt í helmingur þeirra kominn með starf eða farinn í nám. Síðastliðið haust hófst verkefnið Nám er vinnandi vegur og hófu rúmlega 900 atvinnuleitendur nám í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og framhaldsfræðslu. Átaksverkefnið Vinnandi vegur er nýhafið, ætlað atvinnuleitendum sem verið hafa án vinnu í eitt ár eða lengur. Með góðri samvinnu atvinnurekenda, sveitarfélaga, stéttarfélaganna og ríkisins standa vonir til að unnt verði að ráða um 1.500 manns af atvinnuleysisráðgjafum í ný starfstengd vinnumarkaðsúræði um allt land. Viðbrögð atvinnurekenda hafa verið afar góð og þegar þetta er skrifað hafa þegar orðið til um 1.000 ný starfstækifæri fyrir atvinnuleitendur á grundvelli þessa nýja átaks.

Atvinnutorg er nýtt úrræði fyrir fólk á aldrinum 16–25 ára og voru fjögur slík opnuð nýlega í Reykjavík, Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Kópavogi í samstarfi sveitarfélaganna, velferðarráðgjafneysisins og Vinnumálastofnunar. Markmiðið er að veita ungu fólki sem hvorki er á vinnumarkaði né í námi ráðgjöf og stuðning og finna því úrræði við hæfi

sem geta falist í starfsþjálfun eða atvinnu, námi eða námstengdum úrræðum, áfengis- eða vímuefnamedferð eða starfsendurhæfingu. Úrræði standa til boða óháð rétti þessara einstaklinga innan atvinnuleysisstryggingakerfisins og er það nýmæli.

Reynslan sýnir að erfiðleikar á vinnumarkaði snerta fólk misjafnlega en bitna hvað harðast á ungu fólki, sérstaklega því með stutta skólagöngu að baki og litla reynslu á vinnumarkaði. Mikilvægur hluti af verkefnum atvinnutorganna felst í því að hafa uppi á þeim sem standa utan kerfisins, þ.e. ungmennum sem hvorki eru skráð með fjárhagsaðstoð né atvinnuleysisbætur og eru ekki í vinnu eða námi.

Ég nefndi í fyrri grein minni að atvinnutorg myndu vinnumarkaðsúræði hafi reynt árangursrík. Á ársgrundvelli hafa um 63% þátttakenda fengið viðvarandi starf og horfið af atvinnuleysisráðgjafum þremur mánuðum eftir að

Atvinnutorg er nýtt úrræði fyrir fólk á aldrinum 16–25 ára og voru fjögur slík opnuð nýlega í Reykjavík, Reykjanesbæ, Hafnarfirði og Kópavogi ...

þátttöku lýkur. Af þeim sem taka þátt í úrræðum á borð við ýmis námskeið eða klúbbastarf er þetta hlutfall um 25–30%. Þetta þýðir þó ekki að þessi úrræði skili ekki góðum árangri. Kannanir meðal þátttakenda sýna almennt mjög jákvæð viðhorf og það mat að úrræðin styrki þá og séu góður undirbúningur fyrir atvinnuþátttöku síðar meir. Það segir sig hins vegar sjálf að bein tengsl við atvinnuleitendur hafa átt kost á sumar mörpum happadrjúgt.

Síðastliðin tvö sumur hafa stjórnvöld efnt til átaksverkefnis þar sem hátt í 900 námsmenn og atvinnuleitendur hafa átt kost á sumarstörfum hjá stofnunum ríkisins og sveitarfélögum. Ákveðið hefur verið að endurtaka þetta í sumar enda reynslan afar góð og ánægja gagnkvæm hjá þeim sem lagt hafa til störf og þeim sem ráðnir hafa verið til starfa.

Vinnumálastofnun hefur staðið við stjórnvölinn í öllum þeim átaksverkefnum sem ráðist hefur verið í, jafnframt því að annast hefðbundin vinnumarkaðsúræði á vegum stofnunarinnar. Verkefnið eru að stærstum hluta fjármögnuð úr Atvinnuleysisstryggingasjóði en ríkið hefur einnig lagt fram verulega fjármuni og það gera einnig sveitarfélög og aðrir atvinnurekendur sem leggja til störf og starfstengd úrræði. Þessum fjármunum er tvímæla-laust vel varið þar sem markmiðið er að vinna gegn neikvæðum áhrifum atvinnuleysis með því að gefa fólki kost á að byggja sig upp til framtíðar með þátttöku í verðugum verkefnum eða námi. Ávinningurinn er ótvíræður, ekki aðeins fyrir þá sem taka þátt heldur samfélagið í heild sinni.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.helput.is

KPMG

cutting through complexity

FRÓÐLEIKUR Á FIMMTUDÖGUM

Dómar Héraðsdóms Reykjavíkur um skattskyldu lána til hluthafa og skattskyldu manna heima og heiman

29. mars | kl. 8:30 | Borgartúni 27

Skráning og nánari upplýsingar á kpmg.is



Fermingargjöf Arion banka

Þegar stórum áfanga er náð er mikilvægt að huga að framtíðinni. Arion banki leggur til 5.000 kr. mótframlag ef 30.000 kr. eða meira eru lagðar inn á Framtíðarreikning. Framtíðarreikningur gefur hæstu vexti almennra verðtryggðra sparnaðarreikninga bankans og er því áhugaverð leið fyrir ungt fólk sem vill byrja að undirbúa framtíðina.

Láttu gjöfina taka vaxtarkipp hjá okkur.

arionbanki.is – 444 7000

 Arion banki

Einelti er kerfisfyrirbæri

Samfélagsmál

Sigrún Júlíusdóttir
prófessor við
Félagsráðgjafardeild
Háskóla Íslands



Tilfni þessa greinarkorns er vaxandi fjöldi dæma um einelti og vanlíðan á vinnustöðum sem tengist þeim þrengingum sem fylgt hafa í kjölfar bankahrunsins. Það á bæði við á markaði og í stofnunum menntakerfis, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Á málþingum, í faglegri umræðu og meðal faghandleiðara ber þessi fyrirbæri æ tíðar á góma. Er það ótrúlegt en satt, að á virtum menningar- og menntastofnunum, sem jafnvel fást sjálfar við þessi mál í kennslu og rannsóknunum, birtist eineltisfyrirbærið í sinni skelfilegustu mynd, þannig að þeim sem hlustar á þá reyngu er ofboðið. Það er þörf á opinni samfélagsumræðu – innan og utan stofnana – um þetta mál.

Stofnunarbragur snýst um menningu

Á hverjum vinnustað mótast „heimilisandi“ eða samskipta-bragur hvað varðar háttvísi og tjáskiptaleiðir og aðhald um virðingu og mörk. Hann þróast út frá stjórnunarstíl, markmiðum og starfsháttum viðkomandi stofnunar. Þessu til viðbótar koma áhrif einstakra persóna, styrkleikar þeirra og veikleikar. Á vinnustöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur um afköst og frammistöðu, og samkeppni gætir um viðurkenningu og sess,

er meiri hætta á þróun neikvæðra samskiptafyrirbæra. Þar getur m.a. óheft frelsi í orðum og hegðun eins manns sært og vegið að persónuhelgi og mannlegri reisn annars.

Við ákveðnar aðstæður, t.d. þegar þrengir að í rekstri fyrirtækja á markaði, fleiri bílast um „brauðin“ (stöður) eða framlög minnka til opinberrar velferðarþjónustu (mennta-, menningar-, réttar-, heilbrigðis- og félagskerfa) er oft óryggi og vellíðan starfsfólks ógnað. Séu yfirmenn og stjórnendur ekki vakandi fyrir þessu með viðeigandi viðbrögðum

í einkalífi, einkasjálfinu. Þetta tvennt er oftast nátengt. Á vinnustöðum þar sem ekki er vettvangur fyrir opna umræðu og einlæg samtöl (e. open dialogue) burðast starfsmenn einir með vanlíðan sína og átta sig jafnvel ekki á hvar skórinn kreppir. Það er í þessu samhengi sem hættumerkin koma fram. Ákveðnir atburðir eða breytingar á vinnustaðnum af fjölbreytilegum - og stundum ólíklegasta - toga geta jafnvel á ófyrirsjáanlegan hátt orðið til þess að einstaklingar sæti niðurlægingu, neikvæðu umtali og séu sniðgengnir eða verði fyrir pers-

Óskandi er að stjórnendur og yfirmenn stofnana beri gæfu til að bregðast við og taka á óheppilegum ferlum á vinnustað sem valda einstaklingum sársauka og niðurlægingu.

er hætta sú að óryggið brjótist út í samstarfsmannahópnum, milli laga og í innsta hring. Þetta er menningartengt kerfisfyrirbæri.

Ábyrgð stjórnenda og starfsfólks

Á sumum vinnustöðum stendur starfsfólki til boða hópfræðsla eða endurmenntun í tengslum við starfið og aðgangur er að trúnaðarlækni eða félagsráðgjafa sem veitir aðstoð þegar starfsmaður glímur við samskiptavanda og vanlíðan eða veikindafjarveru af svipuðum sökum. Stundum tengist það alfarið vinnuáðstæðum, starfssjálfinu, en stundum jafnframt persónulegum aðstæðum

ónulegri auðmýkingu, einelti eða áreitni af öðru tagi. Þegar einstaklingur verður fyrir slíku veku það ugg í hópnum og það smitar út frá sér bæði í starfsanda, einbeitingu og afköstum.

Til þess að koma í veg fyrir slíka þróun þurfa yfirmenn vinnustaða að halda vöku sinni. Hægt er að koma á laggirnar áætlun um starfsmannastefnu eða skapa vettvang fyrir mótandi umræðuferli um aðstæður á vinnustað. Slík stefna tekur m.a. til vellíðunar starfsmanns og fjölskyldustefnu sem tekur mið af því að starfsmaðurinn á sitt líf utan starfsins og hefur þar skuldbindingar sem stundum getur þurft að taka tillit til í vinnunni, og hún

gerir ráð fyrir stuðningskerfi til að styrkja liðsanda og uppbyggilegan stofnunarbrag.

Áhrif gagnrýnnar umræðu – hugmyndafræði sem eflir þor

Í vinnustaðaeftlingu er handleiðsla eða þróunarstarf oft byggt á kenningum um félagslega samsmíð (e. social constructionism) sem hefur það að markmiði að pæla í, þróa og miðla hugmyndum og starfsháttum sem efla uppbyggileg og samstarfsstyrkjandi samskiptaferli í mannlegu lífi og starfi, sbr. bandaríska verkefnið Conversation Project (www.jonathanrattner.com/index.php?selected-works). Hér koma ákveðin hugtök til skjalanna sem snerta samskiptasiðfræði, þ.e. lykilhugtök út frá þrífeykinu skynsemi, þekking, mannleg reisn (sbr. www.taosinstitute.net). Þau tengjast siðfræðilegum skuldbindingum í siðrænum samskiptum um félagslega samábyrgð, samræðuskuldbindingu, samábyrgð gagnvart viðeigandi stöðutöku fólks ásamt umræðu um gildi og ítök vinnustaðahópsins og kvöðinni að standa sjálfur að samskiptum sem ábyrgur fulltrúi uppbyggilegra samskipta.

Lokaorð

Óskandi er að stjórnendur og yfirmenn stofnana beri gæfu til að bregðast við og taka á óheppilegum ferlum á vinnustað sem valda einstaklingum sársauka og niðurlægingu. Að skapa farveg fyrir opna umræðu er leið til árangursríkra og uppbyggilegra tjáskipta í öllum mannlegum samskiptakerfum. Kraftefning fólks mótast innan frá.

AF NETINU

Höft: 3 mánuðir eða 20 ár, spurning um vilja

Gjaldeyrishöft verða ekki lögð af nema í landinu sitji ríkisstjórn með traustan meirihluta og skýra stefnu. Ríkisstjórn myndi tilkynna með 6 til 12 mánaða fyrirvara að höftum yrði aflétt. Almennur og fyrirtæki fengju ráðrúm til að flýta eða fresta útgjöldum sem háð eru gjaldeyri, t.d. bifreiðakaupum. Krónan myndi falla um 20 til 60 prósent þegar höftunum væri aflétt og jafna sig á 5 til 15 prósent lægra gengi en núna. Ferlið tæki nokkrar vikur. Það er ekkert mál að losa um gjaldeyrishöftin – aðeins spurning um pólitískan vilja.

<http://pallvil.blog.is>

Páll Vilhjálmsson

Það verða engin óhöpp

Nú sýnist manni að 90 megavatta virkjun í Bjarnarflagi muni fljúga í gegn á Alþingi. 3ja megavatta virkjun er þegar farin að valda umhverfisspjöllum, menga Grjótagjá og senda mengað affallsvatn í átt að Mývatni, sem er aðeins fjóra kílómetra í burtu og landi hallar þar að auki að því. Samt verður ótrútt stefnt að því að þrjú megavatta virkjunina og setja þann eina varnagla, að svæðið verði vakt eftir að hún hafi risið og búið að binda samninga um orkusöluna til minnst 40 ára, helst 130 eins og upphaflega hjá Magma Energy. Það verða engin óhöpp. Engin ástæða til að hafa neinar áhyggjur. Gripa allar gæsinar þegar færi gefst! Skjóta helvítin!

<http://omarragnarsson.blog.is>

Ómar Ragnarsson

Plastumbúðir og endurvinnsla!

Af gefnu tilefni skal tekið fram og staðfest að allar hreinar plastumbúðir sem settar eru í Endurvinnslutunnur Gámaþjónustunnar hf. fara til endurvinnslu. Sama gildir um aðrar hreinar plastumbúðir sem Gámaþjónustan hf. og dótturfyrirtæki hennar safnar.

Í ársskýrslu Úrvinnslusjóðs kemur fram að 1.116 tonn af flokkuðu umbúðaplasi frá Íslandi fóru til endurvinnslu árið 2010, enda er það hagkvæmasti farvegurinn fyrir þetta efni. Umbúðaplasi frá viðskiptavinum Gámaþjónustunnar hf. er innifalið í þessari tölu.

Nefna má að ýmsar vörur eru framleiddar úr endurunnu plasti, þar á meðal þessi bekkur sem seldur er hjá Hafnarbakka-Flutningatækni ehf.



Nánari upplýsingar í síma 535 2500



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ

Söludeild Hringhelli 6 • 221 Hafnarfjörður
Sími 535 2500 • soludeild@gamar.is • www.gamar.is

www.kaupumgull.is

Græddu á gulli á Grand hótél! um helgina

Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!



Vegna mikillar eftirspurnar

Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótel
Laugardaginn 24. mars frá kl. 11:00 til kl. 19:00
Sunnudaginn 25. mars frá kl. 11:00 til kl. 19:00



Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd,
gullmynt, Gold Quest gullmynt, stytur, kertastjaka o.fl



FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.



Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier,
Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.

Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hótel

Upplýsingar og tímamantanir
Sverrir s. 661-7000



Mamma ég er ólétt!

Samfélagsmál

Esther Ósk
Armannsdóttir

formaður
Ljósmeðrafélagsins



Tíðni fóstureyðinga í hópi stúlkna 15-19 ára var hæst hér á landi árið 2000 miðað við önnur norræn ríki en verulega hefur dregið úr þeim á síðustu árum. Árið 2000 var tíðni fæddra barna 15-19 ára íslenskra stúlkna mun hærrí en hjá öðrum norrænum þjóðum en bilið hefur minnkad töluvert. Þrátt fyrir það er tíðni fæddra barna ennþá hæst hérlendis. Lægst var tíðnin árið 2004 þegar 134 börn fæddust, en hæst árið 2000 þegar 244 börn fæddust. Á árinu 2010 fæddust 149 börn 14-19 ára mæðra en það eru um 3% af heildarfjölda fæðinga það ár.

Þrátt fyrir að dregið hafi verulega úr fóstureyðingum í hópi 15-19 ára stúlkna hérlendis á undanförunum árum þarf að hafa í huga að ennþá fer stór hópur þessa aldurshóps í fóstureyðingu árlega. Samkvæmt tölum landlæknis hefur að meðaltali um 191 stúlka á ári undir 19 ára aldri farið í fóstureyðingu hér á landi undanfarnir 10 ár, þ.e.a.s. að á hverju einasta ári hafa að meðaltali um 350 ungar stúlkur undir 19 ára aldri þurft að taka þessa þungu ákvörðun að annað hvort láta eyða fósturi eða fæða barn með því hugarangri sem slíkri ákvörðun fylgir.

Áhyggjur af fjölda þungana og fóstureyðinga unglingsstúlkna

Með nýju frumvarpi velferðarráð-

herra er verið að bregðast við til-mælum frá Sameinuðu þjóðunum, nánar tiltekið barnaréttarnefnd þeirrar stofnunar. Þar hafa menn haft áhyggjur af fjölda þungana og fóstureyðinga ungra stúlkna hér á landi. Í skýrslu nefndarinnar er bent á að mögulegar ástæður fyrir þessum háu tölum séu einmitt lélegt aðgengi að getnaðarvörnum á Íslandi. Einnig hefur skortur á þekkingu um kynheilbrigði hjá ungu fólki verið nefndur sem möguleg ástæða sem og skortur á ráðgjafþjónustu. Þegar kannaður hefur verið hugur ungs fólks kemur fram að það vill geta leitað á sérhæfða móttöku fyrir

um greiðara. Mikilvægt er að líta til þeirra landa sem standa hvað best að þessum málaflokki, þar er aðgengi að getnaðarvörnum gott og mikil áhersla lögð á kynfræðslu.

Í stað þess að fækka unglingsmóttökum, eins og gert hefur verið, þarf að efla þær og eins að efla kynheilbrigðisþjónustu við unglinga í heild sinni. Kynheilbrigðisþjónustan þarf að miða við þarfir þessa aldurshóps. Við, sem samfélag, verðum að leitast við að standa saman um að styðja við og fræða unglingana um hversu mikil ábyrgð því fylgir að stunda kynlíf. Við eigum að vera tilbúin

„ Í stað þess að fækka unglingsmóttökum, eins og gert hefur verið, þarf að efla þær og eins að efla kynheilbrigðisþjónustu við unglinga í heild sinni. Kynheilbrigðisþjónustan þarf að miða við þarfir þessa aldurshóps.

ungt fólk, móttöku sem einblínir á fræðslu og ráðgjöf, m.a. um getnaðarvarnir. Langflestir sem skrifa um þessi mál, bæði erlendis og hérlendis, eru sammála um að gott aðgengi að getnaðarvörnum sé eitt af því sem skiptir höfuðmáli í að fækka unglingsþungunum.

Bágborin þjónusta við unglinga

Í dag bjóða aðeins tvær heilsgæslur á Íslandi upp á unglingsmóttök, á Selfossi og á Akureyri. Markmið þeirra er að draga úr ótímabærum þungunum ungra stúlkna með fræðslu og gera aðgengi að getnaðarvörnum

ad ræða við unglinga á heildvirkum hátt um kynlíf hvort sem við erum í hlutverki foreldra, kennara eða heilbrigðisstarfsmanna sem vinna með unglungum. Því er brýn nauðsyn að bæta þjónustu við þennan hóp og eðlilegt væri að sem flestar heilsgæslustöðvar á landinu byðu upp á unglingsmóttök.

Ljósmeður og hjúkrunarfræðingar eru faghópar sem hafa mikla reynslu og þekkingu á sviði kynheilbrigðisþjónustu. Ábyrgð þeirra er að veita bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Eflum kynheilbrigðisþjónustu við unglinga okkar. Þeir eiga það svo sannarlega skilið.

Velviljaðir dýrum, vinsamlega athugið

Dýravernd

Hallgerður
Hauksdóttir

stjórnarmaður í Velbú,
félagasamtökum um
velferð búdyra



við að í þessu máli eru dýrin einmitt beinir hagsmunaaðilar. Dýr hafa auðvitað ekki rödd til að koma fram með sín málfeðni, ekki nema í gegnum okkur, menn og konur sem láta sig aðbúnað og málefni dýra varða.

Velbú eru íslensk félagasamtök um velferð búfjár. Við teljum mikilvægt að vernda hinn hefðbundna íslenska fjölskyldubúskap, þar sem, þegar forsendur eru eðlilegar, er almennt farið vel með dýr - og við viljum sporna af krafti gegn því sem nú er kallað verksmiðjuframleiðsla, þar sem hagsmunir dýranna eru ídulega fyrir borð bornir. Það síðarnefnda er nokkuð vel falið fyrir almenningi og margir gera því miður ekki greinarmun á þessu tvennu, hefðbundnum búskap og verksmiðjuframleiðslu dýra.

Við biðjum þá sem ekki er sama um hag dýranna um að fylgjast með þessum lögum og kynna sér drögin að þeim. Drögin má finna (eftir nokkra leit) inni á vef landbúnaðarráðuneytisins, en einnig sendum við í Velbú þau til þeirra sem þess óska. Sérstaklega er mikilvægt að skima þann mun sem er á drögunum og þeim lögum sem lögð verða fyrir Alþingi. Hér þarf að hafa hagsmuni dýranna í huga. Með því að taka þátt í samtali samfélagsins um þessi mál er hægt að færa þau til betri vegar og verður hver að hafa trú á að hans framlag skipti máli. Sérhver Íslendingur sem sendir kurteisa fyrirspurn um þessi mál til ráðuneytis, nefndar, alþingismanna eða lætur á annan hátt í sér heyrna á málefnalegan máta, leggur þannig á vogarskálarnar þá vigt sem að lokum verður nógu þung til að skipta máli. Vanmetum það ekki. Verum til staðar fyrir dýrin.

Nú geisa sem oft áður ýmis moldviðri um hið pólitíska landslag og fer slíkt fram hjá fáum. Hætt er við að þegar mökkurinn er sem mestur sjáist lítið úr augum og menn láti þá mikilvæg kennileiti fram hjá sér fara. Eitt það mikilvægasta sem stjórnarmál snúast um er setning laga, sem við gildistöku verða hinn eiginlegi grunnur sem samfélag okkar byggir á. Ein slík lög eru nú um stundir í undirbúningi og gætu farið fram hjá þeim sem ekki vita - en vildu vita. Lög um dýravelferð.

Ný lög um málefni dýra hafa lengi verið í smíðum og hefur mikið verið til þeirra vandað. Lokadrög laganna fóru inn í ráðuneyti í maí á síðasta ári og eru nú komin þaðan inn á borð stjórnarflokkanna, en fara síðan í nefnd, væntanlega umhverfisnefnd, áður en þau koma formlega á borð Alþingis. Drögin sem fóru inn í ráðuneytið taka til margra þátta um velferð dýra sem ekki er víst að hagsmunaaðilar sætti sig að öllu leyti við, enda gæti þar verið þrengt að beinum hagnaði þeirra og gerð krafa til vandaðri umsjá og meðferð dýranna en nú er. Í vinnu við lög sem þessi eru drög ídulega send til umsagnar og frekari úrvinnslu þeirra sem hagsmuna hafa að gæta í þeim málaflokki sem við á. Þótt það virðist ef til vill sérstakt að að tala um dýr sem beina hagsmunaaðila, í hvaða samhengi sem er, þá blasir þó

ÚTILÍF

LÍFIÐ ER FERÐALAG

ÚRVAL FERMINGARGJAFNA Á FRÁBÆRU VERÐI



TILBOÐ 16.990 KR.

HIGH PEAK NEVADA
Þriggja manna tjald með fortjaldi.
Vatnsheldni: 2.000 mm.
Þyngd: 3.980 g.
Verð áður: 19.990 kr.



TILBOÐ 18.990 KR.

HIGH PEAK TRANGO 65
Vandaður og traustur bakpoki
með góðu burðarkerfi.
Þyngd: 1.850 g.
Verð áður: 23.990 kr.



TILBOÐ 29.990 KR.

HIGH PEAK VIPER 1400
Vandaður léttur dúnsvefnpoki.
Þolmörk: -6°C.
Þyngd: 1.275 g.
Þriggja árstíða.
Verð áður: 39.990 kr.



TILBOÐ 14.990 KR.

TNF ALEUTIAN
Hentugur til notkunar sumar, vor
og haust.
Þyngd 1.545 g.
Þolmörk -5°C.
Verð áður: 19.990 kr.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF - HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

Sýnum um helgina **Dethleffs** 2012 hjólhýsi

Í tilefni 80 ára afmælis **Dethleffs** bjóðum við sérstakar afmælisútgáfur, Eighty I og Eighty II með ríkulegum aukabúnaði og miklum afmælis afslætti.



Dethleffs Eighty Beduin II 565 DB



Allt að
990.000 kr
Afmælis
afsláttur*



Opið laugardag & sunnudag
frá kl 12 til 17

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 12-18
Laug-Sun. kl: 12-17

Fossháls 5-7 | 110 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is



Útilegu
maðurinn®

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



195
KR. KG

PERUR Í LAUSU



395
KR. KG

MANGÓ



LÍFRAENT RÆKTADAR

359
KR. KG

GRÍSKAR APPELSÍNUR



195
KR. KG

GUL MELÓNA



195
KR. KG

GUL EPLI



195
KR. KG

JÓNAGOLD EPLI



359
KR. 200 GR

BÓNUS FERSKT SPÍNAT



195
KR. KG

VATNSMELÓNUR

FERSKT ÍTALSKT BLAÐSALAT



298
KR. 100G

ROCOLA WILD



298
KR. 100G

MESCLUM BLANDAÐ



298
KR. 100G

BABY SPINAT



439
KR. KG

STEINALAUS RAUÐ VÍNBER



598
KR. 200 GR

LÍFRAEN
CHIA-FRÆ
200 GRÖMM



359
KR. 1 LTR.

ALMOND DREAM
MÖNDLUMJÓLK
MEÐ KALKI



298
KR. 1 LTR.

RICE DREAM
RÍSMJÓLK
MEÐ KALKI



398
KR. 900 GR

HIMNESKT
LÍFRAENT
HAFFRAMJÖL



298
KR. 500 GR

HIMNESKIR
LÍFRAENIR
TRÖLLAHAFRAR



BOOST GLÖS
MEÐ LOKI;
359 KR.
10 STK.

GERÐU **PINN**
EIGIN ÁVAXTA
ORKUDRYKK
HEIMA: FROSIN
JARÐARBER OG
MANGÓBITAR



498
KR. 750 ML

598
KR. 750 ML

HIMNESKUR:
RAUÐRÓFUSAFI
EPLA OG MANGÓSAFI



498
KR. 1.2 KG



498
KR. 1 KG




**FROSNIR
ÁVEXTIR**
Í HEILSUDRYKKI



498
KR. 1 KG

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur



179
KR. 1 LTR.

FERSKUR APPELSÍNUSAFI
BÓNUS FLORIDA
I LÍTRI

AFMÆLISTILBOÐ
BÓNUS 23 ÁRA
NÝ FRAMLEIÐSLA
GAMALT VERÐ



1 KG.

BÓNUS PÁSKAEGG
1998 KR.



OPNUM
KLUKKAN
10



BÓNUS ÍS 2 LTR.
SÚKKULAÐI - VANILLA
JARDARBERJA

359 KR.



BÓNUS BRAGÐAREFUR
2 .LTR.

498 KR.



398
KR. 500 G

500 GRÖMM
BÓNUS KAFFI

DARF AÐEINS AÐ HITTA



998
KR. 1 KG

BÓNUS
KJÚKLÍNGAMOLAR
1 KG - FULLELDAÐIR - BARA AÐ HITTA
4000 POKAR Á ÞESSU VERÐI



BÓNUS 5 FLATKÖKUR: 98 KR.
HANGIÁLEGG 143 GR: 398 KR.

5000 ÖSKJUR
AF HANGIKJÖTI Í
BODI Á ÞESSU VERÐI
398 KR.

6		5		9	
7	4		6		5
8		2	4	6	
	7				8
9	1			5	4
4				1	
	3	7	5		9
5		9		8	1
	8		6		7



Þjóðverjar eru til fyrirmyndar

Halldór Gylfason fer með hlutverk breska séntilmannsins Adrian Higgins í Hótel Volkswagen, nýju verki eftir Jón Gnarr sem frumsýnt er í Borgarleikhúsinu í kvöld. Hann sagði *Kjartani Guðmunds-syni* frá sjálfsblekkingu, skinkubrúfum og sumarfrísplani.

KÖTTARI Halldór Gylfason hefur um ævina meðal annars ætlað sér að verða íþróttamaður og tollvörður, en á að baki farsælan feril sem leikari og tónlistarmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Fyrsta skiptið sem ég kom fram opinberlega sem skemmtikraftur var í MH. Sjálfur var ég í MS en Óli frændi minn var í skemmtinefnd MH og hafði heyrt mig spila nokkur frumsamin, einlæg og dálítið bjánaleg lög í fjölskyldubóði. Hann vildi fá mig og Sigurjón bróður minn til að skemmta í busavígslu skólans og við samþykktum það, en þegar við komum á staðinn var ókyrrð og ólátí í salnum og hvorki staður né stund fyrir tónleika. Páll Óskar, sem var í kjól, kynnti okkur á svið sem frændur hans Óla. Það var verið að níðast á busunum, þetta var ömurlegt og enginn að hlusta, nema nokkrir á fremsta bekk sem þúðu á okkur. Þeirra á meðal var Benedikt Erlingsson,“ rifjar Halldór Gylfason upp sín fyrstu kynni af mannum sem leikstýrir honum þessa dagana í verkinu Hótel Volkswagen eftir Jón Gnarr, sem verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld. Halldór tekur þó fram að hann erfi þetta atvik ekki við Benedikt, þótt vissulega hafi honum sárnað á sínum tíma.

Halldór, sem síðan hefur gert það gott sem meðlimur í hljómsveitinni Geirfuglunum, hefur raunar verið með annan fótinn í tónlist frá gagnfræðaskólaaldri og byrjaði snemma að semja lög.

„Meðal þeirra fyrstu var lag sem ég samdi um Dallas-þættina þegar ég var níttján ára. Ég var svakalegur Dallas-nörd og er enn þeirrar skoðunar að ekkert sjónvarpsefni komist með tærnar þar sem Ewing-fjölskyldan hefur hælana. Ég hef séð alla þættina, frá upphafi til enda, og í þeim er hrein og tær persónusköpun, oft og tíðum afbragðsgóður leikur og ef rýnt er í þá er um að ræða djúpt og flott stöf í líkingu við gríska harmleiki eða Shakespeare. Ég ræddi þættina í þáula við vini mína og fjölskyldu á sínum tíma og samdi þetta lag þar sem segir meðal annars: „JR á skjáinn, ég á ekki lengur neitt hobbí. Ég hræðist ei manninn með ljáinn og hugur minn beinist að Bobby“. Þegar eitthvað hefur svona djúpstæð áhrif á mann verður kveðskapurinn sannur,“ segir hann og bætir við að hann hafi verið beðinn um að taka Dallas-lagið í partí fyrir nokkrum árum og það hafi staðist tímans tönn.

Leikur aðalsborinn aumingja

Hótel Volkswagen er afrakstur starfs Jóns Gnarr sem hússkálds Borgarleikhússins árið 2010, en verkið er að hluta byggt á samnefndu útvarpsleikriti sem frumflutt var í útvarpsþáttunum Heimsendi sem borgarstjórninn núverandi og Sigurjón Kjartansson sáu um á Rás 2 fyrir nærri tveimur áratugum.

Hlustaðir þú á útvarpsleikritið á sínum tíma?

„Já, ég man mjög vel eftir þáttunum þeirra Jóns og Sigurjóns á Rás 2 og fannst þeir rosalega skemmtilegir. Þá var ég í leiklistarskólanum og ég man að mér þótti grínið þeirra svo nýtt, ferskt og spennandi að mig dreymdi um að fá að spreyta mig á einhverju sem þeir félagarnir kæmu nálægt í framtíðinni. Ég leik Adrian Higgins, breskan séntilmann og aristokrat sem klæðist fínunum fötum og borðar fínan mat, hreyfir sig lítið og vinnur ekkert. Í rauninni er hann aðalsborinn aumingi. Adrian er giftur Paul Jenkins, en hann er karlmaður sem þykist vera kona og allir samþykkja það og leiða hjá sér. Adrian og Paul eru sífellt að reyna að eignast barn, sem gengur illa. Það er hluti af sjálfsblekkingunni sem er allsráðandi á Hótel Volkswagen. Svenni, sá sem rekur hótelið, upplifir sig sem ægilegt gáfumenni og djúppenkjandi gúru en hefur alla sína grunnu þekkingu úr blaðafyrirsögnum. Þetta er bilað fólk sem reynir að viðhalda ríkjandi ástandi. Sá eini sem engu lýgur og er heill í sínu er nasistaforinginn.“

Er þetta súrrealískt verk? Aðeila jafnvel?

„Það er undiralda í verkinu. Það fjallar um sjálfsblekkinguna sem er alls staðar og gegnir því hlutverki að halda öllum góðum. Ég veit ekki hvort það er súrrealískt en það er skrítið og ótrúlega sniðugt og myndi. Það er tæpt á geðveiki, samkynhneigð, subbuskap og ýmsu fleira skemmtilegu. Svo er líka smá nekt í verkinu og tveir þýskir fjárhundar, en hundurinn úr Galdrakarlinum í Oz fékk ekki hlutverk. Okkur hefði þótt það of skrítið að nasistaforinginn væri með sama hund og Dóra.“

En hvar er Hótel Volkswagen?
„Tja, hvar er Hálsaskógur? Hvar eru Kardemommubærinn og Hvergiland? Þetta er ævintýraland. Kannski vilja

einhverjir meina að Hótel Volkswagen sé Ísland.“

Ætlaði að verða tollvörður

Halldór, sem er fæddur árið 1970, útskrifaðist úr Leiklistarskólanum árið 1997 og hefur verið fastráðinn leikari í Borgarleikhúsinu frá 1998, auk þess að koma fram í fjölda sjónvarpsþátta og kvikmynda. Lengi framan af ævinni stefndi hann á frama í íþróttum, æfði meðal annars fótbolta, handbolta, hestafróttir og sund með ágætis árangri að eigin sögn, en hætti öllu slíku stússi um átján ára aldurinn.

Hvernig breyttust áherslurnar?

„Ég fékk bakteríuna og vildi komast á svið. Ég rétt komst inn í Leiklistarskólann í annarri tilraun vegna þess að einn strákur, Selyfssingur um þrí-tugt, hætti við. Í millitíðinni vann ég á geðdeildum og velti fyrir mér að fara til útlanda að læra leiklist, en það var dýrt og ég var lélegur í ensku. Á tíma-bili var ég að hugsa um að gerast tollvörður. Hugsaði með mér að það væri þægilegt djögg og gott að geta stungið á sig einni og einni bokku og skinkubrúfi. En ef ég hefði gerst tollari hefði ég ekki verið svo heppinn að fá að takast á við öll þessi stórskemmtilegu verkefni sem ég hef unnið að.“

Árin í Borgarleikhúsinu eru orðin fjórtán talsins. Þú kannst vel við þig þar?

„Já, alveg frábærlega. Ég hef verið mjög heppinn með verkefni, því þau hafa verið virkilega fjölbreytt. Ég er mikill liðsheildar-leikari. Mitt markmið er ávallt að búa til góða sýningu með góðum hópi, frekar en að moka undir einhvernum einum sem er aðal, gerir allt og fær allt hrósið. Ég er meira fyrir hópinn og gildir þá einu hvaða hlutverki ég gegni í þeim hópi. Þetta er bara eins og með þýska landsliðið í knattspyrnu. Þeir eru svo agaðir og massífir og þar er alvöru liðsheild á ferðinni. Þeir eiga kannski fáar stjörnur en eru samt ótrúlega góðir vegna þess að liðsheildin virkar. Það er uppskriftin að góðum árangri. Berum Þjóðverjana svo saman við Englendinga, þar sem allt snýst um eina eða tvær stjörnur og svo geta þeir aldrei neitt.“

Gerirðu þá ráð fyrir að fylgjast vel með EM í knattspyrnu í sumar?

„Já, að sjálfsögðu og ég styð Þjóðverja til góðra verka. Annars er ég einmitt að byrja að huga að sumrinu þessa

dagana og geri ráð fyrir að veiða dálítið og fara með Höllu Skúladóttur konunni minni og börnunum Gylfa og Lovísu til útlanda. Til Spánar, jafnvel.“

Köttarar komnir með bumbur

Talandi um fótbolta. Þú ert uppallinn í Þróttarahverfinu og harður stuðningsmaður liðsins. Fyrir um tíu til fimmtán árum vöktu Köttarar, stuðningsmannahópur félagsins, mikla athygli fyrir skemmtilega og fjöruga umgjörð um leiki liðsins þar sem þú varst áberandi. Minna hefur borið á slíku hin síðari ár. Hvað veldur?

„Þetta var rosalega skemmtilegt þarna í kringum 1997, en Köttararnir sem stóðu mest í þessu þá eru hreinlega orðnir gamlir og komnir með fjölskyldu og bumbur. Þá er erfiðara að rífa upp stemningu á fótboltavelli og manni finnst eiginlega að slíkt eigi að vera í höndum yngri manna. Það hefur ekki tekist nægilega vel að færa keflið niður á við, þótt stemningin í Þrótti hafi á köflum verið góð síðustu ár. Verkefnið var alltaf að Þróttarar væru ekki endilega bestir en að við værum flottastir og skemmtilegastir, og við þurfum að endurnýja þessa hugsun innan félagsins. Sjálfur mæti ég enn þá á alla leiki sem ég get.“

Hverjar eru væntingarnar fyrir sumarið í 1. deildinni?

„Við erum með ungt og sprækt lið núna og ég held að félagið sé að fara skynsama leið með að reyna að halda í stráka sem eru uppaldir í liðinu. Framtíðin ætti því að bera björt, en það veltur mikið á því hvort hægt sé að gera þessum ungu og efnilegu strákum grein fyrir því að árangur liðsins sé í þeirra höndum, að þeir hafi möguleika á að búa sjálfir til eitthvað nýtt og stórt með því að halda hópnum saman í stað þess að tveir eða þrír hverfi alltaf á braut til annarra liða þar sem brautinn hefur verið rudd fyrir þá. Það er hrikalegt að sjá átján ára efnilega stráka fara til stærri liða til þess eins að sitja á bekknum. Að sjá svona frægðarfangara fara til þessara siðblindu hákarla, KR, FH og Vals, sem nenna ekki sjálfir að ala upp góða yngri flokka heldur leggja alla áherslu á að borga einhverjum útbrunnnum leikmönnum svimandi upphæðir og sækja svo unga og efnilega stráka í önnur lið. Þessi félög láta aðra vinna skítverkin fyrir sig. Ég fyrirlið KR, FH og Vals!“



Svo er líka smá nekt í verkinu og tveir þýskir fjárhundar, en hundurinn úr Galdrakarlinum í Oz fékk ekki hlutverk. Okkur hefði þótt það of skrítið að nasistaforinginn væri með sama hund og Dóra.

Fermingar



tilboð



= NÚ 29.995,-
 ÁÐUR 42.795,-
 SPARAÐU 12.800,-

ARBUS Skrifborð m/4 skúffum. 110x60x76,4 cm. Hvitt melamín. 19.900,- **NÚ 14.500,-**

BELLO Skrifborðsstóll. 16.900,- **NÚ 11.500,-**

RETRO Borðlampi. 5.995,- **NÚ 3.995,-** Ýmsir litir.

© ILVA Ísland 2012



GABEL Hægindastóll. Svart textílleður. H69 cm. **27.900,-**




REINDEER HEAD Hreindýrshöfuð. H30 cm. 3.995,- **NÚ 2.995,-**



DICE Skemill. Textílleður. 43x43x38 cm **7.900,-** Til í fleiri litum.



CANVAS PRINT Svartur grunnur. 80x130 cm. 19.900,- **NÚ 14.900,-**
 100x160 cm. 29.900,- **NÚ 21.900,-** 125x200 cm. 39.900,- **NÚ 29.900,-**
 Hvítur grunnur. 80x130 cm. 19.900,- **NÚ 14.900,-** 100x160 cm. 29.900,- **NÚ 21.900,-**



ILVA Hreindýramyndir. Flokkur 3. 23,5x27,5 cm. **3.995,-** Flokkur 4. 33x43 cm. **4.995,-**
 Flokkur 11. 42,5x53 cm. **7.995,-**



FOUR Veggihillur 4 stk. í pk. S:35x17x26 cm
 M:45x22x30 cm L:53x27x34 cm
 XL:61x32x38 cm **24.900,-**
 Einnig til svartar og hvítar



GAUDY GLOBE Loftljós. Ø36 cm. **8.995,-**
 Einnig til í fjólublátt og glært.



MONACO SPEGILL Svartur/silfurl. 95x95 cm. **17.995,-**
 Svartur/silfurl. 50x80 cm. **9.995,-**
 Svartur. 50x120 cm. **14.995,-**
 Svartur/silfurl. 65x170 cm. **19.995,-**



TREE Fatastandur. H174 cm. **9.900,-**



GLOBE Hnöttur. Ø30 cm. Svartur/silfurlita. **19.995,-** Einnig til hvítur/silfurlita og Ø20 cm **9.995,-**



CHAMBRAY Rúmföt, navy blá. 140x200/60x63 cm. 100% bómull. **8.995,-**



UNPLUG Lyklakippa m/innstungu. **2.495,-**
 Einnig til í bleik/svört eða hvít.



OSLO Ábreiða. 100% ull. 130x200 cm. **6.995,-** Einnig til í fleiri litum.



24SEVEN Grjónapúði. 135x160 cm. 100% pólýester. **19.900,-**
 Einnig til í fleiri litum.



5% af allri mottusölu rennur til krabbameinsfélagsins



SPARKLING Lime/multi/gul/nouveau. 100% pólýester. 140x200 cm. 29.900,- **NÚ 19.900,-** 170x240 cm. 44.900,- **NÚ 29.900,-**



Bjódum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða



sendum um allt land

Tilboð gilda 24. og 25. mars

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
 mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18



Mikið unnið en talsvert enn í land

Eftir rúma sex mánuði rennur út frestur sem Alþingi setti sér til að ljúka **umbótastarfi** sem þingmannanefnd undir forystu Atla Gíslasonar lagði til, haustið 2010. **Porgils Jónsson** kynnti sér hvað hefur áunnist og hvað stendur enn út af. Stór mál eins og þingsköp og lög um stjórnarráðið hafa verið afgreidd, en þingmenn mega hafa sig alla við til að ljúka störfum innan tímarammans.

Skýrsla þingmannanefndar undir forystu Atla Gíslasonar, þáverandi þingmanns Vinstri grænna, sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar

Alþingis, markaði nokkur tímamót.

Þar má segja að þingheimur í heild sinni hafi opinberlega gengist við því í fyrsta sinn að margt hafi verið gagnrýnivert í störfum þings, ríkisstjórnar og opinberra eftirlitsstofnana. Var enda þingsályktunartil-laga varðandi efni skýrslunnar og leiðir til úrbóta samþykkt einróma á þingi með atkvæðum allra 63ja þingmanna.

Í ræðu sinni þegar hann mælti fyrir málinu á þingi hinn 13. september 2010 sagði Atli meðal annars: „[S]tóra niðurstaða er þessi: Við föllumst á niðurstöður skýrslu rannsóknarnefndarinnar í meginatriðum og þær eru í meginatriðum lagðar til grundvallar.“

Skýrsla þingmannanefndarinnar var yfirlitsskipt og komu þar fram umbótatillögur í tugum liða. Þær lutu að fjármálafyrirtækjum, eftirlitsstofnunum, stjórnslu, siðferði og samfélagi og loks Alþingi. Ályktun þingsins í endanlegri mynd kvað hins vegar á um endurskoðun löggjafar eða undirbúning nýrra laga í tólf liðum auk þess sem ráðist skyldi í þrjár rannsóknir eða úttektir.

Skýr tímarammi

Þessari umbótaáætlun var svo gefinn skýr tímarammi. Atli sagði það einmitt vera eitt mesta afrek skýrslunnar að setja skýran tímaramma og að nefnd skuli hafa eftirlit með að úrbótunum verði hrint í framkvæmd innan hans.

„Miða skal við að þeim úrbótum verði lokið fyrir 1. október 2012,“ sagði Atli og bætti við:

„Það þýðir á mannamáli að skýrslan eigi ekki að fara ofan í skúffu og rykfalla heldur eigi að fylgja henni eftir.“

Síðan þá hefur mikið starf verið unnið í stjórnslunni og á Alþingi. Forsætisráðuneytið hefur haft yfirlitsskipt með innleiðingu tillagnanna fyrir hönd stjórnvalda og samkvæmt upplýsingum þaðan er umbótastarfið hafið og langt komið í flestum tilteknum liðum.

Tveimur stórvæðingum lokið

Þar má helst nefna endurskoðun laga um þingsköp Alþingis og laga um Stjórnarráð Íslands en ný lög tóku gildi síðasta haust.

Lagabreytingarnar tvær voru víð-

tækar og leituðust við að svara gagnrýni á virkni þingsins, stjórnslunnar og framkvæmdavaldsins.

Helstu markmið þingskapalaganna eru að gera starf þingsins markvissara með breytingum á nefndaskipan, og auk þess er staða þingsins gagnvart framkvæmdavaldinu skýrð og styrkt að mörgu leyti.

Í stjórnarráðslögunum er hins vegar leitast við að auka samhæfni og samvinnu milli ráðuneyta, meðal annars með stofnun ráðherranefnda í helstu málaflokkum þar sem málefnaþingráðherra skarast.

Önnur atriði sem tiltekin eru í þingsályktuninni og hefur formlega verið gengið frá með lagasetningu eru annars vegar endurskoðun löggjafar um háskóla og hins vegar löggjafar um fjármálastarfsemi.

Misjöfn staða mála

Þau atriði sem standa enn út af borðinu eru mislangt á veg komin en þó öll í ferli. Sum eru þegar komin fram sem frumvörp, líkt og fjölmiðlalög, eða jafnvel komin til umræðu á þingi eins og upplýsingalögin. Önnur stendur til að leggja fram á vörþingi. Þar eru til dæmis lög um endurskoðendur og lög um reikningsskil og bókhald.

Endurskoðun stjórnarskrár og laga um ráðherraábyrgð og landsdóm, er í vissri biðstöðu. Alþingi hefur fengið frumvarp stjórnarráðs til umfjöllunar og til stendur að leggja það fyrir þjóðina í sumar áður en lengra er haldið með það, og þá er þess beðið að Landsdómur ljúki meðferð á máli Geirs H. Haarde áður en þau lög verða tekin til endurskoðunar.

Undir þingmönnum komið

Þegar horft er til eðlis og umfangs þeirra verkefna sem enn standa út af borðinu og þess tíma sem

er til stefnu er ljóst að enn er margt óunnið. Hins vegar er ekki hægt að líta framhjá því sem þegar hefur verið áorkað og þeirri staðreynd að öll eru málin komin á einhvern rekspól í umbótaátt.

Þau hafa því ekki verið sett ofan í skúffu til að safna ryki, alveg eins og Atli Gíslason sagði á sínum tíma. Enn hljóta flestir þingmenn að vera þeirrar skoðunar að margs konar lærdóm megi draga af hrininu og til þess voru tillögur nefndarinnar samþykktar.

Hvort þingið nái að standa við sín eigin háleitu markmið og tímasetningar í þessum efnunum er undir þingmönnum komið.



FYRIRHEIT Atli Gíslason sést hér í september 2010 kynna niðurstöðu þingmannanefndar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Í umbótatillögum nefndarinnar, sem samþykktar voru einróma á þingi, var kveðið á um að innleiðingu umbótanna ætti að ljúka fyrir 1. október næstkomandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

■ STEFNA AÐ ÞVÍ AÐ KLÁRA Á RÉTTUM TÍMA

Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

„Við stefnum að því að allt verði klárað á réttum tíma,“ segir Valgerður Bjarnadóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, en nefndin fékk fyrir nokkrum vikum það verkefni að fylgja umbótaverkefnum eftir.

„Við höfum verið önnur kafin upp á síðkastið vegna stjórnarskrármálsins og annars og höfum því ekki fjallað sér-

staklega um málið enn sem komið er. Við tökum það þó upp þegar um hægist, sem ég vona að verði sem allra fyrst. Eg mun, sem formaður, þá leggja mikla áherslu á að við munum standa klár á öllu innan þess tíma sem þinginu var gefinn og við munum reka áfram þau mál sem óklárúð eru eftir því sem þau koma til kasta þingsins.“



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

■ HÓFU UMBÆTUR STRAX ÁRIÐ 2009

Ragnhildur Arnliótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu

Forsætisráðuneytið hefur ásamt öðrum ráðuneytum unnið að umbótavinnunni innan stjórnslunnar. Ragnhildur Arnliótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, segir umbætur innan ráðuneytanna hafa hafist áður en tillögur þingmannanefndarinnar voru kynntar.

„Í raun hófumst við handa strax árið 2009 við að yfirfara starfshætti stjórnslunnar með markvissum hætti og höfðum hafið innra starf við skipulagsbreytingar áður en rannsóknarnefndin skilaði sinni niðurstöðu. Þannig má segja að frá árinu 2009 hafi staðið yfir endurskoðunar- og úrvinnslutímabil hjá okkur. Á þeim tíma höfum við til dæmis gjörbreytt skipulagi Stjórnarráðsins og gert fjölmargt til að bæta vinnulag innan þess.“

Ragnhildur nefnir sem dæmi að sameining og



RAGNHILDUR ARNLIÓTSDÓTTIR

fækkun ráðuneyta hafi gefið afar góða raun og gefi góð fyrirheit með framhaldið.

„Við höfum lagt mikla vinnu í þetta verkefni síðustu misseri eins og margir aðrir. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur til dæmis unnið mjög öfluglega að þessum málum. Starfsmenn Stjórnarráðsins hafa staðið sig afar vel undir miklu álagi og stjórnslan hér á landi hefur verið að fá mjög góðar umsagnir til dæmis frá alþjóðastofnunum sem við erum í samvinnu við. Ég tel því að stjórnslan hafi staðið sig mjög vel í umbótastarfinu í kjölfar hrunsins. Innleiðing þessara umbóta hefur verið

mikið en um leið skemmtilegt verkefni. Þetta er afar mikilvæg vinna sem hefur tekið mikinn tíma en mun tvímælalaust sanna gildi sitt þegar fram líða stundir.“

■ UMBÓTATILLÖGUR OG STAÐA EFNDA ÞEGAR UM HÁLFT ÁR ER TIL STEFNU:

Þingmannanefndin lagði til eftirfarandi lausnir til úrbóta. Miðað var við að öllum þessum verkefnum yrði lokið fyrir 1. október í ár.

I. Endurskoða löggjöf og eftir atvikum undirbúa löggjöf á tilgreindum sviðum:

1. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Endurskoðun stjórnarskrárinnar er í fullum gangi. Stefnt er að því að leggja frumvarp stjórnarráðs fyrir þjóðina með framsetakösinum. Þingið mun svo afgreiða málið í framhaldinu.
2. Lög um þingsköp Alþingis. Ný lög um þingsköp Alþingis tóku gildi síðasta haust, en þau voru að stórum hluta byggð á athugasemdum Rannsóknarnefndar Alþingis og þingmannanefndarinnar.
3. Lög um ráðherraábyrgð og lög um landsdóm. Endurskoðun bíður þess að máli Geirs H. Haarde ljúki. Upp úr því ferli verður lagt mat á lögin og hvað megi betur fara.
4. Lög um Stjórnarráð Íslands, stjórnslulög, upplýsingalög og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ný lög um Stjórnarráð Íslands komu fram síðasta haust. Frumvarp til upplýsingalaga hefur verið lagt fyrir Alþingi og bíður endanlegrar afgreiðslu. Endurskoðun starfsmannalaga er til skoðunar í ráðuneytum og kölluð hefur verið til þriggja manna sérfræðinefnd til að meta hvort þörf sé á endurskoðun stjórnslulaga.

5. Löggjöf um starfsemi á fjármálamarkaði. Lögun var breytt sumarið 2010 þar sem tekið er á flestu sem Rannsóknarnefnd gerði athugasemdir við, meðal annars frádrætti eigin hlutabréfa, tengdum aðila, meðferð bréfa í öðrum fjármálafyrirtækjum og banni við að veita lán sem eru tryggð með veði í eigin hlutabréfum.
6. Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Er komið á dagskrá vörþings.
7. Löggjöf um eftirlit með fjármálastarfsemi á vettvangi Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins og annarra eftirlitsaðila. Tiltæk verði viðbragðsáætlun við fjármálaáfalli. Skýrsla um framtíð fjármálamarkaða og opinbert eftirlit var kynnt í gær. Hún verður tekin fyrir á þingi þar sem framhaldið og

hugsanlegar breytingar á löggjöf munu ráðast í meðförum þingsins. Skýrsla um þjóðhagsvarúðartæki er einnig væntanleg.

8. Löggjöf um háskóla og fjölmiðla. Lögun um opinbera háskóla var breytt árið 2010. Þar var meðal annars skert á því hlutverki háskóla að miðla fræðslu og þjóna almenningi en einnig breytt skipan í háskólaráð þar sem ráðherraábyrgð var fulltrúum var fækkað. Frumvarp til laga um fjölmiðla liggur fyrir, en hefur ekki verið tekið til meðferðar þingsins.
9. Löggjöf um reikningsskil og bókhald. Lög um endurskoðendur. Endurskoðun löggjafar um reikningsskil og bókhald, sem og löggjöf um endurskoðendur er komið á þingmálaskrá vörþings.
11. Stofnun verði sjálfstæð ríkisstofnun sem fylgist með þjóðhagsþróun og semji þjóðhagsspá. Alþingi er að skoða málið í samvinnu við stjórnarráðið. Líklegt er að hugmyndir um slíkt geti legið fyrir í byrjun september.
12. Aðra löggjöf sem nauðsynlegt er að endurskoða með hliðsjón af tillögum þingmannanefndar.

Þingmannanefndin tiltók tugi atriða í skýrslu sinni. Þau falla flest undir ofangreinda lagabálka, en einnig hefur þurft að aðlaga önnur lög að þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

II. Eftirfarandi rannsóknir og úttektir fari fram á vegum Alþingis:

1. Sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi lífeyrissjóða á Íslandi. Í kjölfar þess fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi lífeyrissjóðanna. Skýrsla um starfsemi lífeyrissjóða kom út fyrir skemmstu. Hún var unnin að frumkvæði lífeyrissjóðanna. Ríkissáttasemjari skipaði rannsóknarnefndina. Alþingi mun meta hvort frekari úttekt sé þörf.
2. Sjálfstæð og óháð rannsókn á aðdraganda og orsökum falls sparissjóða á Íslandi. Rannsóknarnefnd hefur þegar verið skipuð og á að skila niðurstöðum fyrir 1. júní í ár.
3. Stjórnsluúttekt á Fjármálaeftirlitinu og Seðlabanka Íslands. Alþingi á enn eftir að útfæra þessa úttekt og skipa þá sem munu sjá um rannsókn ef af henni verður.



Vnr. 44217477
Safnpoki, margnota,
56x56x46 cm.

1.890 kr.

VERÐVERND BYKO
LÆGSTA
VERÐIÐ



Vnr. 55900055
Laufhrífa, plast, 24 tanna.

1.290 kr.

Vnr. 79290094
Hjólborur, 80 l.

4.990 kr.

Vnr. 55900007
Malarhrífa, 12 tanna
með trefjaplástskafi.

2.175 kr.

VOR Í LOFTI

GOTT ÚRVAL AF GARÐVÖRUM

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

1962-2012



RÉTTI TÍMINN TIL AÐ KLIPPA

Hugsaðu vel um garðinn þinn!



Einhell
Vnr. 74830040
EINHELL greinakurlari,
2000W, tekur 40 mm
þykkar greinar.

19.900 kr.



Einhell
Vnr. 74830004
EINHELL hekkklippur AHS 50-16.
Sverðlengd 50 cm, 450W.

5.990 kr.



Einhell
Vnr. 74830034
EINHELL keðjusög, 1800W,
blaðlengd 40 cm.

12.990 kr.



Ráðgjöf kl. 12-15
í BYKO Breidd í dag!

VORVERKIN Í GARÐINUM

Auður I. Ottesen, garðyrkjufræðingur og ritstjóri Sumarhússins og garðsins, verður í BYKO Breidd í dag kl. 12-15 og veitir góð ráð um vorverkefni í garðinum. Auður veitir m.a. ráð um klippingar, vetrargræðlinga, sáningu og vorlauka, en einnig þest annað sem viðkemur garðinum. Nú er tímabært að huga að vorverkunum og um að gera að nýta sér þekkingu Auðar til að vinna þau sem best.

ÖFLUG VERKFÆRI FYRIR HVERS KYNS FRAMKVÆMDIR



Einhell
Vnr. 74801026
EINHELL juðari BT-OS 150. Aðeins 1,3 kg.
Ótrúlega seigur 150W juðari.

2.990 kr.



Einhell
Vnr. 74801610
EINHELL slípirokkur BT-AG 500.
Nettur og léttur slípirokkur.
Aðeins 1,68 kg.

3.690 kr.



Einhell
Vnr. 74800700
EINHELL höggborvél
BT-ID710, snúningshraði
er 0-2700 sn/min, er með
13 mm sjálfherðandi patrónu.

4.990 kr.



Einhell
Vnr. 74804114
EINHELL rafhlöðuborvél
14,4V. Ódýr og góð borvél
sem hentar vel fyrir heimilið,
taska og aukarafflaða.

5.990 kr.



Svanavatnið verður til

Listdanskóli Íslands leggur þessa dagana loka-hönd á undirbúning afmælisýningarinnar en skólinn fagnar 60 ára afmæli í ár. Tvær sýningar verða á mánudag á verkinu **Svanavatnið í Svartaskógi** en allir nemendur skólans taka þátt í dansinum. *Anton Brink* og *Haraldur Guðjónsson* litu við á æfingu í vikunni.

> **vísir**

Frekari upplýsingar um sýningu Listdanskóla Íslands og fleiri myndir á Vísir



SKÓDAGAR!

LAUGARDAGINN 24. MARS OG SUNNUDAGINN 25. MARS

20% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM
SKÓM



 **INTERSPORT**

LINDUM / BÍLDSHÖFDA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 24. – 25. MARS.

ÞAD ER **SPORT** AD **SPARA**



FLY ME TO THE MOON Pauline lét sig ekki muna um að taka lagið fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins þegar hann myndaði hana í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjálfsagt að hjálpa öðrum

Pauline McCarthy hefur aldrei talið eftir sér að rétta öðrum hjálparhönd. Pauline, sem er frá Glasgow, hefur búið á Íslandi um árabíl og ætíð sinnt góðgerðarmálum af miklum krafti. **Sigríður Björg Tómasdóttir** hitti Pauline yfir kaffibolla í vikunni.

Númer hvað notar þú af skóm? er næstum því það fyrsta sem Pauline McCarthy segir við blaðamann Fréttablaðsins sem hún hefur boðið í heimsókn á hlýlegt heimili sitt á Akranesi. Í forstofunni eru nefnilega til inniskór í öllum stærðum. Það væri ef til vill einkennilegt á flestum heimilum, en er einkar viðeigandi hjá Pauline sem tekur afar oft á móti gestum. „Eina helgina nýverið hurfu þrír þokar af kaffi, það komu svo margir í heimsókn,“ segir Pauline og hlær. Hún hlær mikið og kemst reyndar oft við líka. Þessi tilfinningaríka kona var valin Hvunnadagshetja þegar Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru afhent á dögunum. Viðurkenningin féll henni í skaut fyrir óeigingjarnt starf sem sjálfboðaliði fyrir Rauða krossinn, fyrir starf sitt fyrir Félag nýrra Íslendinga og ýmis önnur sjálfboðastörf. Pauline opnar til að mynda ætíð heimili sitt um jól fyrir einstæðingum.

„Ein jólin vorum við sautján en þetta hefur alltaf blessast, það er nóg pláss hér. Það er alltaf mjög gaman hjá okkur og sannast sagna hef ég aldrei áhyggjur af því hvort ég hafi efni á þessu. Svo höfum við fengið óvæntar matargjafir og stundum kemur fólk með eitt-hvað með sér,“ segir Pauline sem lifir sannarlega samkvæmt því að sella sé að gefa en þiggja.

Ólst upp í Glasgow

„Mér hefur alltaf þótt sjálfsagt að hjálpa öðrum. Ég er alin upp við þá lífsspeki,“ segir Pauline sem óx úr grasi í Glasgow í tíu systkina hópi. Foreldrar hennar voru kápólskir og fóru oft í messu með barnahópin. „Sjálfboðastörf voru hluti af uppeldinu og auðvitað átti að hjálpa náunganum. Pabbi og mamma unnu sjálf sjálfboðastarf fyrir kirkjuna og mamma tók gjarnan tíu bauka með heim úr kirkjunni og sendi okkur svo í göturnar í kringum heimili okkar til þess að safna fé

til góðgerðarmála,“ segir Pauline. „Foreldrar mínir voru mér miklar fyrirmyndir, mamma var húsmóðir en faðir minn starfaði í skipasmíðastöð þangað til á áttunda áratugnum. Þá varð mikill samdráttur og hann missti vinnuna. Í kjölfarið tók hann að sér ýmis störf fyrir kirkjuna en fékk svo starf á vistheimili fyrir drengi sem lent höfðu á glapstígum. Þar var hann tekinn fram yfir fólk sem hafði háskólagráður, enda sagðist hann hafa háskólagráðu í barnauppeldi eftir að hafa alið upp tíu börn,“ segir Pauline.

„Foreldrar mínir voru bæði skarpgreind en áttu þess ekki kost að læra í háskóla, þeim var því mikið í mun að við gengum menntaveginum. Ég er lærður meinatæknir og systkin mín eru öll langskólagentin, þannig að sá draumur rættist,“ segir Pauline og sýnir mér stærðarmynd af fjölskyldum systkina sinna og foreldrum sem skipar heiðursess í stofunni.

Trúboði um árabíl

Pauline vann í átta ár sem meinatæknir en þá tók við tímabil þar sem hún starfaði sem trúboði fyrir Sameiningar-kirkjuna (Unification church). „Ég skipti um söfnuð, foreldrum mínum til lítillar ánægju, og tilheyrði þessu trúfélagi um árabíl, þangað til mér fór að þykja það of öfgafullt. Ég vann sem trúboði fyrir félagið í mörgum löndum, sinnti alls konar sjálfboðastörfum, vann til dæmis á munaðarleysingjahæli í Búlgaríu. Ég var dugleg að safna fé til góðra verka. Stundum stóð ég fyrir skemmtunum og söng í fjárflyunaraskyni. Það hef ég reyndar gert frá unga aldri og geri enn,“ segir Pauline og hlær

dátt. Pauline hefur haldið uppteknum hætti og treður stundum upp hér á landi. Hún hefur einnig gefið út disk en hann er seldur til styrkar Mæðrastyrksnefnd.

En að aðdraganda Íslandsferðar. „Í Sameiningar-kirkjunni tíókaðist

ad stofnandi trúfélagsins, hinn kóreski Moon, paraði saman meðlimi trúfélagsins og margir kannast við fjölmennar hjónavígslur trúfélagsins,“ segir Pauline. „Ég ákvað að láta bara slag standa, enda hafði fyrsta hjónaband mitt með manni sem ég valdi sjálf lokið með skilnaði. Í minn hlut kom íslenskur maður og því flutti ég til Íslands sumarið 1993 og gekk í hjónaband. Ég varð fljótlega ólétt sem var mikil hamingja en meðgangan reyndist mér afar erfið. Ég fór fljótlega að finna fyrir skelfilegum verkjum sem bara ágerðust. Það reyndist vera liðagigt og eftir þjáningafulla mánuði

þá fékk ég loksins lyf við henni. En meðgangan og fæðingin voru afar erfið,“ segir Pauline sem raunar er óvinnufær vegna gigtar.

Gat ekki sinnt sonum sínum

Nokkru eftir að sonur hennar, Benedikt, fæddist kom í ljós að hann var einhverfur. Tveimur árum síðar varð Pauline aftur ólétt og gekk aftur í gegnum afar erfiða meðgöngu en henni fæddist annar sonur Patrick. „Ég var svo veik eftir þessa meðgöngu að ég gat ekki hugsað um börnin mín. En veistu hvað, ég trúði því að það góða sem maður gerir skili sér margfalt til baka. Þegar ég var ung, um tvítugt, þá átti ég margar vinkonur sem voru einstæðar mæður. Þær voru alltaf að segja mér að þær fengju aldrei frí þannig að ég bauðst til þess að sjá um börnin þeirra einn

laugardag í mánuði. Ég fyllti bílinn af börnum og fór með þau á ströndina. Þarna hjálpaði ég vinkonum mínum, og löngu síðar þegar ég var hér á Íslandi veik með ung börn þá fékk ég ómetanlega aðstoð frá vinum sem hjálpuðu mér mikið,“ segir Pauline sem minnst sérstaklega með hlýju japanska vina sem aðstoðuðu hana mikið.

Þrátt fyrir erfiðleika missti Pauline aldrei móðinn. „Mér var sagt að eldri sonur minn Benedikt myndi aldrei ganga og hann var ekki farinn að tala tveggja ára. En svo kom hvorutveggja. Þessir yndislegu drengir mínir hafa báðir þurft mikla umönnun, en þeir hafa gefið mér mikið. Stundum var ég spurð þegar ég var með þá litla og sjálf svona veik hvernig ég kæmist í gegnum daginn. En ég hef alltaf verið jákvæð og haft gott fólk í kringum mig.“

Talar við alla

Pauline lýsir sjálfri sér sem mikilli félagsveru og hún á marga vini á Íslandi. „Ég er ekkert feimin og á aldrei erfitt með að tala við fólk. Í neðanjarðarlest í New York er ég farin að tala við alla eftir smá

stund og ég get fengið ókunnugt fólk til að taka lagið með mér.“

Pauline bjó í Reykjavík í mörg ár en eftir að hún hafði kynnst núverandi manni sínum Tryggva Sigfússyni afréðu þau að flytja til Akraness. „Mér var sagt af sérfræðingum að hér væri ein besta sérkennsludeild á landinu en eldri sonur minn lenti í einelti í sínum gamla skóla. Við fluttum búferlum og kunnum vel við okkur.“

Pauline hefur sett svip sinn á bæjarfélagið frá upphafi. „Ég gerðist sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum hér og svo bauð ég mig auðvitað fram þegar von var á flóttakonunum frá Palestínu. Þá var mér reyndar ekki úthlutað fjölskyldu, heldur var ég einfaldlega beðin um að vera þeim öllum innan handar,“ segir Pauline og hlær. „Það kom sér auðvitað vel því ég gat skotist og aðstoðað þær á vinnutíma þegar eitthvað kom upp á.“ Eljusemin hefur vakið athygli á Akranesi og víðar en tilnefningin til Samfélagsverðlaunanna kom Pauline þó algerlega á óvart. „Ég var svo snortin og hrærd. Ég hef aldrei sinnt sjálfboðastörfum til að fá athygli, þau eru bara hluti af lífinu.“

LISTASÝNING, LJÓSMYNDIR OG LUNDAEGG

Pauline hefur margt á sinni könnu eins og fram kemur í viðtalinu. Meðal verkefna sem hún vinnur að núna er að búa til umbúðir um Freyjunammið Djúpur, sem hana langar til að selja ferðamönnum sem lundaegg. „Fólk sem á fimm barnabörn getur ekki lopaþeytur handa þeim öllum en allir geta kippt með sér sælgæti,“ segir hún.

Aannað verkefni sem hún er að vinna að í ár er Project 12. Það er net-samfélag sem Pauline setti á laggirnar og snýst um að hvetja fólk til þess að birta eitt listaverk í mánuði á síðunni, en ekki skiptir máli hvernig verkið er. Slóðin á þetta verkefni er <http://www.2012project12.com/>.

En það er fleira sem á hug hennar allan um þessar mundir. Félag nýrra Íslendinga og Áttthagastofan í Ólafsvík eru að skipuleggja listasýningu núverandi og fyrirverandi íbúa á Vesturlandi sem eru af erlendum uppruna. „Við erum að leita að listamönnum fyrir sýningarnar sem verða á Akranesi, í Borgarnesi og í Ólafsvík,“ segir Pauline sem hvetur áhugasama til að senda sér línu á netfangið societyofnewicelanders@gmail.com.

Nefna má að Pauline hefur skemmtilegar hugmyndir að kvöldstund sem veita á konum með tíðahvörf innblástur og hefur hún sett ræðustúf inn á Youtube undir heitinu Pearls of Pauline.

Loks stendur fyrir dyrum árleg páskaeggjaleit á Akranesi sem Félag nýrra Íslendinga skipuleggur ár hvert með þátttöku leikskólanna.

LAGERÚTSALA 15 - 70% AFSLÁTTUR



LÝKUR Á MORGUN SUNNUDAG!



Opið Laugardag frá kl. 10 til 18 • Sunnudag frá kl. 13 til 18
Lagersalan fer fram í **Casa** Skeifunni 8.

Casa

www.casa.is



ENBEITT Í PRÓFI Þessir nemendur spreyttu sig á Pisa-prófinu í Hólabrekkuskóla á fimmtudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Taktu litla PISA-prófið

Þekkir þú námsefnið úr grunnskóla nægilega vel til að það nýtist þér í daglegu lífi? Taktu þetta litla próf og kannaðu málið. Hafðu samt í huga að hið raunverulega **PISA-próf** samanstendur af 100 spurningum og það tekur 2 klukkustundir að svara því.

■ VEGGJAKROT

Lestu bréfin og svaraðu svo spurningunum.

Ég er sjóðandi ill nú þegar búið er að þrifa og mála skólavegginn fjórum sinnum til að losna við veggjakrot. Sköpunargleði er aðdáunarverð en fólk ætti að finna leiðir til að tjá sig sem íþyngja ekki þjóðfélaginu með aukakostnaði. Til hvers að skemma orðstír unga fólksins með því að krotta á veggjum þar sem það er bannað? Atvinnulistamenn hengja ekki málverkin sín upp úti á götu, eða hvað? Þess í stað leita þeir fjármögnunar og verða frægir með því að sýna á löglegan hátt. Að mínu mati eru hús, grindverk og garðbökkir listmunir í sjálfu sér. Það er ómurlagt að skemma þessa byggingarlist með veggjakroti og það sem meira er; aðferðin eyðir ósónlaginu. Ég skil ekki af hverju þessir brotlegu listamenn eru að hafa fyrir þessu þar sem „listaverk“ þeirra eru bara fjarlægð aftur og aftur.

Helga

Það er ekki hægt að útskýra smekk manna. Samfélagið er fullt af boðskiptum og auglýsingum. Fyrirtækjamerki, nöfn á verslunum. Stór yfirþyrmandi plaköt við vegkantana. Er þetta ásættanlegt? Já, í flestum tilfellum. Er veggjakrot ásættanlegt? Sumir segja já, aðrir nei. Hver er það sem geldur fyrir veggjakrotið? Hver er það sem borgar fyrir auglýsingarnar á endanum? Alveg rétt. Neytandinn. Hafa þeir sem settu upp auglýsingaskiltin beðið þig um leyfi? Nei. Eiga þá þeir sem stunda veggjakrot að gera það? Er þetta ekki allt bara spurning um boðskipti – þitt eigið nafn, nöfnin á klíkum og stór listaverk á götunum? Hugsaðu um röndóttu og köflóttu fötin sem komu í búðir fyrir nokkrum árum. Og skíðafötin. Mynstrin og litirnir voru stolin beint af flúruðum steinveggjum. Það er bráðfyndið að þessi mynstur og litir hljóta viðurkenningu og aðdáun en veggjakrot sem gert er í sama stíl þykir hræðilegt. Þetta eru erfiðir tímar fyrir listina.

Soffía

1a. Tilgangur þessara bréfa er að:

- A útskýra hvað veggjakrot er.
- B setja fram skoðun á veggjakroti.
- C sýna fram á vinsældir veggjakrots.
- D segja fólki hve miklu er eytt í að fjarlægja veggjakrot.

1b. Af hverju minnst Soffía á auglýsingar?

- 1c. Helga nefnir kostnað við að fjarlægja veggjakrot af veggjum og grindverkum. Hvaða annars konar „kostnað“ nefnir Helga?

■ NIRFILLINN OG GULLIÐ HANS

Dæmisaga eftir Esóp

Nirfill nokkur seldi allt sem hann átti og keypti gullklump sem hann gróf ofan í holu í jörðina við hliðina á gömlum vegg. Hann fór daglega að skoða hann. Einn af vinnumönnum hans tók eftir tíðum ferðum nirfillsins á staðinn og ákvað að fylgjast með ferðum hans. Vinnumaðurinn uppgötvaði fljótt leyndarmálið um falda fjársjóðinn og þegar hann gróf niður rakst hann á gullklumpinn og stal honum. Í næstu heimsókn sinni kom nirfillinn að holunni tómri og hóf að reyta hár sitt og kveina hástöfum. Þegar nágranni hans sá hann svona yfirbugaðan af sorg og heyrði ástæðuna sagði hann: „Ég bið þig að syrgja ekki svona; farðu heldur og náðu í stein, settu hann í holuna og ímyndaðu þér að gullið liggir þar enn. Það kemur þér að jafn miklu gagni; því að meðan gullið var þar, þá áttir þú það ekki þar sem þú notaðir það alls ekki neitt.“

2a. Lestu setningarnar hér fyrir neðan og númeraðu þær í samræmi við röð atburðanna í textanum.

Nirfillinn ákvað að skipta öllum peningunum sínum í gullklump.
Maður stal gulli nirfillsins.
Nirfillinn gróf holu og faldi fjársjóð sinn í henni.
Nágranni nirfillsins sagði honum að setja stein í stað gullsins.

2b. Hvernig eignaðist nirfillinn gullklump?

■ HVERNIG GEKK ÞÉR?

1a. Rétt svar er B. 1 stíg fæst fyrir það.
1b. 1 stíg fæst fyrir að nefna tengsl milli veggjakrots og auglýsinga, t.d. að auglýsingar séu jafn yfirgnæfandi og veggjakrot, eða að sumum þykir að auglýsingar jafn ljótar og málverk gerð með úðabúðum.
1c. 1 stíg gefst fyrir að benda á einhverjum kostnað sem nefndur er í textanum, til dæmis umhverfiskostnað eða að veggjakrotið kosti ungt fólk orðstírinn.
2a. 1 stíg fæst fyrir að merkja setningarnar í þessari röð: 1,3,2,4.
2b. 1 stíg fæst fyrir að tilgreina að nirfillinn hafi selt allt sem hann átti.
0 stíg þú getur ekki lesið þér til gagns.
1-2 stíg Þú hefur gott af því að dusta rykið af grunnskólakunnunum.
3-4 stíg Lesskilningur þinn er þvölgilegur, þú þér veitir ekki af smávægis upp-
5 stíg Lesskilningur þinn er mjög góður.
Lestu saman stígin þín og berðu saman við töfluna hér fyrir neðan.

■ ALMAR M. HALLDÓRSSON

Niðurstöðurnar nýtast beint í skólastarfi



Við höfum mýmörg dæmi um að niðurstöðurnar úr PISA-könnuninni hafi nýst beint í skólastarfinu, bæði við stefnumótun og til upplýsinga,“ segir Almar M. Halldórsson, verkefnastjóri hjá Námsmatsstofnun, sem hefur meðal annars PISA-könnunina á sinni könnu. Hann segir könnunina hafa mikið gildi fyrir íslenskt samfélag. Hann nefnir sem dæmi umræðuna um að fjórðungur íslenskra drengja geti ekki lesið sér til gagns. Þær niðurstöður hafi einmitt verið fengnar úr PISA-könnun ársins 2009. „Eftir að þessar niðurstöður birtust spratt hópur rithöfundna fram á völlinn og bjó til hópinn „Alvara málsins“ til að vekja athygli á ástandinu. Það er gott dæmi um hvernig upplýsingar úr PISA-prófinu hafa verið nýttar.“

Hann segir að nú starfi um 12 faggreinakennarar úr grunnskólum í Reykjavík með Menntavísindasviði Háskóla Íslands að því að gera breyt-

ingar á kennslu sinni, í anda kenningaranna OECD um lesskilning og læsi, sem prófað er út frá í Pisa-prófinu. Þetta segir hann ekki gert til að samræma kennsluáferðir á milli landa, heldur að skapa kennsluáferðir sem nýtist nemendum best í undirbúningi fyrir lífið. „Markmið PISA er alls ekki að vera stýrandi, heldur að taka stöðuna á lesskilningi og læsi eftir grunnskóla til að meta hvort nemendur geti nýtt sér það sem þau hafa lært til að leysa verkefni daglegs lífs sem hugsandi og virkur borgari þarf að takast á við.“

PISA-prófið er nú lagt fyrir íslensk ungmenni í fimmta sinn. Niðurstöðurnar hafa hingað til verið misjafnlega góðar, eftir því í hverju er prófað. Lesskilningur íslenskra barna er þannig yfir meðaltali OECD og einungis 10 lönd skora hærra en Ísland þar. Ungmenni í fimmtán löndum eru hins

vegar betur læs á stærðfræði og í 23 löndum eru þau betur læs á náttúrufræði, samkvæmt niðurstöðum ársins 2009. „Í náttúrufræðikennslunni höfum við að hluta eða algjörlega hunsað þessa færni, að geta skilið út á hvað námið gengur. Utanbókarlærdómur fyrir próf er ekki nið, heldur þurfa nemendur að átta sig á því hvað hugtök í náttúrufræði þýða í raun og veru,“ segir Almar.

Slakar niðurstöður hafa ekkert með það að gera að hér hafi nemendur ekki tekið könnuninni alvarlega, eins og stundum hefur verið nefnt, segir Almar. „Ég get staðfest að svo er ekki, ekki frekar en í öðrum löndum. Jú, við myndum hækka ef fleiri tækju prófið alvarlega en árið 2009 sýndu kannanir að 3 af hverjum fjórum nemendum sögðust sjálfir hafa lagt sig álíka vel fram og í öðrum prófum í skólanum. Það er hærra hlutfall en á heimsvísu.“

67 þjóðir leggja Pisa-prófið fyrir 15 ára nemendur í ár. Þar af eru öll lönd í Evrópu og Norður-Ameríku, flest lönd í Suður-Ameríku, mörg lönd í Asíu, Ástralía og Nýja-Sjáland.

3 er prófað í PISA – lesskilningur, læsi á stærðfræði og læsi á náttúrufræði.

4.000 íslenskir nemendur taka PISA-prófið í ár.

5 sinnum hefur Pisa-könnunin verið gerð að þessu ári meðtöldu, en hún var lögð fyrir árið 2000, 2003, 2006 og 2009.

10 þjóðir sem tóku þátt í PISA árið 2009 voru með betri árangur í heild í prófinu en Ísland. Þetta voru Ástralía, Belgía, Finnland, Hong Kong, Japan, Kanada, Kórea, Nýja-Sjáland, Singapur og Sjanghai.

10 lönd mældust með marktækt betri árangur í lesskilningi en Ísland árið 2009. Hér er lesskilningur íslenskra barna betri en meðaltal OECD-landanna.

15 lönd voru marktækt hærra en Ísland í stærðfræðilæsi árið 2009.

23 lönd voru marktækt hærra en Ísland í náttúrufræðilæsi árið 2009.


100% í öllum þátttökulöndum er lesskilningur stúlkna betri en drengja.

PISA? Hvað er það og af hverju skiptir það mig máli?

Um þessar mundir þreyta grunnskólanemar hið alþjóðlega PISA-próf, sem lagt er fyrir fimmtán ára nemendur fjölda þjóðlanda á þriggja ára fresti. Prófað er í lesskilningi, læsi á stærðfræði og læsi á náttúrufræði. Prófið er til þess gert að meta hversu vel skólakerfið hefur undirbúið nemendur sína fyrir lífið og hversu vel þeim muni takast að nýta þekkingu sína og reynslu úr grunnskóla til að leysa úr verkefnum daglegs lífs þegar skyldunámi lýkur. PISA-prófið er ekki einstaklingspróf, nemendur fá ekki einkunn úr því og niðurstöður þess eru ekki rekjanlegar til þeirra sjálfra. Niðurstöðurnar eru eingöngu notaðar til að meta hversu vel nemendur eru almennt undirbúnir og hvernig þeir standast samanburð við önnur lönd.

SÝNING UM HELGINA

EITT MESTA ÚRVAL AF NÝJUM OG NOTUÐUM FERÐAVÖGNUM





TEC
verð frá kr. 3.990.000.

T@B L400 TD
kr. 3.990.000.



T@B 320
kr. 2.850.000.

KOMDU OG
VELDU ÞÉR
FERÐAVAGN OG
LIT FYRIR SUMARIÐ



PALOMINO
verð frá kr. 1.890.000.



ÆGISVAGNINN
kr. 1.090.000.



SEGLAGERÐIN ÆGIR

Þar sem ferðalagið byrjar

TIL ÞJÓNUSTU Í 99 ÁR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Opið
Laugardag 11:00-16:00
Sunudag 12:00-16:00

HINN HARÐI TÓNLISTARBRANSI

Hljómsveitin **Nylon** lét sér ekki nægja að breyta nafni sínu í **Charlies** fyrir fáum árum heldur tóku meðlimirnir sér einnig ný og alþjóðlegri nöfn: Klara Ósk Elíasdóttir varð **Klara Elias**, Alma Guðmundsdóttir varð **Alma Goodman** og Steinunn Þóra Camilla Sigurðardóttir tók sér harðkjarnanafnið **Camilla Stones**.



Fleiri meik-nöfn tónlistarfólks:

Björgvin Halldórsson - **Bo Hall**
 Jóhanna Guðrún Jónsdóttir - **Yohanna**
 Þorsteinn Eggertsson - **Stoney, den Islandske Elvis**
 Geir Ólafs - **Ice Blue**
 Eiríkur Hauksson - **Eric Hawk**
 Vilhelm Anton Jónsson (Naglbítur) - **Vilhelm**
 Birgir Örn Steinarsson (Maus) - **Bigital**

Aðrar hljómsveitir sem breytt hafa nöfnum sínum:

Sykurmolarnir - **The Sugarcubes**
 Kolrassa krókríðandi - **Bellatrix**
 Sálin hans Jóns míns - **Beaten Bishops**
 Stuðmenn - **Strax**
 Botnleðja - **Silt**
 Nýdönsk - **Arctic Orange**
 Hljómar - **Thor's Hammer**
 Risaeðlan - **Reptile**
 Vinir vors og blóma - **Shooting blanks**
 Síðan skein sól - **SSSól**



LJÓS OG MYRKUR

VISKA OG HEIMSKA

GOTT OG ILLT

ÁST OG HATUR

ÖRVÆNTING OG VON

HELSI OG FRELSI

SPURNINGAR OG SVÖR

SKÖPUN OG EYÐING

ÖRYGGI OG ÓTTI

UPPHAF OG ENDALOK

SEKT OG SAKLEYSI

LÍF OG DAUÐI

ÓREIÐA OG REGLA

ÓSIGUR OG SIGUR

EYÐING OG GRÓSKA

DAGUR OG NÓTT

HROKI OG AUÐMÝKT

KULDI OG HLÝJA

ÆSKA OG ELLI

SÝKNA OG DÓMUR

GÆFA OG ÓGÆFA

RÉTTLÆTI OG RANGLÆTI

FRIDUR OG STRÍÐ

SKYNSEMI OG TILFINNINGAR

HUGREKKI OG HUGLEYSI

HIMINN OG JÖRÐ


GRÆÐGI OG NÆGJUSEMI

SORG OG GLEÐI

BÓK BÓKANNA

Gefið feringarbörnunum gott veganesti

KILJA



JPV
 JPV ÚTGÁFA
 www.forlagid.is



BRÚNÓ Damon Younger (til vinstri), sem var skírður Ásgeir Þórðarson, í hlutverki sínu í kvikmyndinni Svartur á leik.

MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

Hall d'Or og Hatla

Lengi hefur tíðkast að Íslendingar, sem vilja slá í gegn, taki upp svokölluð **meik-nöfn** sem henta betur alþjóðasamfélaginu en hin ástkæru, ylhýru. **Kjartan Guðmundsson** rifjaði upp nokkur dæmi um slíkt í gegnum tíðina.

Þegar spurðist út um afrek leikarans Damons Younger, sem slegið hefur í gegn í hlutverki sínu sem illmennið Brúnó í kvikmyndinni Svartur á leik sem trekkir íslenska áhorfendur að bíóhúsum um þessar mundir, héldu margir að um væri að ræða erlendan mann. Raunin er þó sú að Damon Younger er eins ramm-íslenskur og skyr og var skírður Ásgeir Þórðarson. Í kjölfar vinsælda Svarts á leik hefur Ásgeir sá verið þráspurður um ástæðu nafnbreytingarinnar og raunin mun vera sú að þegar kom að útskrift úr leiklistarskóla í Bretlandi hafi skólameistarinn hreinlega krafist þess að Ásgeir veldi sér leikaranafn, því hann fengi aldrei vinnu úti í hinum stóra heimi sem Ásgeir Þórðarson.

Þetta er fráleitt einsdæmi meðal Íslendinga sem dreymir um að slá í gegn í útlöndum. Söngvarinn Stefán Guðmundsson tók upp nafnið Stefano Íslandi, eða Stefán Íslandi, þegar hann söng á Ítalíu um tíma og sjálft Nóbelskálidið Halldór Laxness, sem fæddist Halldór Guðjónsson, kallaði sig Hall d'Or þegar hann freistaði þess að leggja kvikmyndaheiminn í Hollywood að fótum sér seint á þriðja áratug síðustu aldar.

Þótt oft sé einbeittur meikvilji að baki slíkum meik-nöfnum virðist sem þau séu á stundum fyrst og fremst fundin upp í hálfgerðu gríni. Til að mynda sneri tónlistamaðurinn Helgi Björnsson skemmtilega út úr nafni sínu og stofnaði fyrirtækið Holy B í kringum sjálfan sig. Á textablaði safnplötunnar Northern Light

Playhouse, sem Fálkinn gaf út árið 1982 í þeim tilgangi að kynna íslenska tónlist fyrir umheiminum, er að finna upplýsingar á ensku um Utangarðsmenn, eina þeirra sveita sem eiga lög á plötunni. Þar hafa meðlimir sveitarinnar allir fengið ný nöfn: Bubbi Morthens kallast einfaldlega Mr. Morthens, trommarinn Magnús Stefánsson er Mad Dog Magoo, bassaleikarinn Rúnar Erlingsson er Rooney the Ripper og gítarbræðurnir Mike og Danny Pollock kallast þar Mickey Dean og Dirty Dan. Fyrirsæturnar Berglind Ólafsdóttir og Ásdís Rán eiga það sameiginlegt að hafa leitað í íslenskar tákmyndir í sínum meik-nöfnum, Berglind Icey og IceQueen. Þá kynnti Unnur Birna Vilhjálmisdóttir sig sem U.B. þegar hún sigraði keppnina um fegurstu konu heims árið 2005.

HUGSANLEG MEIK-NÖFN



Par lágu Danir í því

„Ímyndunaraflíð hefur aldrei leyft mér að hugsa lengra en að slá í gegn í Danmörku. Það væri líka miklu skemmtilegra en að „meikaða“ í Hollywood,“ segir leiknonan **Anna Svava Knútsdóttir** og bætir aðspurð við að í slíkum tilgangi gæti hún hugsað sér að taka annað hvort upp nafnið **Anna Andersen** eða **Anna Knudsen**. „Anna Andersen væri fínt því maðurinn hennar mómmu heitir Jakob Andersen. Þá myndu kannski einhverjir líka rugla mér saman við Pamelu Anderson, því eftirnöfnin eru svo lík.“

Flott nafn sem breytir engu

„Ég myndi líklega velja nafnið **Kris Jansson**,“ segir tónlistarmaðurinn **Eyjólfur Kristjánsson**, Eyfi, um hugsanlegt meik-nafn. „Það er þjált í munni og flott bæði fyrra og seinna nafn, en líka nánast það sama og föðurnafnið mitt Kristjánsson. Ef það er sagt hratt hljómar það alveg eins og þegar enskumælandi fólk segir Kristjánsson, þannig að þarna er ég með flott sviðsnafn, en breyti í raun og veru engu.“



Ískalt hasarnafn

„Ég var reyndar kallaður The Nordic Prince af stúlknaðópi sem lærði með mér leiklist í Bandaríkjunum, en það var meira gælunafn en meik-nafn,“ segir **Jóhann G. Jóhannsson** leikari.

„Sjálfur hef ég lítið þælt í þessum málum en félagar mínir hafa stungið upp á því, vegna þess að millinafnið mitt er Gunnar, að ég kalli mig **Gunner Frost** í útlöndum. Það er alveg grjóthart nafn sem vísar í þjóðernið. En leikari með svona nafn myndi líklega ekki í fá hlutverk í myndum á borð við Terms Of Endearment eða Out Of Africa, heldur bara í einhverjum hasar- og hryllingsmyndum, sem færi mér afar illa því ég er mjög mjúkur maður.“



Á hvíta tjaldinu

Íslendingurinn **Pétur Rögnvaldsson** (1934-2007), sem flutti til Bandaríkjanna til að keppa í íþróttum og rataði fyrir tilviljun inn í kvikmyndabransann vestanhafs, kallaði sig **Peter Ronson** þegar hann lék Íslendinginn Hans í Leynardarómum Snæfellsjökuls, eða Journey to the Center of the Earth árið 1959. Hann keppti síðar á Ólympíuleikum fyrir Íslands hönd.



Fleiri meiknöfn leikara:

Anna Björnsdóttir - **Anna Björn**
 Halla Vilhjálmisdóttir - **Hatla Williams**
 Þorvaldur Davíð Kristjánsson - **Thor Kristjánsson**

BRÚÐKAUP

LAUGARDAGUR 24. MARS 2012

Kynningarblað

Morgungjafir
Brúðarskart
Dekur
Matur og gisting
Ólíkir giftingasiðir
Fróðleikur



Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir snyrtifræðingur og samstarfsfólk hennar hjá Laugum Spa taka vel á móti brúðhjónum í dekur.



MYND/GVA

Dekrað við turtildúfur í Laugum Spa

Tyrkneskt bað, súkkulaðinudd og heitir pottar er bara brot af því sem brúðhjónum býðst í **Baðstofunni í Laugum Spa**. Starfsfólkið leggur sig fram svo að hin verðandi hjón eigi sem notalegasta stund saman.

Við dekrum vel við brúðhjón hér hjá Laugum Spa og bjóðum upp á sérstakt Brúðhjónadekur,“ segir Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir snyrtifræðingur hjá Laugum Spa. Brúðhjónadekrið er hálfur dagur sem tilvonandi brúðhjón geta eytt saman fyrir stóra daginn eða farið í eftir að veisluhöldum er lokið.

„Dagurinn byrjar með tyrknesku baði. Eftir það tekur við paranudd. Svo fá þau léttá máltíð inni í Baðstofunni og léttvinsglas með og borða bara saman á sloppunum, mjög afslappað og kósý,“ segir Aðalheiður. „Eftir

matinn fara þau saman í andlitsbað og fót snyrtingu og geta látið fara vel um sig í lazyboy-stólum á meðan. Þau geta líka fengið handsnyrtingu meðan þau liggja í stólunum.“

Aðalheiður segir Brúðhjónadekur mjög vinsælt í brúðgjaðir. Þá koma brúðhjónin saman á hveitibrauðsdögunum og slaka á, sem er vel þegin gjöf eftir langan og strangan brúðkaupsundirbúning. Mörg brúðhjón kaupa sér líka Brúðkaupsdekurdag sjálf og skelli sér saman til að fríska sig upp fyrir athöfnina.

„Það er líka hægt að koma

saman í einstakar nuddmeðferðir í paraherbergið. Við erum til dæmis með súkkulaðinudd sem er mjög vinsælt í kringum brúðkaup og fyrir Valentínusardaginn. Þau eru þá nudduð upp úr ekta súkkulaði sem blandað er ilmólíum. Við höfum boðið upp á þessa meðferð í nokkur ár og hún er mjög vinsæl hjá okkur,“ segir Aðalheiður.

Aðspurð hvort brúðgumarnir séu viljugir að mæta í dekur segir Aðalheiður þá oft halda að dekur sé bara fyrir konur til að byrja með en svo snúist þeim hugur.


„Þeir verða mjög hrifnir þegar þeir mæta og koma svo aftur og

leyfa sér jafnvel meira dekur en konurnar. Þeir fara mikið í fót snyrtingu og handsnyrtingu eða andlitsbað og nudd fyrir brúðkaupsdaginn, en konurnar koma í gelneglur, andlitsbað eða litun og plokkun fyrir stóra daginn. Það er líka vinsælt að koma í airbrush daginn fyrir brúðkaupið.“

Í Baðstofunni í Laugum Spa eru sex misheitar blautgufur og þurrufur með mismunandi ilmi, nuddpottur með jarðsjó, heit og köld sjóböð og sérstakar fótalaugar. Þar er sex metra breiður foss sem hægt er að baða sig undir, matsölustaður og slökunarher-

bergi með arineldi. Þá er einnig aðgangur að sundlauginni í Laugarðal. Allir sem koma í Baðstofuna fá slopp og handklæði og segir Aðalheiður vinsælt að mæta með vini og ættingja fyrir brúðkaup.

„Hópurinn getur þá borðað þar saman og farið í laugarnar. Gæsa- og steggjahópar nýta sér einnig Baðstofuna mikið. Þá eru verðandi brúðir sendar í nudd meðan vinkonurnar eru í pottunum. Stráarnir eru meira í því að senda stegginn í vax og stríða honum svolítið en svo taka bara við notalegheit í Baðstofunni á eftir,“ segir hún.



Upplifun á líkama og sál
Úrval gjafabréfa í nudd- og snyrtimeðferðir

LAUGARSPA

Sundlaugarvegi 30a - S. 533 1177 - www.laugarspa.is - laugarspa@laugarspa.is



RÓA TAUGARNAR FYRIR RÆÐUHÖLDIN

Pegar halda á ræðu í stórri veislu geta taugarnar brugðist. Fyrir óvana ræðumenn er gott að hafa eftirfarandi atriði í huga:

Ræðuna skal semja í næði. Því betri einbeiting sem næst við undirbúning ræðunnar því betur festist hún ræðumanni í minni. Ef ræðan fjallar um það sem er ræðumanni kært reynist honum einnig auðveldara að flytja hana af innlifun og hrífa áhorfendur með sér.

Gott er að æfa ræðuna þar sem veislan mun fara fram. Þar með fær ræðuhaldarinn tilfinningu fyrir því hversu hátt þarf að tala og getur séð fyrir sér áhorfendur í sætum.

Ef allt er tilbúið á réttum tíma, ræðan útprentuð og fötin pressuð og hrein eru minni líkur á að hlaup á síðustu stundu slái ræðumann út af laginu.

Pegar horft er framan í fullan sal af fólki er gott ráð að horfa á einn punkt á vegg, aftast í salnum, rétt fyrir ofan áhorfendur. Þá eru minni líkur á að augnsamband við gesti geri ræðumann feiminn.

EINFALT BROT OG FLJÓTLEGT

Falleg og flókin servíttubrot gefa veisluborðunum hátíðlegan blæ.

Það getur hins vegar verið tímafrekt að brjóta tugi og jafnvel hundruð servíetta í flókin brot þegar margt annað þarf að gera og stóra stundin nálgast hratt. Einföld servíttubrot má gera falleg með lítilli fyrirhöfn svo salurinn fái hátíðlegt yfirbragð. Brjótið servíettuna einfaldlega í fernt og leggið ofan á diskinn. Rúllið servíttunni upp í hól og smellið teygju utan um. Ef til vill er hægt að smeygja afskornu blómi í teygjuna ef fleiri hendur eru um verkið.

Brjótið servíettuna horn í horn svo hún myndi þríhyrning og leggið undir diskinn eða undir hnífapörin. Eins er hægt að láta þríhyrninginn standa á disknum með því að glenna hornin út.

Óstýrilátan vönd má búa til með því að taka í miðju servíttunnar, hrista hana til og stinga henni svo ofan í hátt vatnsglas svo hún flæði krumpuð upp úr glasinu.



Frank Michelsen segir verslunina bjóða fjölbreytt úrval af fallegu brúðarskarti og morgungjöfum. Hér með skart frá Daisy.

MYND/GVA

Brúðarskart og morgungjafir



Michelsen úrsmiðir á Laugavegi hafa um árabil boðið upp á vönduð úr og skartgripi. Þar á meðal er fallegt brúðarskart og morgungjafir sem tengjast dönsku konungsfjölskyldunni.

Í verslun Michelsen við Laugaveg 15 er að finna fleira en vönduð úr. Þar er líka fallegt brúðarskart og morgungjafir í góðu úrvali. Mikilla vinsælda nýtur skartgripalína frá George Jensen sem Frank Michelsen segir tengjast konungsfjölskyldunni dönsku.

„Línan leit fyrst dagsins ljós þegar Margrét Þórhildur Danadrottning fæddist. Þá fékk drottningin fyrstu skartgripina á sængina. Fyrst kallaðist línan Margaret eftir henni en svo var línunni breytt og kallast eftir það Daisy eða Freyjubrá upp á íslensku. Síðan hefur kóngafólk á Norðurlöndunum skartað skartgripunum við hátíðleg tilefni og þannig hafa þeir fylgt því um langt skeið.“

Frank segir útlit Daisy-línunnar vera undir áhrifum frá blóminu sem hún heitir eftir. Þannig megi greina í henni blómamynstur. „Hún fæst svo í settum þar sem velja má um þrjár gerðir af hringum, tvær af eyrnalokkum, þrens konar hálsfestar og arm-



Viktória krónprinsessa er ein þeirra sem hefur borið skart frá Daisy við hátíðleg tilefni.

NORDICPHOTOS/AFP

bönd og nælu. Annað hvort í silfrudu eða gylltu með emaleroðum litum en hvítt hefur notið mestra vinsælda í brúðarskart enda hvítur talinn tákn sakleysis.“ Úrvalið er hægt að sjá á www.michelsen.is.

Michelsen úrsmiðir bjóða líka

íslenska skartgripi sem Frank segir tilvalda í brúðarskart. „Við erum með fallega línu sem kallast Sumarblær og er í blómalíki, rétt eins og Daisy. Hún samanstendur af tvenns konar hringum, eyrnalokkum og þremur hálsmenum sem má velja um. Svo fæst líka Hjartagull, annað hvort í formi hálskeðja eða eyrnalokka,“ segir hann og getur þess að að baki línunni standi Ása Gunnlaugsdóttir skartgripahönnuður og gullsmiður en um hana má fræðast á vefsíðunni www.asajewellery.com.

Verslunin selur líka úr og skart sem Frank segir vinsælt í morgungjafir. „Við erum meðal annars með Movado-úr sem eru þekkt fyrir fallega hönnun. Einnig Rolex-úr sem eru samnefni fyrir gæði,“ tekur hann sem dæmi og segir úrval vand- aðra hringa líka bjóðast.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlöð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411 og Sverir Birgir Sverrisson sverrirb@365.is s. 4125432. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

<p>Moulinex Klassísk, öflug og virkilega falleg.</p> <p>Innilegar hamingjuóskir!</p>	<p>SOLIS SAFAPRESSAN VINSÆLA OF SWITZERLAND</p> <p>Hollir ávaxta- og grænmetisdrykkir með safapressu frá SOLIS.</p>	<p>brabantia</p> <p>Hágæða stálmnifar í eldhúsið. Gott úrval.</p>	<p>brabantia</p> <p><i>get together</i></p> <p>Hnífapör í burstuðu stáli. Flottur borðbúnaður.</p>	<p>brabantia</p> <p>BRAUDBOX · FÖTUR Heimspækt hönnun</p>
<p>VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI VÆNTANLEGUM BRÚÐHJÓNUM OG STOFNUM BRÚÐAR-GJAFALISTA Í ÞEIRRA NAFNI.</p> <p>Tefal Jamie Oliver POTTAR OG PÖNNUR</p>	<p>ÍTALSKT ESPRESSÓ Beint í bollann – ilmandi ferskt.</p> <p>STÓR-SKEMMILEG!</p>	<p>assistant</p> <p>FÆST Í FIMM LITUM</p> <p>Assistant® Original-hrærivélin er lífstíðareign.</p>	<p>Tefal ACTIFYR</p> <p>NÝTT SNILLDARTÆKI FRÁ TEFAL Tryggir holla og næringaríka eldamennsku.</p>	<p>DRAUMARYKSUGAN ER FRÁ AEG</p> <p>ÞÆR GERAST EKKI BETRI!</p>

Gjafakort frá Ormsson er góð gjöf!

ORMSSON

Kata las leiðbeiningablaðið fyrir næstu þraut. „Hvaða tveir kubbar, frá A til G, passa utan á bláa kubbin svó þeir myndi saman ferhyrning.“ „Ég myndi nú segja enginn,“ bætti hún við. „Ég get ekki séð að neinn þeirra passi.“ Lísaloppa velti þrautinni fyrir sér nokkra stund. „Jú, ég held að einhverjir þeirra passi,“ sagði hún svo. „Þessi blái liggur bara á hliðinni, sjálfsagt til að gera þrautina erfiðari.“ „Það er svo sem auðvitað, gera hana erfiðari,“ sagði Kata og dæsti. „Jæja, þá þurfum við bara að velta honum á hliðina í hugarum og sjá hverjir af hinum kubbum passa sittthvorumegin á hann.“

Getur þú hjálpað Kötú og Lísaloppu að finna hvaða tveir kubbar passa utan á bláa kubbin svó úr verði ferhyrningur?



BRANDARAKISTAN

Einu sinni kom Jói rennandi blautur heim. Þegar hann kom inn spurði mamma hans: „Af hverju ertu svona blautur, Jói minn?“ Jói: „Við vorum í hundaleik!“ Mamma Jóa: „Og hvað?“ Jói: „Og ég var ljósa-staur.“

Lítill strákur er á biðstofu læknis þegar hann sér óléttu konu. Hann horfir á hana í smá stund, þegar mamma hans spyr hann hvað séð að. „Af hverju er konan með svona stóra bumbu?“ spyr strákurinn. „Af því að hún er með barn í bumbunni,“ svarar mamman. „Er þetta gott barn?“ spyr strákurinn. Mamman jánkur því. „Af hverju borðaði hún þá barnið sitt?“

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is



MÚNKHÁSEN Í GAFLARALEIKHÚSINU

FRÉTTABLAÐID/DANIEL

ÞIÐ GETIÐ BARA SPURT ELDFJALLAGUÐINN

Barón Múnkhásen er mættur í Gaflaraleikhúsið og þar segir hann krökkum og fullorðnum frá öllum ævintýrunum sem hann hefur lent í. Það eru sko engin smá ævintýri. Hann hefur til dæmis farið til tunglsins og snúið úlfi á rönguna.

Hvaðan ert þú? „Ég er nú hvorki meira né minna en þýskur barón og heiti fullu nafni Karl Friedrich Hírónýmus Fræherr Von Múnkhásen. Að vísu kallar Tyrkjasöldán mig þýska Rússaskítinn en hann er sjálfur alveg kolruglaður þannig að þið skuluð ekki taka mark á honum.“

Hvað heitir hesturinn þinn? „Ef ég á að segja alveg satt frá þá hef ég aldrei spurt hann að nafni. Hann er frá Litháen og ég kalla hann aldrei annað en litháíska gæðinginn minn. En ég verð að muna að spyrja hann að nafni næst þegar ég hitti hann.“

Hvernig er tunglið á litinn? „Á tunglinu glitrar allt eins og silfur. Einu sinni týndi ég silfuröxinni minni á tunglinu og það var sko enginn hægðarleikur að finna hana. Loks fann ég hana samt í bing af sinu og söxuðum hálm.“

Var þér ekkert illt í höfðinu eftir að þú togaðir þig upp á hárinu? „Alls ekki. Mér hefur aldrei verið illt í höfðinu. Hins vegar var mér einu sinni illt í maganum. Þá hafði ég gleypst vekjarklukku og magapínan versnaði þegar klukkan fór að hringja. En ég bjargaði málunum með því að kyngja kirsuberjasteini sem ég skaut með kyngingarvöðv-

unum beint í takkann sem drap á klukkunni. Þá leið mér miklu betur.“

Finnst þér þjónustustúlkan þín sætust af öllum í heiminum? „Sko – málið er að ég er ástfanginn af gúrkuprinsessunni en er samt alveg voðalega skotinn í skjaldsveininum mínum. Finnst ykkur það vera flókið? Já, mér

„Ég fer alltaf rétt með staðreyndir! Ég var vissulega kjarkaður hermaður og barðist með Rússum á móti Tyrkjum.“

líka, ég skil bara ekkert í þessu.“ **Sagði mamma þín þér aldrei að það væri ljótt að skrökva?** „Jú, hún sagði á hverjum degi við mig og ég er alveg sammála henni. Enda segi ég alltaf satt! Í alvörunni! Alveg hreina satt. Þið getið bara spurt eldfjallaguðinn.“ **Var úlfurinn sem þú snerir á rönguna grimmur?** „Hann var svo blóðþyrstur og grimmur að eina ráðið var að stinga höndunum upp í hann og hreinlega snúa honum við eins og upp-

þvottahanska. Þið skuluð samt ekki prófa það heima hjá ykkur – nema með uppþvottahanska.“ **Varstu í alvörunni hermaður eða er það allt plat?** „Plat!?!? Hvurslags dómadags dónaskapur er þetta. Ég fer alltaf rétt með staðreyndir! Ég var vissulega hugrakkur hermaður og barðist með Rússum á móti Tyrkjum. Hefurðu kannski ekki heyrt af því þegar ég fékk mér far með fallbyssukúlunni? Það er alveg heimsfrægt!“

Hvert var skemmtilegasta ævintýrið sem þú lentir í? „Það er erfitt að velja á milli allra ævintýrana. Þó verð ég að segja að ferðin á Gúrkueyjuna þar sem ég hitti elsku bestu gúrkuprinsessuna mína er í algjöru uppáhaldi. Við fórum í Bimmbamm Bimmbamm og allt.“

Hvernig lentirðu í Gaflaraleikhúsinu? „Það er stórundarlegt en mér skilst að íslenskir krakkar hafi ekki heyrt mikið um mig svo mér fannst kominn tími á að koma hingað og segja öllum Íslendingum frá sögunum mínum og ævintýrum. Gaflaraleikhúsið er besta og mikilvægasta leikhús í öllum heiminum svo mér fannst tilvalið að segja sögurnar mínar þar. Og það eru allir velkomnir til mín!“

Boltaleikurinn Yfir er skemmtilegur

Yfir fer þannig fram að kosið er í tvö lið sem raða sér síðan upp sitt hvoru megin við hús sem auðvelt er að henda bolta yfir. Kastað er upp á hvort liðið eigi að byrja og þegar boltanum er kastað þá er hrópað hátt og snjallt „yfir!“. Liðsmenn hinum megin við húsið reyna að grípa boltann og ef það tekst þá hrópar sá „gripið!“ og hleypur af stað eins hratt og hann getur í aðra hvora áttina í kringum húsið og reynir að hitta liðsmann úr hinu liðinu með því að kasta boltanum í hann.



Leikmenn hins liðsins hlaupa á flóttu og harðaspretti um leið og þeir heyrja hrópað „gripið“ og gera tilraun til að ná í kringum húsið án þess að fá boltann í sig. Sá sem fær boltann í sig neyðist til að ganga til liðs við lið leikmannsins sem skaut boltanum í hann. Flóttahlaupararnir vita aldrei í hvora áttina sá sem greip hleypur og geta því óafvitandi og frávíta hlaupið beinustu leið í fang hans. Þannig gengur leikurinn þar til annað liðið hefur tapað öllum sínum leikmönnum yfir til liðs „óvinarins“.

DRDENIM JEANSMAKERS

A MATTER OF LIFE AND DENIM™

LAUGAVEGI 7 & SMÁRALIND



**KISSY
GALLABUXUR
8.990 KR.**

www.facebook.com/drdenimiceland

Fyrirlestur

Ásbrú

Andrews Theatre

Sunnudaginn 25.mars kl. 16:00

Í form á 40 dögum



Lærðu að
hægja á öldrun,
léttast og forðast
lífstílsjúkdóma!
Í form á 40 dögum
inniheldur
verkefnabók,
DVD og CD.



„Jónína Ben er frábær leiðbeinandi um betri lífshætti og hollustu. Hugsun mín varðandi mat og heilbrigði er gerbreytt. Núna er ekkert „dras!“ í eldhúsinu og því fylgir bæði velliðan og betra útlit.“

Iðunn Angela Andrésdóttir,
60 ára kaupmaður.



„Á sjö mánuðum hvarf 21 kíló. Blóðsykurstöflunum fækkaði um helming. Astmi og liðagigt eru horfin. Jónína kenndi mér að skilja samspil mataræðis og heilsu, uppskrift að nýju lífi og ég er rétt að byrja.“

Fríða Magga Svavarsdóttir,
49 ára glerlistakona.



„Ég hef tvisvar verið í meðferð hjá Jónínu Ben sem hefur skilað góðum árangri. Hún hefur til að bera þekkingu og dýrmæta reynslu sem og einlægan og smitandi eldmóð sem þarf til að vekja fólk af værum blundi og hvetja til dáða.“

Bergþór Pálsson, 54 ára söngvari.

Aðgangur ókeypis

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. glansa, 6. gjaldmiðill, 8. sjór, 9. farvegur, 11. í röð, 12. kappsemi, 14. teygjudýr, 16. rás, 17. fjallaskarð, 18. fát, 20. kvað, 21. handa.

LÓÐRÉTT

1. listi, 3. í röð, 4. asfalt, 5. tímabils, 7. röndóttur, 10. er, 13. iðn, 15. sill, 16. iðka, 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. gljá, 6. kr, 8. mar, 9. rás, 11. rs, 12. ákefð, 14. amaba, 16. æð, 17. gil, 18. fúm, 20. ku, 21. arma.
LÓÐRÉTT: 1. skrá, 3. lm, 4. jarðvik, 5. alur, 16. æfa, 19. mm.
LAUSN: 1. listi, 3. í röð, 4. asfalt, 5. tímabils, 7. röndóttur, 10. er, 13. iðn, 15. sill, 16. iðka, 19. tveir eins.

Öfgafemínismi

BAKPANKAR
Atla Fannars
Bjarkasonar

Ummæli sem frú Vigdís Finnbogadóttir lét hafa eftir sér í vikublaðinu Monitor á fimmtudaginn hafa farið öfugt ofan í marga. Spurning um öfgafemínisma vakti hörðustu viðbrögðin, þó Vigdís hafi svarað henni á mjög yfirvegaðan hátt. Hún varar við öfgum, sem hún segir geta eyðilagt góðan málstað. Það er hárrétt hjá Vigdís, þó hvergi hafi verið gerð tilraun til að útskýra meintar öfgar.

ÖFGAR eru oft skilgreindar sem eitthvað sem fer út fyrir skynsamleg mörk. Jafnrétti í eðli sínu fer aldrei út fyrir skynsamleg mörk. Þess vegna er beinlínis hlægilegt að tala um öfgafemínisma. Fólki getur líka alveg verið ósammála, notað gífurlegi og viðrað skoðanir sem stangast á við almennt viðhorf, án þess að öfgar einkenni málflutninginn.

Einu sinni þótti eflaust öfgafullt að skrifa um sjálfsfróun, kvenna-knattspyrnu og kynlíf samkynhneigðra í víðlesnasta dagblað landsins. En ekki í dag. Þess vegna er furdulegt að sjá hversu auðvelt það er að raska ró fólks og fá það til að hrópa: „Öfgar!“

ÖFGAHÓPAR eru þekktir fyrir flest annað en að senda frá sér ályktanir og ræða málin á netinu. Fólki sem tilheyrir öfga-

hópum býr ekki heldur til myndaalbúm sem bendir fólki á það sem fólk segir á opinberum vettvangi. Loks þurfa rifrildi á netinu ekki að vera öfgafull. Það á að vera hægt að segja skoðanir sínar án þess að fá á sig stimpil.

PEGAR Femínistafélag Íslands stofnar vélhjólasmötökin Vagínur MC og byrjar að hafa í hótunum, stunda innbrot og fremja aðra glæpi í þágu málstaðarins, þá verður starfsemin komin út fyrir skynsamleg mörk. Þegar þekkt reðurtakn eins og Smáralind og tittlingurinn sem umlykur Fjölbrautaskólann í Breiðholti (skoðið á korti) verða sprengd í loft upp, þá getum við talað um öfgar. Og þegar þekktum körlum, sem hafa viðrað skoðanir sem hugnast ekki meðlimum Femínistafélagsins, verður rænt og þeir pyntaðir með dynjandi upplestri úr Píkusögum á meðan Run the World (Girls) með Beyoncé ómar úr öflugum hljómfutningstækjum, þá getum við bendlað samtökin við öfgar, þó hugtakið öfgafemínismi verði aldrei til.

FÓLK ruglar stundum saman því að vera öfgafullur og einfaldlega róttækur. Róttækt fólk vill komast að rót vandans. Það getur verið vont — prófið bara að fara í íþróttanudd. En öfgafullt fólk hlýtur að berjast fyrir öðru en jafnrétti, sem er mögulega skynsamlegasta hugtak sem ég þekki.



„ER ÞETTA GÁTA EÐA ER ÞETTA BRANDARI?“

Hótel Volkswagen

LEIKRIT EFTIR JÓN GNARR

Í leikstjórn Benedikts Erlingssonar

Frumskýning í kvöld!

Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Komdu á forsýningu í dag



Ef nýr Mazda CX-5 væri lenskur þá vær'ann pottpétt íslenskur!

Nýr Mazda CX-5 4WD er stórasti bíllinn í heimi í sínum flokki. Hann er ekkert annað en nýtt orð yfir yfirburði. Gæði Mazda CX-5 skara framúr því sem keppinautarnir geta boðið á þessu verði. Með Skyactiv spartækninni öðlaðist Mazda CX-5 4WD tæknilega yfirburði og var því kosinn besti bíllinn í sínum flokki af bílblaðamönnum Motorweek*. Mazda hefur einnig hlotið verðlaun fyrir háþrýstustu bensínvélina í Japan sem er lykillinn að sparneytni Mazda CX-5. Skiptu um bíl. Vertu Mazda. Komdu á forsýningu í Brimborg í dag: prófaðu Mazda CX-5 4WD - vertu stórstur á Mazda!

Það hrærir okkar stóra hjarta að sjá og heyra álit útlendinga á okkur og Íslandi. Þegar erlendir bílblaðamenn prófuðu Mazda CX-5 á Íslandi féllu þeir fyrir menningu okkar, náttúrunni og nýja sportjeppanum Mazda CX-5. Prófaðu líka. Horfðu á YouTube og komdu svo í Brimborg.

Sjáðu nýjasta sportjeppann

youtu.be/qCCd6gCGDqI




Eða leita á YouTube: CX-5 iceland

Sjáðu og heyrðu álit útlendinga á okkur og Íslandi á YouTube.

Prófaðu nýjan Mazda CX-5 4WD
Komdu á forsýningu í dag
Akureyri og Reykjavík
Opíó 12-16



NÝR MAZDA CX-5 INSPIRED BY ICELAND Á YOUTUBE



Mazda CX-5 4WD sportjeppi
2,0 bensín 160 hÓ, sjálfskiptur
Fáanlegur dísil.
Eldsneytisnotkun aðeins 6,6 l/100 km
Koltvísýringur CO₂ 155g/km
Verð kr. 5.590.000
Mánaðargreiðsla kr. 51.767**
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,79%

5.590.000
Tryggvabraut 5 Akureyri
Komdu á forsýningu
Bíldshöfða 8 Reykjavík

NÝR MAZDA CX-5 4WD

nature
whale watching
power

nightlife
zoomzoom

fire
raw
vikings
stunning
empty
pure
space
vacation
Harpa
environment
aqua
swimming
inspiration
plesure
puffin
cod
good price
geysers
widesness
low CO₂
green
diesel
saga
awesome



Tryggvabraut 5 Akureyri
Komdu á forsýningu
Bíldshöfða 8 Reykjavík



Komdu hingað
Mazda
Bíldshöfða 8
Opíó 12 til 16 í dag

Losaðu þig við gamla bílinn og fáðu þér nýjan Mazda



Öruggur staður til að vera á

*Motorweek sjá: http://www.motorweek.org/reviews/drivers_choice_awards/#/best_small_utility ** Miðað við óveröryggðan bílasamning til 7 ára og upptökubíll að verðmæti 2.500.000 kr. Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



SÉRSTAKT VEFUPPBÓÐ á keramik eftir Guðmund frá Miðdal hefst í dag á síðunni upp-
bod.is og og stendur til 11. apríl 2012. Á þessu uppboði eru keramikmunir sem aldrei áður hafa
sést á uppboði hjá Gallerí Fold eins og Maríuerlupar, Folald og Viti auk fjölmargra annarra muna.

HÁDEGISTÓNLEIKAR
ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
NORÐURLJÓSUM, HÖRPU
ÞRIÐJUDAGINN 27. MARS KL. 12.15



TÆLINGARSÖNGVAR
SERENÖÐUR OG MANSÖNGVAR

ÁGÚST ÓLAFSSON, BARÍTÓN
ANTONÍA HEVESI, PÍANÓ

AÐGANGUR
ÓKEYPIS



WWW.OPERA.IS

ÍSLENSKA ÓPERAN

Súldarsker sýnt í kvöld

Þeir sem misstu af leiksýningunni Súldarskeri eftir Sölkú Guðmundsdóttur geta bætt sér það upp í kvöld. Þá verður auka-sýning á verkinu sem frumsýnt var í janúar í fyrra. Sýningin hlaut mikið lof gagnrýnenda og áhorfenda og fékk hún tvær tilnefningar til Grímunnar á síðasta ári.



SÚLDARSKER Aðalbjörg Árnadóttir og Marianna Clara Lúthersdóttir í hlutverkum sínum.

Vænlegt leyndarmál. Tveimur aðkomukonum skolar upp á hið grámyglulega Súldarsker í ólíkum erindagjörðum. Koma þeirra setur samfélagið úr skorðum og hrindir af stað æsispennandi atburðarás.

Með hlutverk kvennanna fara Aðalbjörg Árnadóttir og Marianna Clara Lúthersdóttir en leikstjóri er Harpa Árnadóttir.

Vegna þess að hætta sýningum fyrir fullu húsi.

Verkið er ærslafull, tragí-kómísk ráðgáta sem gerist í einangruðu bæjarfélagi sem á sér ógnvænlegt leyndarmál.



VERK BERGPÓRU GUÐNADÓTTUR „Bergþóra sýnir hvað hún er ófsalega fingerð í sinni hönnun og hugarheimi með þessu verki,” segir Steinunn Sigurðardóttir um verk Bergþóru Guðnadóttur.


Numið staðar á tunglinu

„Starfi hönnuðarins má lýsa þannig að hann fer í eldflaug til tunglsins. Þegar þangað er komið fer hann að leika sér, fær alls konar brjálaðar hugmyndir og hugarmyndaflugið fær lausan tauminn. Svo þarf hann að fara til baka til að framleiða, setja vöruna í söluferli og finna út verðið á henni. En mig langaði til að stoppa hann á tunglinu.“

Svona lýsir Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður hugmyndinni að baki sýningunni Fingramál, sem nú stendur yfir í Hönnunarsafni Íslands, en þar er Steinunn sýningarstjóri. „Í valinu á hönnuðum valdi ég þá sem höfðu unnið í þróun eða vefnaði, hvort sem það voru listamenn, eins og Hrafnhildur Arnardóttir, eða vöruhönnuðir, eins og Volki. Ég vissi að þau myndu þekkja hvað þráðurinn gerir og hvað hann getur gert fyrir þá. Auk Hrafnhildar og Volka eiga Mundi, Bára Hólmgeirsdóttir, Bergþóra Guðnadóttir og Erna Einarsdóttir verk á sýningunni.

Steinunn segir það mikið frelsi fyrir fatahönnuði að fá að sinna sköpun sinni án þess að þurfa að hugsa um að úr eigi að verða vara. „Það er mjög mikilvægt fyrir hönnuði að fá að vinna svona af og til því það setur hugsunina í allt annað form. Með þessu móti fáum við að sjá betur inn í hugmyndaheim hönnuðanna,” segir hún. „Verkin sem þau sýna hafa leynst inni í skúmaskotum þeirra.“

Allir listamennirnir fengu litaspjald til að vinna með, sem öll



VERK BÁRU HÓLMGEIRSDÓTTUR „Hugarheimur Báru er víðamikill og ljóðrænn og skemmtilegur að horfa á. Ég vil sjá meira eftir hana,” segir Steinunn Sigurðardóttir um verk Báru Hólmgeirsdóttur.

voru í ljósum litum. „Það sést best í ljósum litum hvernig garnið virkar, hvernig þræðirnir og saumarnir liggja og hvernig skuggarnir falla,” útskýrir Steinunn.

Hún er yfir sig hrifin af útkomunni og segir alla listamennina hafa staðist ögrun hennar, sem sýningin hafi vissulega verið.

Fingramál er framlag Hönnunarsafnins á Hönnunarsafni Mars 2012 og stendur til 20. maí næstkomandi.

holmfridur@frettabladid.is

ÞÁSKAHÁTÍÐ

HÚSGAGNAHÖLLIN

BASTION Borðstofuborð B:90 L:180 H:75. Kr. **99.990**

MERIT borðstofustóll **20% AFSLÁTTUR**, fæst í gráu áklæði kr. **19.990** fullt verð 24.990.

TIFFANY Svefnsofi B:98 L:145 H:80. Kr. **119.990** fullt verð 149.990.

BASTION Sófaborð B:70 L:130 H:50. Kr. **59.990**


NÚNA 20% AFSLÁTTUR

0% VEXTIR
Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða

HÚSGAGNAHÖLLIN Bildshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200
OPIÐ Virka daga 10-18 • laugardaga 12-18 • sunnudaga lokað



LYKKJA FRÁ VOLKA „Lykkjan er upphafið að vinnu okkar með þráð, hvort sem það er ull, reipi eða stálvír. Lykkjan er jafnfjölbreytileg eins og efnin sem mynda hana,” segir í lýsingu á verkinu.



TRÖLLKONA Erna Einarsdóttir ímyndaði sér einhvers konar tröllkonu eða veru sem var búin að vera lengi í náttúrunni og dregur hluti á eftir sér við sköpun síns verks.

NÝR iPad KOMINN!

2 AF FYRSTU 100 FÁ ENDURGREITT



Stórkostlegur Retina skjár
5MP iSight myndavél
Ofurhratt þráðlaust net



tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-16



6 VERSLANIR
UM ALLT LAND

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 24. mars 2012

→ Fundir

15.00 Sögufélagið Húvetningur heldur aðalfund sinn í Fræðslusetrinu að Einbúastíg 2 á Skagaströnd sem hefst með fyrirlestri Þorláks Axels Jónssonar um rán Hollendinga á Skagaströnd 1686 og samskipti þjóðanna á 17.öld.

→ Sýningar

12.00 4Horn opna dyr sínar fyrir gesti og gangandi með sýningunni Formheimar. Þar leika mynstrin úr Íslensku sjónabókinni aðalhlutverk, en sýningin er samstarfsverkefni fyrirtækisins og hönnuðarins Ingibjargar Sigurðardóttur.

14.00 Guðrún Pálína Guðmundsdóttir opnar myndlistarsýninguna Faðirinn í

Flóru í Listagilinu á Akureyri.

16.00 Sýningin Tilvist opnar í Listasafni Reykjanesbæjar. Myndlistamaðurinn Jón Axel sýnir ný málverk og vatns-litamyndir.

→ Söfn

10.00 Safnahelgi verður haldin á Suðurnesjum. Ókeypis aðgangur verður á öll söfn og þá dagskrá sem í boði er. Dagskrá helgarinnar má nálgast á safnahelgi.is.

→ Umræður

14.00 Heimspekikaffihúsið verður á Horninu, Hafnarstræti 15. Umræðuefnið er Á maður alltaf að segja það sem manni finnst? Rætt verður um málfrelsi og hatursáróður. Allir velkomnir.

→ Kvikmyndir

16.20 Frumsýning verður í Menningar-

miðstöðinni Gerðubergi á heimildarmynd Kristins Arnar Guðmundssonar um Pál Guðmundsson á Húsafelli. Aðgangur er ókeypis.

→ Uppákomur

10.00 HönnunarMars heldur áfram. Dagskrána má sjá á honnunarmars.is.

14.30 Páskaeggja-Bingó verður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

→ Málþing

15.00 Málþing Sambands íslenskra myndlistarmanna verður haldið í fyrirlestarsal Listaháskóla Íslands að Skipholt 1, fyrstu hæð. Yfirskrift málþingsins er Starfsumhverfi myndlistarmanna.

→ Tónlist

14.00 Tónlistardagskrá verður í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, í telfni sýningar Páls á Húsafelli sem stendur

þar yfir núna. Tónleikarnir og sýningin eru tileinkuð minningu Thors Vilhjalms-sonar, rithöfundar.

17.00 Kammerkórinn Ópus er flytjandi á tónleikum í Seltjarnarneskirkju. Söngstjóri er Sigrún Sæmundsdóttir og meðleikari Bjarni Jónatansson.

23.00 Magnús Einarsson og Tómas Tómasson skemmta á Ob-La-Di Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

23.00 Agent Fresco, Vicky og Caterpillarmen spila á tónleikum á Gauk á Stöng. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og 20 ára aldurstakmark.

→ Leiðsög

14.00 Guðrún Tryggvadóttir myndlistarmaður leiðbeinir gestum í teikningu á sýningunni Ásjóna í Listasafni Arnesinga.

15.00 Hildur Ýr Jónsdóttir tekur þátt í leiðsög um sýninguna Rætur - íslensk

samtímaskartgripahönnun í Hafnarborg.

→ Fyrirlestrar

11.30 Eygló Harðardóttir alþingismaður verður gestur á laugardagssjalli Framsóknar að Hverfisgötu 33. Eygló ræðir um lífeyrissjóðina og hvort einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn væri hagkvæmur kostur. Heitt á könnunni og allir velkomnir.

12.30 Mímispjóning, málþing íslensku-nema við HÍ, haldið í fundarsal ReykjavíkurAkademiunnar í JL-húsinu, 4. hæð.

13.00 Þriðji fyrirlesturinn í fyrirlestaraðinni Panora - listir, náttúra og stjórnmál fer fram í Listasafni Íslands. Á þessum fyrirlestri ræða Rúrí og hinn sænski Jonatan Habib Engquist um verkefni sem þau hafa unnið að. Aðgangur er ókeypis.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

GIACOMO PUCCINI LA BOHÈME

HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR - GISSUR PÁLL GISSURARSON / ÞÓRA EINARSDÓTTIR - GARÐAR THÓR CORTES
ÁGÚST ÓLAFSSON - HRÓLFUR SÆMUNDSSON - JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR - BERGPÓR PÁLSSON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON - LEIKSTJÓRI: JAMIE HAYES
LEIKMYND: WILL BOWEN - BÚNINGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR - LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON



★★★★★

„Tímamótaviðburður í tónlistarlífinu“
- Jónas Sen, Fréttablaðið

★★★★★

„Frábær skemmtun og frammistaða“
- Ríkharður Örn Pálsson, Morgunblaðið

„Þarna verða til sannir töfrar...“

Maður tók andköf í glæsilegustu aríunum“
- Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„Bravo! Bravi! Bravissimo!“
- Ólafur Arnarson, pressan.is

★★★★★

- Hugo Shirley, Daily Telegraph, London

★★★★★

„Rosaleg upplifun... Sjónarspilið var magnað... Snilldarlega vel sett upp“
- Ingi Þór Jónsson og Kristjana Stefánsdóttir, Listræninginn á Rás 1

„Stórkostleg sýning í öllu tilliti... Sennilega besta uppfærsla sem ég hef séð hjá Íslensku óperunni“
- Helgi Jónsson, Viðsjá á Rás 1

Minum á kynningar á
La Bohème í boði Vinafélags
Íslensku óperunnar í Kaldalóni
kl. 19 hvert sýningarkvöld

NÆSTU SÝNINGAR:

LAUGARDAGINN 31. MARS KL. 20 - 3. SÝNING - UPPSELT

SUNNUDAGINN 1. APRÍL KL. 20 - 4. SÝNING - ÖRFÁ SÆTI LAUS

LAUGARDAGINN 14. APRÍL KL. 20 - 5. SÝNING - ÖRFÁ SÆTI LAUS

FÖSTUDAGINN 20. APRÍL KL. 20 - LOKASÝNING

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á WWW.HARPA.IS



ÍSLENSKA ÓPERAN



ENSK MENNING Halldór Baldursson teiknari teiknaði þessa mynd sem lýsir hræðslu við England og enska menningu.



ELDHÆÐSLA Halla Sólveig Þorgeirsdóttir á þessa teikningu sem sýnir Pyrophobíu, eða hræðslu við eld.

Fóbíu-teikningar í Bíó Paradís

„Þetta er skrápóttasta sýning sem ég hef séð og ekkert smá skemmtilegt verkefni,“ segir Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, teiknari og einn af skipuleggjendum sýningarinnar Phobophobia sem er í gangi í Bíó Paradís um þessa dagana.

34 íslenskir teiknarar tóku sig saman og slógu upp sýningunni, sem er myndræn framsetning undir þemanu Phobia. „Allir teiknararnir á bakvið sýninguna starfa sem teiknarar og hafa verið að myndskreyta barnabækur, auglýsingar, umbúðir og ég veit ekki hvað,“ segir Halla. Hver teiknari valdi sér eina fóbíu eða hræðslu til að túlka í verki sínu, og segir Halla vera allan gang á því hvort um alvarlegar eða myndar myndir sé að ræða en sýningin bjóði upp á allan skalan. „Það er gaman að sjá hvað

verkin eru ólík og gaman að gefa teiknurum, sem yfirleitt vinna með kúnna eða textahöfund, tækifæri til að vinna þetta verkefni algjörlega frá eigin brjósti,“ segir Halla.

Sýningarskráin er líka hluti af sýningunni, því hver teiknari teiknaði einn líkamspart í tengslum við sína fóbíu á spjöldin, sem gestir eru hvattir til að taka með sér heim, klippa út og búa til hræðilegt skrímsli. Hægt er að senda inn myndir af sínum skrímslum og vinnur sigurvegarinn áritað eftirprent úr sýningunni, að eigin vali.

Um er að ræða 34 verk, eitt frá hverjum teiknara, og eru öll verkin til sölu á heimasíðunni muses.is, Félag íslenskra teiknara styrkir sýninguna sem er hluti af HönnunarMars og er opin til 30.mars. - trs

PÁSKAVERÐ*

Miele

Miele þvottavél W1634
áður kr. 184.500
nú kr. 169.900

Miele þvottavél W1714
áður kr. 202.500
nú kr. 184.900

* á meðan bygðir endast



EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

FATAMARKAÐUR

SÍÐASTA OPNUNARHELGIN!
OPIÐ ALLA HELGINA FRÁ 11-18

50% OFF

SÍÐASTA
HELGIN

AF ÖLLUM CROCS-SKÓM,
DÖMU- OG BARNAFÖTUM!



CROCS-SKÓR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Fullorðins: Barna:

~~5.990~~

~~4.990~~

2.995

2.495

Allir sem versla fyrir 3.000 kr
eða meira fá sokkabuxur að gjöf!

ellos



crocs™

OPIÐ 11-18 ALLA HELGINA Í FELLSMÚLA 28

- við hlidina á Góða hirðinum



MINNKA LÍKUR Á SYKURSÝKI Nýjar rannsóknir frá Harvard-háskóla sýna að aukin neysla á bláberjum, eplum og perum minnkar líkur á sykursýki.



MEÐ SKALLA Vísindamenn hafa uppgötvað prótein sem getur valdið hármíssi. NORDICPHOTOS/GETTY

Prótein sem veldur skalla

HEILSA Bandarískir vísindamenn við háskólann í Pennsylvaníu hafa uppgötvað prótein sem getur valdið hármíssi. Þeir rannsökuðu sköllotta karlmenn og tilraunamýs og komu þá auga á þessi prótein.

Verið er að þróa lyf sem geta mögulega komið í veg fyrir hármíssi byggt á niðurstöðunum sem voru birtar í tímaritinu Science Translational Medicine. Í kjölfarið væri hægt að búa til krem við skalla. Flestir menn byrja að fá skalla um miðjan aldur og um áttatíu prósent manna byrja að missa hárið fyrir sjötugt, samkvæmt frétt BBC.

PILLAN, SMOKKURINN OG BLESSUÐ BÖRNIN

Kynlíf barna er viðkvæmt umræðuefni. Einstaklingar eru í lagalegum skilningi börn til átján ára aldurs og löglegur samræðisaldur er 15 ára. Nýtt frumvarp á þingi hefur valdið titringi því fjölmiðlar slógu því upp að 11 ára stelpur séu farnar að stunda kynlíf og þær vanti pilluna. Það er enginn að fetast út í að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fái að skrifa upp á pilluna, heldur er það þessi nálgun að kynlífi barna, stúlkna sérstaklega, sem pirrar mig.

KYNLÍF Lyfjafyrirtækin eru að þróa getnaðarvarnapillu handa karlmönnum. Í kynfræðslutíma spyr ég stelpurnar hvort þær muni treysta strák á pillunni og fæ alltaf sama svarið: Nei. Strákarnir þegja þunnu hljóði. Með tilkomu pillunnar þurftu konur ekki lengur að krossleggja fingur og treysta á að sáðfrumurnar lækju út áður en þær myndu eggjð. (Ef karlinn hefði bara drullast til að setja á sig smokkinn þá væri þetta lítið vandamál og enginn blautur blettur í rúminu). Í stað þess að veita aukid frelsi finnst mér pillan vera heftandi. Hún setur allar getnaðarvarnaskyldur á konuna og skilur hana eftir allsbera og opna fyrir kynsjúkdómum. Það er meira en getnaður sem getur fylgt samförum. Þetta ættum við, kynsjúkdómagróðrarstíán, að vita. Svo ekki sé farið út í mögulegar aukaverkanir þess að taka inn hormóna daglega. Þingid er víst að reyna að lækka virðisaukaskatt á smokkum, einu vörnina sem til er gegn kynsjúkdómum. Það er ekki nóg, hann þarf að vera hræðdýr og aðgengilegur börnum, auk stuðnings með aukinni kynfræðslu. Aðgengi að smokknum eykur ekki líkur á kyn-



KOMIÐ MEÐ Krakkar eiga að alast upp við að smokkur sé bara smokkur sem báðir aðilar bera ábyrgð á.

lífi, svo ekki hafa áhyggjur af því. Þó barnid þitt sé ekki byrjað að stunda kynlíf þá er það að hugsa um það.

Smokkurinn á undir högg að sækja á Ísland og þessu þurfum við að breyta. Ég bið foreldra að rifja upp þegar barnid spurði hvernig það hefði orðið til. Upphaf kynfræðslunnar. Smokkurinn hefði átt að vera hluti af þessum samræðum. „Smokkur er gúmmi sem er sett á typpið svo ekki verði til annað barn og svo typpið og pikan fái ekki flensu.“ Einfalt. Enginn blautur blettur og stelpur og strák-

ar alast upp við það að smokkur sé bara smokkur sem þau bæði beri ábyrgð á. Notkun verður hversdagslegur hlutur enda er kynlíf einmitt það. Nennið þið að koma í lið með mér? Ég skal útskýra þetta fyrir börnunum ykkar og aðstoða ykkur við að gera það líka!

KYNLÍF: ÞARFTU HJÁLP?

Sendu **Síggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is



Vorum að fá nýja sendingu af dásamlegu sumarlínunni okkar...

Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1931

Laugavegi 7

Opið: laugardaga frá 11-17
sunnudaga frá 13-18

SPÁNN

Sólarferðir

Costa Brava

Lloret de Mar á Costa Brava er nýr áfangastaður Express ferða á Spáni. Lloret de Mar er heillandi strandbær sem býður upp á frábæra og fjölskylduvæna afþreyingu; skemmtigarða, köfun, sólarstrendur, golfvelli og barnvæn leiksvæði.

Allar nánari upplýsingar á www.expressferdir.is

Trimar Apartments ★★ ★

Verð á mann í 7 daga, frá: **78.900 kr.**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Flogið út 8. júní.
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna frá kr. 88.900 kr.

[expressferdir.is](http://www.expressferdir.is)
5 900 100

Express ferðir

Segir Japani stóra

TÍSKA Fatahönnuðurinn Karl Lagerfeld er staddur í Japan um þessar mundir þar sem hann sýnir haustlínu Chanel á tískuvíkunni í Tokyo. Lagerfeld er þekktur fyrir óvægna hreinskilni sína og lét nokkur orð falla um japönsku þjóðina.

Lagerfeld heimsótti landið síðast fyrir átta árum síðan og þykir það hafa tekið nokkrum breytingum. „Ég tók eftir því að fólkid er stærra en áður vegna þess að það borðar meira af kökum og sætindum. Ég tók eftir því að útlit Japana hefur breyst mikið, áður voru þau lítil en nú eru þau falleg á þann hátt sem fólk sem borðar mikið af óhollustu er fallett.“ sagði hönnuðurinn í viðtali við WWD.



ÓVÆGINN Karl Lagerfeld segir Japani hafa stækkað mikið sökum kokuáts.

Kynlífsórar kvenna aukast

KYNLÍF Samkvæmt nýjum rannsóknum aukast kynlífsórar kvenna í kringum þann tíma tíðahringsins þegar egglos á sér stað.

Margar rannsóknir hafa áður bent á að kynlífslöngun og kynlífshegðun kvenna tengist því hvar þær séu staddar í tíðahríngnum, og hafa eldri rannsóknir meðal annars bent á að á þeim tíma sem egglos á sér stað er líklegra að konur þrái karlmannlegri og harðari karlmenn. Samkvæmt þessari nýju rannsókn, sem var leidd af Samönthu Dawson við Háskólann í Alberta í Canada, eru konur líka líklegri til að vilja kynlíf með fleiri en einum karlmanni á þessu tíma-bili tíðahringsins auk þess sem þær virðast gefa sér meiri tíma í að láta sig dagdreyma um sína villtustu kynlífsóra.

Samkvæmt rannsókninni, sem framkvæmd var þannig að fylgst var með 27 einhleypum, gagnkynhneigðum konum í heilan mánuð, eiga konur að meðaltali 0,77 kynlífsóra á dag, sem er töluvert hærra hlutfall en fyrri rannsóknir höfðu sýnt.



Kafaðu dýpra með HönnunarMars appinu

Allt um viðburði, hönnuði og hvert þú átt að fara, auk myndskaiða og aukaefnis.





2 SINNUM Á ÁRI á nýtt tímarit Carine Roitfeld, fyrrverandi ritstjóra franska Vogue, að koma út en fyrsta tölublaðið kemur út í september. Þema blaðsins er „tíska með frjálsligu yfirbragði“ að sögn Roitfeld.



FYLGIR FRÆGUM FAST EFTIR Hér má sjá Tommy Ton elta Önnu Dello Russo, ritstjóra japanska Vogue, uppi á tískuvíkunni í Milanó síðasta haust.



SLAUFA Bryan Boy í jakkafötum með velúrslauðu og í vínrauðum skóm en tiskubloggarinn er þekktur fyrir að vera litaglaður í fatavali.



PASTEL Hér sést bloggarinn Bryan Boy klæðast jakkafötum í sumarlitnum í ár, pastel bláum.



Í STUTTBUXUM Scott Schuman er þekktastur fyrir að taka fallegar götutísku myndir og birta á blogginu The Sartorialist. Hér er hann í stuttbuxum á tiskuvíkunni í Milanó síðasta sumar.



MED MYNDAVÉLINA Á LOFTI Ljósmyndarinn Tommy Ton er einn vinsælasti götutískuljósmyndari í heimi en myndirnar hans má sjá á vefsíðunni Style.com.



SKARTGRIPAHÖNNUÐURINN Waris Ahluwalia hefur vakið eftirtekt fyrir klæðaburð sinn á nýliðnum tiskuvikum en hér klæðist hann gráum jakkafötum við ljósa skó. NORDICPHOTOS/GETTY

HERRAMENNIRNIR SEM SÆKJA TÍSKUVÍKURNAR

TÍSKA Nokkrir herra menn eru fastagestir í helstu tiskuborgum heims á meðan á tiskuvíkunum stendur. Þar ber hæst nafn tiskubloggarans Bryan Boy sem fetar alla jafna ótroðnar slóðir í klæðavali. Ljósmyndararnir Tommy Ton og Scott Schuman eru yfirleitt með puttana á púlsinum í klæðaburði þrátt fyrir að vera uppteknir við að mynda götutískuna. Indverski skartgripahönnuðurinn Waris Ahluwalia hefur einnig vakið athygli tiskupressunnar fyrir einstaklega töffaralegan klæðaburð. Hér gefur að líta herra menn sem vekja eftirtekt.



TÓNLISTARVEISLA Í HÖRPU SUMARDAGINN FYRSTA
MÍÐASALA ER HAFIN Á HARPA.IS

Í SAMSTARFI VIÐ:

Cheerios

DKNY

BY MALENE BIRGER

GERARD DAREL

BRUUNS BAZAAR

KRISTENSEN DU NORD

FRENCH CONNECTION

VENT COUVERT

BROGDEN

UGG

BILLI BI

STRATEGIA

FREE LANCE

HUNTER

IMPERIAL

COMME des GARÇONS

20%
afsláttur
af öllum skóm
í dag

Hönnunarmars
í miðbænum

Opið til kl. 18
í dag

nýtt í evu

COMME des GARÇONS
kerti/ilmur

nýjar vorvörur



Dj Elettra Wiedemann heimspekt fyrirseta/frumkvöðull
spilar á milli kl. 16-17

eva

Laugavegi 26 | s.512 1715 | www.ntc.is | erum á facebook

Rotturnar flýja frá borði

Bíó ★★★★★

Margin Call

Leikstjórn: J.C.Chandor

Leikarar: Kevin Spacey, Paul Bettany, Jeremy Irons, Stanley Tucci, Demi Moore, Zachary Quinto, Penn Badgley, Simon Baker, Aasif Mandvi, Mary McDonnell

Þessi fyrsta mynd leikstjórans J.C. Chandor segir frá baktjaldamakki ónefnds fjárfestingabanka á Wall Street í árdaga efnahagskreppunum sem nú stendur yfir. Starfsmenn bankans fá veður af stóra skellinum rétt áður en hann dynur yfir, og standa

frammi fyrir siðferðislegum spurningum í kjölfarið. Eiga þeir að vara aðra við eða reyna að bjarga bankanum á kostnað þeirra sem vita ekki betur?

Viðskiptafræðimenntun er síður en svo nauðsynleg til að geta notið myndarinnar, en handritið (eftir Chandor sjálfan) er einfalt og þétt. Ógnin er undirliggjandi og viðhorf starfsfólksins misjöfn, líklega í einhverju samhengi við þeirra eigin tekjur. Það er deildarstjórinn Sam Rogers (leikinn af Kevin Spacey) sem er rödd samviskunnar og reynir af öllum mætti að breyta rétt, en uppsker vantraust og háðsglósúr samstarfsmanna sinna fyrir vikið. Leikarar hópurinn er ótrúlegur þó vissulega skyggi gömlu jálkarnir eilítið á ungvíðið. Spacey,

Irons, Tucci og Moore (hljómar eins og nafn á lögfræðistofu) eru öll í banastuði, og þá sérstaklega Irons, en hann er einkar ógeðfældur í hlutverki forstjórans.

Það er afar lítið um hamingju í stóra turninum sem hýsir bankann og svo virðist sem öllu hinu mannlega hafi verið úthýst. Þetta undirstrikar leikstjórinn með gráum og kuldalegum lit á öllum veggjum og í öllum skotum, en það er varla fallegan ramma að finna í myndinni. Margin Call tekur þrátt fyrir þetta ekki beina afstöðu gegn kapitalisma, þó hún dragi upp dökka og dapurlega mynd af fjármálageira dagsins í dag. Í það minnsta borðar forstjórinn alltaf einn.

Haukur Viðar Alfreðsson



DÖKK MYND Margin Call dregur upp dökka og dapurlega mynd af fjármálageira dagsins í dag.

Niðurstaða: Spannandi fjármáladrama, drekkhlaðið úrvalseikurum.

Einfaldar lausnir kristaltær hljómur

Beosound 8

Beosound 8 er hljómflutningstæki fyrir Iphone, Ipod eða Ipad tækið þitt.

Einnig er hægt að nota Beosound 8 sem hátalara fyrir tölvuna þína.


Kristaltær hljómur og tímalaus hönnun.

Veggfesting og fjarstýring fylgir.



PLAY

Beoplay er ný lína af vörum frá Bang & Olufsen sem gerir lífið aðeins einfaldara



A8 heyrnatól



Beolit 12

Beolit 12 er þráðlaus hátalari með innbyggðu Airplay, Meðfærilegt hljómflutningstæki með ótrúlegum hljómburði

Beolit 12 er endurhönnun á hinu vinsæla B&O beolit sem framleitt var á sjöunda áratugnum.



LADY GAGA Æfir stíft fyrir tónleikaferð sína um heiminn.

Æfir stíft fyrir tónleika

Lady Gaga hefur verið í stífum æfingum fyrir tónleikaferð sína um heiminn, Born This Way Ball, sem hefst í næsta mánuði. Fyrstu tónleikarnir verða í Seúl í Suður-Kóreu 27. apríl. Í tónleikaferðinni verður risastór miðaldakastali hluti af sviðsmyndinni.

„Fór í hot-yoga eftir æfingu. Er búin á því eftir dansæfinguna,“ skrifaði Gaga á Twitter-síðu sína. Hún bætti því við að hún saknaði skrímslanna sinna, sem er nafnið sem hún hefur gefið aðdáendum sínum.

Saman í ástarsenu

Sharon Stone og kólumbíska leiknonan Sofia Vergara úr sjónvarpsþáttunum Modern Family leika tvíkynhneigðar ástkonur í nýrri gamanmynd. Stone leikur lækni sem fer í ástarleik með Vergara og persónu úr fylgdarþjónustu sem John Turturro leikur. Myndin nefnist Fading Gigolo og hefst tölur í New York í apríl. Turturro verður einnig leikstjóri, auk þess sem annar kunnur leikstjóri, Woody Allen, fer með lítið hlutverk melludólgs.

Stone er ekki ókunnug lesbískum kvikmyndasenum því hún sengaði með konu í spennu-myndinni Basic Instinct og lék ástkonu Ellen DeGeneres í sjónvarpsmyndinni If These Walls Could Talk.

LEIKUR Á MÓTI
STONE Sofia Vergara leikur ástkonu Sharon Stone í nýrri gamanmynd.



BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík

Sími 581 1100, reykjavik@beostores.com

www.bang-olufsen.is

Opnunartími verslunar 10:00 - 18:00 alla virka daga • 11:00 - 14:00 laugardaga



ELSKAR POPP Uppáhaldsréttur Rihönnu um þessar mundir er örbylgjupopp. NORDICPHOTOS/GETTY

Elskar popp

Söngkonan Rihanna segist njóta þess að borða góðan mat en popp-korn er í mestu upphaldi hjá henni um þessar mundir.

„Uppáhaldsmaturinn minn þessa stundina er örbylgjupopp með smjöri. Þegar ég er í London er ég umkringd ekta mat frá Jamaíka og borða þess háttar mat á hverjum einasta degi,“ sagði söngkonan vinsæla í viðtali við tímaritið Women's Fitness.

Í öðrum fréttum af söngkonunni þá heldur vefmiðillinn TMZ.com því fram að Rihanna eigi vingott með hinum nýfráskilda Ashton Kutcher. Talsmenn beggja neita þó sögusögunum.

Breyttur texti frá San Marínó

San Marínó hefur nú lagt til nýjan texta við framlag sitt til Eurovision söngvakeppninnar í Baku í maí.

Um helgina var tilkynnt að textinn við lag þeirra Facebook Uh, Oh, Oh bryti í bága við reglur keppninnar þar sem boðskapur hans þótti auglýsa samskiptasíðuna of mikið. Fengu aðstandendur lagsins frest til föstudags til að skila inn nýjum texta, ellegar vera dæmd úr keppni.

Texta lagsins hefur nú verið breytt og hvergi er minnst á Facebook í honum, en minnst var á heiti síðunnar ellefu sinnum í gamla textanum. Myndbandinu hefur einnig verið breytt lítillega og nafn Facebook sést nú hvergi í því.

Allir sem þekkja til síðunnar kannast þó eflaust vel við umhverfi myndbandsins, þar sem það gerist að miklu leyti á Facebook-síðu söngkonunnar Valentinu Monetta.

Lagið heitir nú Social Network Song (OH OH - Uh - OH OH) og þó boðskapurinn sé sá sami og í fyrri textanum virðist það þó sleppa framhjá reglunum að þessu sinni.

San Marínó keppir í sömu undanúrslitakeppni og við Íslendingar, þann 22. maí, og verður ellefta atriði á sviði. Það eru því miklar líkur á að Jónsi og Greta Salóme eigi eftir að rekast á Valentinu í Baku. Spurning hvort þau komi til með að verða Facebook vinir í kjölfarið. - trs



SMÁVÆGILEGAR BREYTINGAR Texti lagsins Social Network Song (OH OH - Uh - OH OH) fjallar enn um samskiptasíðuna Facebook, en nefnir hana ekki á nafn og sleppur því framhjá reglum keppninnar að þessu sinni.

75 | ÁR Á FLUGI



SÓLIN ER KOMIN Í BÆINN VERIÐ VELKOMIN Á SPÁNARKYNNINGU

Kringlunni, laugardaginn 24. mars, kl. 11:00–17:00

ALICANTE

PARADÍS ALLRA SEM ELSKA AÐ VERA Í SÓL.

Hér er hægt láta sér líða vel á freistandi baðströnd á Costa Blanca, kæla sig í blátærum öldum, snæða ljúffengan mat í hlýju kvöldrökkri og njóta þess að vera til undir suðrænum næturhimni.

BARCELONA

EINSTÖK, SPENNANDI OG FALLEG.

Það er í Barcelona sem þú getur rölt niður breiðgötuna Las Ramblas, farið í lautarferð í Gaudi-garðinn, skoðað dómkirkjuna frægu, La Sagrada Familia, og brugðið þér á sólbaðsströnd í miðri borg.

MADRID

FORMLEG, SEIÐANDI OG GNEISTAR AF FJÖRI.

Hérna bíða þau eftir þér, torgin, iðandi af lífi: Plaza Mayor, Plaza del Sol og Santa Ana; listasafnið viðfræga El Prado, Retro lystigarðurinn; spænskar krásir, djass á litlum krám og – ef til vill – seiðandi augnatillit í ástríðuþrungnum flamengó.

+ Bókaðu Spánarferðina á www.icelandair.is

SKÓ MARKAÐUR

Teg. 421



St. 40-46 Verð 7.295.-

Teg. 1611



St. 41-46 Verð 12.995.-

Teg. 9882



St. 41-46 Verð 7.595.-

facebook.com/xenaskoverslun

Opið
mánud-föstud. 11-18
laugard. 11-16

XENA

Grensásvegur 8
Sími: 517 2040

ICELANDAIR

ADAM JENNIFER JON KRISTEN MAYA CHRIS MEGAN EDWARD
SCOTT WESTFELDT HAMM WIIG RUDOLPH O'DOWD FOX BURNS

**Kristen Wiig, Jon Hamm,
Maya Rudolph og Chris O'Dwod úr**

BRIDESMAIDS

**eru æðisleg
í þessari frábæru gamanmynd**



„SCOTT EFFORTLESSLY STEALS THE SHOW“

– L.S. EW.com



**„FRIENDS WITH KIDS IS THE BEST BREEDER
MOVIE IN YEARS“**

– D.E. NEW YORK MAGAZINE



„SEXY, SOPHISTICATED AND SAVVY“

– P.H. Boxoffice Magazine



„KRISTEN WIIG IS SERIOUSLY GOOD“

– P.T. ROLLING STONE

friends with kids



SAMBÍÓN
EGILSHÖLL

KOMIN Í BIÓ

SAMBÍÓN

UM LAND ALLT



GUNNAR NELSON verður á ferðinni í Mjólniskastalanum í dag þegar glímumótið Mjólnir Open fer fram. Mótið hefst klukkan 11.00. Íslandsmótið í júdó fer einnig fram í dag og hefst keppni klukkan 10.00 og stendur fram yfir kaffi. Söngvarinn Geir Ólafsson mun taka á honum stóra sínum eftir klukkan 13.00.



ÁGÚST ÞÓR Segir að stelpurnar eigi skilið að fá góðan stuðning.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ágúst Þór Jóhannsson:

Vil sjá fullt hús á leiknum

HANDBOLTI Stelpurnar okkar mæta Sviss öðru sinni á nokkrum dögum á morgun. Leikurinn er liður í undankeppni EM og þarf íslenska liðið sárlega á sigri að halda.

Stelpurnar töpuðu fyrstu tveimur leikjum sínum í riðlinum en komust á sigurbraut fyrir helgi en þær lögðu svissneska liðið ytra.

Til þess að eygja raunhæfan möguleika á að komast í lokakeppni EM þurfa þær að vinna leikinn í Vodafone-höllinni á morgun.

„Þessi leikur er afar mikilvægur og það skiptir okkur miklu máli að finna fyrir góðum stuðningi. Það hjálpar liðinu mikið,“ sagði Ágúst Þór Jóhannsson landsliðsþjálfari.

„Það hafa verið að mæta 700-800 manns á þessa leiki hjá okkur en nú vil ég sjá fullt hús. Ég tel að stelpurnar eigi það skilið að fólk fjölmenni og fylli húsið. Ég get alveg lofað góðri skemmtun fyrir þá sem mæta á leikinn.“

Stelpunum okkar gekk illa að hrista af sér svissneska liðið í síðasta leik en hafði að lokum öruggan sigur. Þær mega því ekki gefa nein færri á sér í leiknum.

Petta tilboð var brandari

Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR, segir lánstilboð Sogndal í Skúla Jón Friðgeirsson hafa verið hlægilegt. Honum líst mjög illa á þá þróun að norsk lið vilji fá bestu íslensku strákana lánaða fyrir litlar upphæðir.

FÓTBOLTI Það virðist vera orðin lenska hjá norskum knattspyrnufélögum að vilja fá bestu leikmenn Pepsi-deildarinnar lánaða. Nú þegar er norska liðið Start búið að fá Matthías Vilhjálmsson frá FH og Guðmund Kristjánsson frá Breiðabliki að láni. Þeir eru tveir af betri mönnum deildarinnar.

Nú síðast sendi norska úrvalsdeildarliðið Sogndal lánstilboð til KR vegna varnarmannsins Skúla Jóns Friðgeirssonar.

„Tilboðið frá þeim var brandari. Maður nánast sigldi inn í helgina með bros á vör því það var svo hlægilegt,“ sagði Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR, en KR-ingar sendu Sogndal gagntilboð sem var á allt öðrum nótum.

Maður nánast sigldi inn í helgina með bros á vör því tilboðið frá þeim var svo hlægilegt.

KRISTINN KJÆRNSTED
FORMAÐUR KND. KR

Kristni líst ekki á þessa þróun sem er að verða að Norðmenn vilji fá bestu menn landsins að láni.

„Ég hef ákveðnar áhyggjur af þessu án þess að ég viti hvað FH og Blikar fengu. Við erum ekki að fara að taka þátt í þessum leik. Þetta er bara brandari. Það er ekki hægt að orða það öðruvísi. Nú ára sonur minn hefði getað svarað því til baka mjög pent,“ sagði Kristinn og bætti við: „Ef þetta er nýjasta útspilið þeirra að nálgast íslensk lið með það að leiðarljósi að fá leikmenn leigða þá tel ég þá vera á rangri leið. Þetta pirrar mann.“

Hafi FH og Blikar leigt sína menn á frekar lága upphæð og ætli



SKÚLI JÓN FAGNAR Í LEIK MEÐ KR Hann hefur vakið áhuga erlendis en fer ekki á gjafverði til Noregs.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

svo að taka útlendinga til að fylla þeirra skarð má gera ráð fyrir að ágóðinn á endanum sé lítill eða enginn.

„Sogndal vildi líka fá mögulegan forkaupsrétt. Þá er ákveðin tala negld niður. Segjum að leikmaður slái svo í gegn að fleiri lið komi inn og eru til í að borga mun meira. Þá lenda íslensku liðin í því að vera föst í minni upphæð sem áður var búið að semja um. Ef leikmaður getur ekkert þá kemur viðkomandi heim og lítið sem íslensku liðin græða á því. Þetta er ekki

mjög spennandi að mínu mati.“

Kristinn segir að þess utan hafi KR ekki neinn áhuga á að missa Skúla sem sé lykilmáður í þeirra liði.

„Við höfum ekki áhuga á að lána eða leigja hann. Auðvitað erum við samt til í að skoða ef það kemur áhugavert tilboð. Engu að síður er spennandi tímabil fram undan hjá okkur. Þurfum að verja titla og erum í Evrópukeppni. Eðlilega viljum við hafa okkar bestu menn í því verkefni.“

henry@frettabladid.is



HART OG LAMPARD Man. City og Chelsea spila bæði í dag.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Man. Utd hvílir um helgina: City getur komist á toppinn

